

TÍMARIT

Félagsráðgjafa

www.felagsradgjof.is

5

Glímir
geðlæknis-
fræðin við
hugmyndafræði-
lega kreppu?



34

Er
barnavernd-
inni
treystandi?



47

Er virkni
forsenda
velferðar en
skortur á
henni mann-
réttindabrot?

Fagráð Tímarits félagsráðgjafa

Nafn

| | |
|--------------------------------|-----------------------------|
| Erlent/alþjóðlegt samstarf | Anni Haugen |
| Barnavernd | Dóra Júlíussen |
| Fjölmenning | Edda Ólafsdóttir |
| Fjölskylduráðgjöf | Elisabet Berta Bjarnadóttir |
| Stjórnun | Ella Kristín Karlsdóttir |
| Siðfræði | Erla Þórðardóttir |
| Fjölmenning | Guðbjörg Ottósdóttir |
| Skólafélagsráðgjöf | Guðrún Sederholm |
| Sjálfstætt starfandi | Hanna Lára Steinsson |
| Siðfræði | Helga Sól Ólafsdóttir |
| Sjálfstætt starfandi | Helga Þórðardóttir |
| Menntun, sérhæfing og fagþróun | Hervör Alma Árnadóttir |
| Félags- og velferðarþjónusta | Hildur Bergsdóttir |
| Skólafélagsráðgjöf | Hjördís Árnadóttir |
| Heilbrigðisvið | Inga María Vilhjálmisdóttir |
| Réttarfélagaráðgjöf | Íris Eik Ólafsdóttir |
| Áfengis- og vímuefnasvið | Jóna Margrét Ólafsdóttir |
| Fjölskylduráðgjöf | Karl Marinósson |
| Stjórnun | Kristján Sturluson |
| Fötlunarsvið | María Jónsdóttir |
| Erlent/alþjóðlegt samstarf | Ragna Guðbrandsdóttir |
| Félags- og velferðarþjónusta | Rannveig Einarsdóttir |
| Heilbrigðisvið | Sigurlaug Hauksdóttir |
| Réttarfélagaráðgjöf | Snjólaug Birgisdóttir |
| Endurhæfing | Sverrir Óskarsson |
| Áfengis – og vímuefni | Þórarinn Þórsson |
| Menntun, sérhæfing og fagþróun | Þórhildur Egilsdóttir |

Móttaka efnis

Heimilt er að senda inn efni til birtingar í *Tímarit félagsráðgjafa* á hvað tíma sem er, en síðasti skiladagur efnis fyrir næsta tölublað er 15. október.

TIL HÖFUNDA

Greinar og annað efni skal sent á rafrænu formi til ritstjóra Sigrúnar Júlíusdóttur, sigjul@hi.is. Tekið skal fram hvort greinarhöfundur hugsar sér handritið til almennrar birtingar eða óskar að fá það ritrynt. Efni sem óskast ritrynt skal vera nýtt og ekki hafa verið birt annars staðar. Höfundarnafn með upplýsingum skal sett á (ótölusett) sérblað framan við greinina. Áður en grein er send skal höfundur hafa kynnt sér rækilega leiðbeiningar um frágang.

Almennt. Efni sem birtist í *Tímariti félagsráðgjafa* skal á einhvern hátt tengjast félagsráðgjöf (rannsóknnum, fagþróun, hugmyndafræði, siðfræði, þjónustuþróun, stefnumótun o.s.frv.). Það skal að jafnaði ekki hafa birst sem slíkt áður.

Tímarit félagsráðgjafa kemur að jafnaði út einu sinni á ári í prentuðu formi og jafnframt vefrænt (opinn aðgangur). Höfundar skulu fylgja leiðbeiningum *Gagnfræðakversins* um heimildameðferð, tilvitnanir og frágang.

Útdráttur (abstract) skal fylgja handriti. Þar skal gerð hnitmiðuð grein fyrir markmiði, efnistöfum og innihaldi greinar ásamt niðurstöðum í hnotskurn. Gefa skal upp 3–5 lykilorð sem vísa til meginefnis og áherslu. Hámarks lengd er **180 orð**. Útdráttur skal vera bæði á íslensku og ensku á sama blaði.

Málfar og textameðferð. Vandað skal til rökleggrar samningu texta, málvars og frágangs. Eingöngu er tekið við handritum sem eru vandlega yfirfarin hvað varðar stafsetningu, stafavillur/brengsl og meðferð íslensks máls. Mælst er til að greinarhöfundar hafi að lokinni samningu fengið nákvæman yfirllestur á handrit sitt, bæði málvar og textameðferð áður en það er sent til ritstjórnar. Sé vitnað í erlendar málgreinar skulu þær að jafnaði þýddar á íslensku. Sé vísað til erlendra orða skal nota íslenskt orð í lengstu lög en vísa má til erlenda orðsins í sviga, t.d. líkan (e. model), með e. fyrir ensku, d. fyrir dönsku o.s.frv. Höfundum er bent á að beina þökkum til styrkveitenda og yfirlæsara.

Lengd, letur og línubil. Miðað er við 12–14 bls. eða 4500 orð að meðtöldum heimildalista og útdráttum. Nota skal 12 p letur en heiti erindis með 16 p letri og millifyrirsagnir með 14 pt letri. Nota skal 1,5 línubil. Spássía skal vera 2 cm og texti fulljafnaður. Nota skal Times New Roman leturgerð. Skjölín skulu vera vistuð í Microsoft Word. Allar myndir sem eiga að birtast í texta skulu sendar sem sérstök skjöl (pdf/jpg) þar sem bæði er að finna myndir og þau tölugildi sem myndin byggist á. Forðast ber neðanmálgreinar en setja slíkan texta frekar í sviga.

4 Frá ritstjóra

FAGIÐ OG FRÆÐIN

Ritrýndar greinar

5 Steindór J. Erlingsson MSc, PhD
Glímir geðlæknisfræðin við hugmyndafræðilega kreppu?
Um vísindi og hagsmuni

15 Guðrún Jónsdóttir, félagsráðgjafi MA,
Yfirfélagsráðgjafi Fjölskyldu- og fræðsluviðs
Vestmannaeyja
Sýnileiki barnsins í barnaverndarmálum
fyrir dómstólum

22 Sigurlaug Hauksdóttir, MA, félagsráðgjafi
Áhrif alnæmisfaraldursins á ungar
stúlkur í Úganda, rofin fjölskyldutengsl

Almennar greinar

32 Gyða Hjartardóttir, félagsráðgjafi, MA
Félagsþjónustufulltrúi Sambands íslenskra
sveitarfélaga
Félagsráðgjöf á vettvangi
félagsþjónustu sveitarfélaga

34 Anni G. Haugen, MA, lektor í félagsráðgjöf
Er barnaverndinni treystandi?

39 Guðný Björk Eydal, félagsráðgjafi, prófessor
við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands
og Lena Hrönn Marteinsdóttir, MA nemi í
félagsráðgjöf
Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og kröfur
um virkni viðtakenda

Af vettvangi

44 Guðrún Elva Arinbjarnardóttir, félagsráðgjafi
Skólafélagsráðgjöf

46 María Jónsdóttir, félagsráðgjafi, MA
Þjónusta og fræðsla fyrir
proskahamlaða

47 Pröstur Haraldsson blaðamaður
Er virkni forsenda velferðar en skortur
á henni mannréttindabrot?

ÚTGÁFUR OG NÝPEKKING

51 Bókakynningar
Bókaumfjallanir

FÉLAGIÐ

53 Valgerður Halldórsdóttir framkvæmdastjóri FÍ
Fag- og landshlutadeildir
Félagsráðgjafafélags Íslands

57 Rætt við Vilborgu Oddsdóttur, Félagsráðgjafa
ársins 2011 eftir Valgerði Halldórsdóttur
„Hlutverk talsmannsins er mikilvægt“

Tímarit félagsráðgjafa 5. árg. apríl, 2011

Ritstjóri og ritstjórn:

Ritstjóri: Sigrún Júlíusdóttir

Aðrir í ritstjórn: Halldór Sig. Guðmundsson og Páll Ólafsson

Útgefandi: Félagsráðgjafafélag Íslands

Ábyrgðarmaður og fulltrúi FÍ: Valgerður Halldórsdóttir

Prentvinnsla: Oddi umhverfsvottuð prentsmiðja

ISSN: 1670-6749

TÍMARIT
Félagsráðgjafa

www.felagsradgjof.is

Frá ritstjóra

Það var með nokkurri eftirvæntingu að Tímariti félagsráðgjafa var hleypt af stokkunum fyrir um rúmum tveimur árum með nýjum seglum, breyttu siglutré og kompási sem beindist að nýjum miðum. Ritstjórnin myndaði fljótt nokkuð samstillta áhöfn sem stefndi að því að skapa félagsráðgjöfum á Íslandi eigin fræðilegan vettvang. Hann skyldi þjóna að minnsta kosti tvíþættum tilgangi. Annars vegar var hugmyndin sú að með tímaritinu gætu félagsráðgjafar mótað sína eigin „menningarmiðstöð“ til að efla samkennd og styrkja innviði stéttarinnar. Hins vegar yrði tímaritið vettvangur til að kynna rannsóknir, birta niðurstöður þeirra og fjalla um margvíslegan afrakstur sérhæfðra starfa. Er þar m.a. átt við skýrslur um fagleg málefni, nefndarálit og greinargerðir er varða félagslegar úrbætur og stefnumótun og hafa verið færðar í fagfræðilegan búning. Með því myndi fræðileg staða greinarinnar styrkjast, í eigin þágu og annarra. Þá er ónefndur sá þáttur sem snertir þjóðfélagsumræðu, þ.e. að Tímarit félagsráðgjafa spegli hræringar líðandi stundar, það sem er efst á baugi í faginu og varðar hagsmuni almennings og skjólstaðingahóp félagsráðgjafa.

Fyrsta heftið var afhent félagsmönnum á hátíðarsamkomu í Félagsráðgjafarfélagi Íslands í júní 2010, og féllu þá nokkur orð meðal viðstaddra um álitlegan skapnað og ásýnd hins nýfædda barns. Viðbrögð aðspurðra þegar frá leið voru almennt jákvæð – en ekki mikil eða sterk. Freistandi er að grípa til málsháttarins Þögn er sama og samþykki! En til þess að velkjast ekki í vafa er nú ráðgert að senda í kjölfar þessa heftis út könnun til félagsmanna um álit þeirra, sýn og tillögur varðandi tímaritið.

Í undanfara 2010-heftisins hlutaðist ritstjórn TF um að haldið var námskeið um ritun fræðigreina. Það var ekki takmarkað við undirbúning birtingar á íslenskum vettvangi heldur jafnframt í erlendum, sérhæfðum og viðurkenndum tímaritum, sem jafnan eru ritrýnd. Tímarit félagsráðgjafa er að hluta ritrýnt og vill geta mætt óskum greinahöfunda um slíka efnismeðferð, bæði þeirra vegna og ekki síður til að auka fræðileg gæði tímaritsins. En æfðir ritrýnar eru ekki á hverju strái svo að í undanfara þessa heftis var efnt til annars námskeiðs – um ritrýni. Undirrituð sá um undirbúning og kenngslu ásamt Halldóri S. Guðmundssyni. Nokkrir af þeim sem sóttu námskeiðið hafa þegar tekið að sér ritrýni. Greinilegur áhugi er meðal félagsráðgjafa á þjálfun bæði í ritun og ritrýni fræðigreina. Því er nú stefnt að því að endurtaka námskeiðin meðan eftirspurn er og lágmarksfjöldi er náð.

Mikil gróska er í útgáfu tímarita á fræðasviðum sem tengjast félagsráðgjöf, og er það fagnaðarefni. Nýtt íslenskt tímarit á sviði félagsvísinda, Íslenska Þjóðfélagið, hóf göngu sína í ársbyrjun og norræna tímaritið Nordic Journal of Social Research er væntanlegt á næstunni. Fleiri tímarit skapa fagfólki aukna möguleika á að birta greinar sínar á viðeigandi vettvangi og eiga þar eitt-hvert val. Það skiptir máli að einskorða sig ekki við eigin tímarit. Opnun og virk samræða milli fag- og fræðihópa víkkar sýn og eykur gagnkvæma virðingu þeirra á milli. Það er líka áskorun að gefa út tímarit í jákvæðri samkeppni við aðrar útgáfur því það kallar á að skerpa yfirbragð sitt og snerpa kröfur. Því fleiri greinar sem berast Tímariti félagsráðgjafa, innan faghópsins sem utan, því meiri gróska og möguleikar að velja úr.

Í heftinu sem hér birtist hefur tekist að halda settu markmiði um fjölbreytni. Ritrýndu greinarnar eru þrjár. Greinar Anníar G. Haugen og Guðrúnar Jónsdóttur fjalla báðar um barnavernd frá ólíkum sjónarhornum, efni sem snertir samfélagsumræðu og stöðu fagfólks. Sigurlaug Hauksdóttir birtir niðurstöður rannsóknar sinnar á alnæmi meðal unglingsstúlkna í Úganda og tengir þær störfum félagsráðgjafa á alþjóðavettvangi. Þá er grein Steindórs J. Erlingssonar vísindasagnfræðings snörp ádeila á lyfjaiðnaðinn, ávísanir lækna og ábyrgð annarra fagstétta á að gæta hagsmuna skjólstaðinga í því samhengi. Það er sérstakur fengur að þessari vel undirbyggðu og beittu grein og vonandi berst Tímariti félagsráðgjafa áfram slíkt efni frá öðrum fræðigreinum. Að þessu sinni eru tvær almennar fagfræðilegar greinar í heftinu. Í grein Gyðu Hjartardóttur segir frá starfsemi Sambands íslenskra sveitarfélaga og nýstofnuðu starfi félagsmálafulltrúa sem hún gegnir. Grein Guðnýjar Bjarkar Eydal og Lenu Hrannar Marteinsdóttur byggir á meistararitgerð Lenu um fjárhagsaðstoð og virkni. Auk hinna föstu liða um nýþekkingu, fréttir af sérsviðum o.fl. er spennandi umfjöllun Þrastar Haraldssonar blaðamanns um það sem er efst á baugi í samfélags- og fagumræðu um þessar mundir, þ.e. atvinnuleysi, virkni og velferð, og kallast þar umræðan á við grein Guðnýjar og Lenu.

Mér ljúft að þakka Þorvaldi Kristinssyni fyrir ánægjulegt samstarf og vandaðan yfirlestur á handritum og próförkum. Jafnframt er Félagsráðgjafafélaginu og öðrum sem lagt hafa hönd á plóg þökkud góð samvinna um að gera þetta hefti sem best úr garði.

Sigrún Júlíusdóttir, ritstjóri



Glímir geðlæknisfræðin við hugmyndafræðilega kreppu?

Um vísindi og hagsmuni

Steindór J. Erlingsson MSc, PhD
vísindasagnfræðingur



Útdráttur

Á undanföllum árum hefur sú mynd framfara, sem dregin hefur verið af geðlæknisfræðinni undanfarna þrjá áratugi, sætt vaxandi gagnrýni. Sumir geðlæknar ganga raunar svo langt að tala um að hugmyndafræðileg kreppa ríki innan greinarinnar. Er þetta m.a. rakið til ofuráherslu á líffræðilegar skýringar á orsökum geðraskana og mikillar notkunar geðlyfja. Flokkunarkerfi geðlæknisfræðinnar virðist einnig vera hluti af vandanum. Það virðist hafa valdið því að fjöldi þeirra einstaklinga, sem hægt er að greina með geðröskun, hefur aukist verulega og við það hefur markaður lyfjafyrirtækja vaxið mjög. Á undanföllum áratugum hefur lyfjafyrirtækin farið fram með slíkum þunga við markaðssetningu nýrra lyfja að vísindalegur heiðarleiki hefur alltof oft vikið fyrir markaðshagsmunum. Með þessu móti hefur heilbrigðisstarfsfólk verið afvegaleitt, að ekki sé talað um almenning og þá sem neyta lyfjanna. Í þessari umfjöllun verður litið nánar á þessa þróun og kannað hvað hæft er í kreppuhugmyndinni.

Lykilorð: Geðraskanir, flokkunarfræði, geðlæknisfræði, geðlyf, lyfjafyrirtæki, afvegaleiðing, gagnrýni.

Abstract

In recent years the notion that psychiatry has experienced significant progress during the past thirty years has witnessed increasing criticism. Some psychiatrists even argue that an intellectual crisis exists within the field. This is tied e.g. to the dominance of biological explanations as the cause of mental disorders and over-prescription of psychotropic drugs. Psychiatry's nosological system also seems to be part of the problem. It seems to have contributed to a significant increase in the number of individuals that can be diagnosed and in the process opened up a big market for the pharmaceutical industry. In recent decades the marketing efforts of the industry have been so aggressive that too often scientific integrity has given way to commercial interests. As a result, health professionals have been deceived, not to mention consumers and the general public. This paper explores these issues and examines the worth of the crisis thesis.

Keyword: mental disorders, nosology, psychiatry, psychotropic drugs, pharmaceutical industry, deception, criticism.

Inngangur

Í nýrri bók sagnfræðingsins Gerald N. Grob og félagsfræðingsins Allans Horwitz benda þeir á að á undanföllum áratugum hafi það of oft gerst innan læknisfræðinnar að talsvert bil sé á milli staðhæfinga um orsakir sjúkdóma, greiningu þeirra og meðferð, og sönnunargagnanna sem eiga að styðja staðhæfingarnar (Grob og Horwitz, 2010). Einn kunnasti sérfræðingur samtímans í mati á áreiðanleika læknisfræðilegra rannsókna, gríski læknaprófessorinn John Ioannidis, tekur í sama streng í nýju tímaritsviðtali, en þar er haft eftir honum að allt að 90% þeirra rannsókna sem læknar styðjast við séu gallaðar (Freedman, 2010). Það þarf því ekki að koma á óvart að sú mynd framfara sem dregin hefur verið af geðlæknisfræðinni undanfarna þrjá áratugi hefur sætt harðri gagnrýni (Bentall, 2009; Shorter, 2009; Whitaker, 2010). Sumir geðlæknar ganga raunar svo langt að tala um að hugmyndafræðileg kreppa ríki innan greinarinnar (Carlat, 2010; Moncrieff, 2008a). Nýverið benti geðlæknirinn Giovanni A. Fava á að á undanföllum árum hafi kreppan fyrir alvöru orðið sýnileg. Fava rekur þessa þróun m.a. til ofuráherslu á líffræðilegar skýringar á orsökum geðraskana og mikillar notkunar á geðlyfjum sem virðist að mestu leyti afsprengi hinnar líffræðilegu áherslu (Fava, 2006). Kerfið sem geðlæknisfræðin hefur byggt upp til þess að flokka og greina geðraskanir, virðist einnig vera hluti af vandanum. Það virðist hafa valdið því að fjöldi þeirra einstaklinga, sem hægt er að greina með geðröskun, hefur aukist verulega og þar með opnað stóran markað fyrir lyfjafyrirtækin. Hér liggur hundurinn grafinn. Á undanföllum áratugum hefur lyfjafyrirtækin farið fram með slíkum þunga í markaðssetningu á nýjum lyfjum að vísindalegur heiðarleiki hefur vikið fyrir markaðshagsmunum. Með þessu móti hafa geðlæknar og annað geðheilbrigðisstarfsfólk, sem langflest er vel þenkjandi og lætur sér annað um skjólstaðinga sína, verið afvegaleitt, að ekki sé

talað um almenning og þá sem neyta lyfjanna. Í þessari umfjöllun verður litið nánar á þessa þróun og kannað hvað sé hæft í kreppuhugmyndinni.

Liggur geðið í líffræðinni?

Undanfarna áratugi hafa líffræðilegar tilgátur um orsakir geðraskana smátt og smátt orðið ráðandi í rannsóknum innan geðlæknisfræðinnar og þannig ýtt til hliðar hugmyndum um að þættir í umhverfi einstaklingins ráði mestu um tilurð geðraskana. Þessar rannsóknir hafa ekki skilað tilætluðum árangri (Dean, 2011). Það þarf því ekki að koma á óvart að geðlæknisfræðin virðist standa á mun veikari þekkingargrunni en aðrar greinar læknisfræðinnar. Þar ber helst að nefna að greiningar geðlækna eru nánast alfaríð huglægar, þar sem þeir styðjast fyrst og fremst við athuganir á hegðun skjólstaðinga sinna, lýsingar þeirra á einkennunum sem þeir upplifa (Hyman, 2010; Whooley, 2010) auk upplýsinga frá ættingjum og úr fleiri áttum. Ástæða þessa er að ekkert er fast í hendi varðandi orsakir þeirra geðraskana sem hrjá mannkyn. „Við höfum leitað að stórum, einföldum taugameinafræðilegum útskýringum fyrir geðraskanir“, en eins og hinn kunní bandaríski geðlæknir, Kenneth S. Kendler, benti nýlega á „höfum við ekki fundið þær“ (Kendler, 2005, bls. 52). Í þessu felst m.a. að sú útbreidda hugmynd, að þunglyndi, kvíði og fleiri geðraskanir stafi af ójafnvægi í taugaboðefnum heilans, sé enn tilgáta sem ekki hafi verið staðfest (Krishnan og Nestler, 2010; Moncrieff, 2008a). Þá hugmynd mætti kalla efnaójafnvægistilgátuna og hefur lyfjaiðnaðurinn varið gríðarlegu fjármagni í að festa hana í sessi síðustu tvo áratugi (Whitaker, 2010).

Þegar horft er til Bandaríkjanna hafa bæði opinberir aðilar og ýmis hagsmunasamtök „fjárfest“ ríkulega í efnaójafnvægistilgátunni í þeirri trú að ef hægt væri að sannfæra almenning um að geðraskanir væru ekki frábrugðnar öðrum sjúkdómum yrði það til að draga úr fordómum gegn einstaklingum með slíkar raskanir. Hér á landi hefur tilgátunni verið haldið að almenningi eins og sjá mátti í bæklingi um þunglyndi sem umboðsaðili GlaxoSmithKline dreifði hér á landi á árunum 1999–2009 (Steindór J. Erlingsson, 2009) og í bæklingnum Þjóð gegn þunglyndi sem gefinn er út á vegum Landlæknisembættisins. Það er því viss kaldhæðni falin í því að ný bandarísk rannsókn hefur leitt í ljós að taugameinafræðilega áherslan virðist frekar hafa aukið fordóma gegn einstaklingum með geðraskanir (Pescosolido, Martin, Long, Medina, Phelan og Link, 2010).

Þegar hinn veiki grunnur tilgátunnar er hafður í huga þarf ekki að koma á óvart þegar Kendler gengur svo langt að halda því fram að of oft liggi hugmyndafræði frekar en vísindaleg rök til grundvallar rannsóknum á geðheilsu manna (Kendler, 2005; Kendler og Zachar, 2008). Nýlega tók þáverandi forseti Bandarísku geðlæknasamtakanna (APA), Steven S. Sharfstein, undir þessa staðhæfingu þegar hann minnti félagsmenn sína á að þeir verði „að gaumgæfa þá staðreynd að við sem stétt höfum leyft líf-, sál- og félagsfræðilíkaninu (*biopsychosocial model*) að umbreytast í líf-, líf- og líffræðilíkan (*bio-bio-bio model*)“. Ein afleiðing þessa er að lyf yfirgnæfa önnur meðferðarform geðraskana. Sharfstein hugnast þetta ekki og segir geðlækna verða að „vinna hörðum höndum að því að binda endi á þessa þróun og taka þátt í baráttunni fyrir endurbótum“ (Sharfstein, 2005). Thomas R. Insel, forstjóri bandarísku geðheilbrigðisstofnunarinnar (NIMH), tekur einnig í sama streng. Hann telur áhersluna á lyfjagjafir „alvarlegt vandamál“ og til þess að vinda ofan af þessari þróun verði geðlæknar og gjörvallt samfélagið að auka veg sálfræðilegra og félagslegra úrræða við meðferð geðrænna vandamála (Insel, 2010).

Til að bæta gráu ofan á svart virðist innri þversögn vera falin í lyfjaáherslu líffræðilegu geðlæknisfræðinnar. Hin líffræðilega nálgun gefur sér þá forsendu að hinar ýmsu geðraskanir sem hrjá mannkyn séu skýrt afmarkaðir sjúkdómar með einstakt orsakamynstur, en eins og geðlæknirinn Charles E. Dean (2011) bendir á í nýrri grein virðast ávísanir ýmissa geðlyfja stangast á við þetta líkan. Dean spyr til dæmis hvernig standi á því að hægt sé að nota „þunglyndislyfið“ Zoloft til þess að meðhöndla fjölda geðraskana svo sem þunglyndi, ofsakvíða og þráhyggju. Hann veltir einnig vöngum yfir því af hverju hægt er að nota geðrofslyf jöfnum höndum til þess að meðhöndla geðklofa, geðhvörf, þunglyndi og einhverfu. Dean spyr einnig hvernig standi á því að hægt sé að nota fjölda óskyldra meðferðarforma til þess að meðhöndla skýrt afmarkaðar og skilgreindar geðraskanir eins og þunglyndi (*major depression*), geðhvarfapunglyndi (*bipolar depression*) og maníu. Hann telur þessa „haglabyssulausn“ vera á skjön við hugmyndafræði líffræðilegu geðlæknisfræðinnar sem hann segir að sé annaðhvort úr sér gengin eða alvarlega löskuð. Þó að hér sé á ferðinni grafalvarlegt mál segir Dean hvorki geðlæknisfræðina né lyfjaiðnaðinn vilja horfast í augu við það, þótt ítrasta afleiðing þess geti verið sú að hverfa þurfi frá núverandi skilningi á geðröskunum.

Af því sem hér er rakið má ljóst vera að innan geðlæknisfræðinnar ríkir hvorki einhugur um mögulega virkni geðlyfja né hversu mikið beri að nota þau til að meðhöndla geðraskanir. Hvernig stendur þá á því að ekkert lát virðist á ávísun geðlyfja? Líklega væri hægt að nefna ýmsar skýringar á þessari þróun. Hér verður einblínt á tvær mögulegar skýringar og snýr sú fyrri almennt að læknisfræðinni en sú síðari sérstaklega að geðlæknisfræðinni. Eins og önnur framleiðslufyrirtæki þarf lyfjaiðnaðurinn að koma vörum sínum á markað. Í flestum löndum beinist markaðssetning lyfja einungis að læknum og öðru heilbrigðisstarfsfólki. Lyfsölufulltrúar eru mikilvægasti hlekkurinn í markaðskeðju lyfjaiðnaðarins. Rannsóknir hafa t.d. leitt í ljós að fyrir lyf sem voru markaðssett í Bandaríkjunum eftir 1997 og skiluðu tekjum sem námu meir en 200 milljónum dollara, skilaði hver dollari, sem eytt var í starf lyfsölufulltrúanna, rúmlega 10 dollurum til fyrirtækisins. Hér er um að ræða tvisvar sinnum meiri ávinning en fæst með lyfjaauglýsingum í læknablöðum. (Elliott, 2010).

Í nýrri bók lífsiðfræðingsins Carls Elliott gerir hann starf lyfsölufulltrúanna m.a. að umtalsefni. Hann segir læknasamfélagið hafa deilt áratugum saman um það hvort gjafir, námsferðir eða önnur hlunnindi, sem lyfsölufulltrúarnir láta læknum í té, hafi áhrif á lyfjaávisanir þeirra (Elliott, 2010). Hér er um grundvallarspurningu að ræða því að bandarísk rannsókn leiddi nýlega í ljós að 94% lækna þar í landi eiga í einhvers konar samskiptum við lyfjaiðnaðinn (Campbell, Gruen, Mountford, Miller, Cleary og Blumenthal, 2007). Skýr svör við spurningunni birtast í nýrri rannsókn þar sem í fyrsta sinn var gerð kerfisbundin úttekt á rannsóknum sem fjallað hafa um áhrif þessara samskipta á lækna. Höfundar rannsóknarinnar segja að með sjaldgæfum undantekningum hafi þessar rannsóknir leitt í ljós að upplýsingar frá lyfjaiðnaðinum hafi annaðhvort engin áhrif á lækna eða leiði til hærri tíðni lyfjaávisana, lægri gæði slíkra ávisana og hærri útgjalda. Af þessum sökum er mælt með því að lækna forðist samskipti við fulltrúa lyfjaiðnaðarins og upplýsingar sem þeir láta í té (Spurling, Mansfield, Montgomery, Lexchin, Doust, Othman o.fl., 2010).

Meðal þess sem gerir samskipti lækna við lyfsölufulltrúa varhugaverð er það að rannsóknir hafa ítrekað leitt í ljós að ekki er sjálfgefið að hægt sé að treysta þeim upplýsingum sem þeir láta læknum í té. Skiptir þá ekki máli hvort um er að ræða augljóst auglýsingaefni eða vísindagreinar (Fischer, Keough, Baril,

Saccoccio, Mazor, Ladd o.fl., 2009). Hér virðist geðlæknisfræðin standa sérstaklega höllum fæti því eins og sagnfræðingurinn Edward Shorter hefur bent á eru geðlækna „líklegri til að stjórna af hjarðhegðun en lækna í öðrum greinum læknisfræðinnar, þar sem raunveruleg þekking á orsökum sjúkdóma auðveldar mönnum að halda meðferðartískubólum í skefjum“ (Shorter, 2009, bls. 5). Gott dæmi um þetta er sú staðreynd að með því að hagræða sannleikanum tókst lyfjaiðnaðinum og talsmönnum hans í nær tvo áratugi að sannfæra geðlækna um að önnur kynslóð geðrofslyfja, lyf eins og Zyprexa, Seroquel og Risperdal, stæði framur þeirri fyrstu (Tyler og Kendell, 2009). Nú hafa birst nokkrar fræðigreinar þar sem flett er ofan af afvegaleiðingunni með vísan til innanhússkjala frá hlutaðeigandi lyfjafyrirtækjum (Appelbaum, 2009; Spielmans, 2009; Spielmans og Parry, 2010). Afleiðingin er sú að ávisanir geðrofslyfja hafa margfaldast á þessum árum og byggist stór hluti þeirra á veikum vísindalegum grunni (Alexander, Gallagher, Mascola, Moloney, Stafford, 2011). Sama má segja um hin svokölluðu SSRI-þunglyndislyf og skyld lyf. Á undanförunum árum hefur smám saman komið í ljós að lyfjafyrirtækin hafa vísitandi ýkt lækningamátt lyfjanna, t.d. með því að birta ekki niðurstöður neikvæðra lyfjaprófa, í viðleitni sinni til að koma þeim á markað og auka markaðshlutdeild þeirra. Nú virðist nokkuð vel skjalfest að hjá stórum hópi neytenda er virkni þessara lyfja sambærileg við lækningamátt lyfleysu (Barbui, Cipriani, Patel, Ayuso-Mateos og van Ommeren, 2011; Fournier, DeRubeis, Hollon, Dimidjian, Amsterdam, Shelton o.fl., 2010; Ioannidis, 2008).

Við stöndum frammi fyrir þeirri sorglegu staðreynd að vegna starfshátta lyfjaiðnaðarins og akademískra samstarfsmanna hans er sá vísindalegi þekkingargrunnur, sem geðlæknisfræðin og aðrar greinar læknisfræðinnar byggjast á, ekki eins hlutlægur og ýmsir halda (Godlee og Loder, 2010; McGauran, Wieseler, Kreis, Shuler, Kölsch og Kaiser, 2010). Í áðurnefndri grein forstjóra NIMH gerir hann þessi óæskilegu áhrif lyfjaiðnaðarins á geðlæknisfræðina að umtalsefni. Insel bendir réttilega á að það sé mjög slæmt fyrir geðlæknisfræðina að á sama tíma og traust almennings á lyfjaiðnaðinum hefur snarminnkað komi í ljós að hópur áhrifamikilla geðlækna í Bandaríkjunum og víðar hafi haft óeðlileg fjárhagsleg tengsl við iðnaðinn. Hér er hann að vísa í rannsókn bandaríska öldungardeildarþingmannsins Charles Grassley frá árinu 2008 á hópi þekktra bandarískra

geðlækna. Rannsóknin leiddi í ljós að lækarnir þáðu mikla fjármuni frá lyfjaiðnaðinum án þess að upplýsa hagsmunatengslin fyllilega (Whitaker, 2010). Ein afleiðing þessa er sú að verulega hefur dregið úr trausti Bandaríkjamanna á geðlæknisfræðina, og stóð hún þó höllum fæti fyrir. Insel bendir einnig á að stóráukin ávísun geðlyfja virðist nátengd þessum óeðlilegu hagsmunatengslum (Insel, 2010).

Á undanförunum tveimur áratugum hefur markaðssetning lyfja meðal stærstu lyfjafyrirtækja heims verið svo sigursæl að það virðist skipta fyrirtækin litlu máli þótt þau hafi á undanförunum misserum þurft að borga gríðarlega háar sektir í Bandaríkjunum fyrir ólöglega markaðsetningu, m.a. á geðlyfjum (Wilson, 2010). Framferði lyfjafyrirtækjanna og geðlæknanna, sem hafa talað máli þeirra, skipta almenning hins vegar miklu máli. Ástæða þessa er sú að hugmyndafræðin sem þessi öfl hafa selt sérfræðingum og almenningi, þ.e. að geðraskanir orsakist af efnaójafnvægi í heila og að lyfin leiðrétti þetta ójafnvægi, er í rauninni mjög pólitísk. Eins og geðlæknirinn Bradley Lewis hefur bent á felur hún í sér að „ef við setjum mannlega þjáningu, eynd og sorg inn í lífvísindareiknilíkan, þá er engin ástæða til að breyta samfélagsgerðinni, því að okkur nægir að koma reglu á taugabodefinn“ (vísun fengin hjá Moncrieff, 2008b, bls. 249). Ábyrgðin á velferð borgaranna er þá ekki lengur samfélagsins heldur einstaklingsins. Það þarf því ekki að koma á óvart að annar geðlæknir, Joanna Moncrieff, hefur tengt uppgang lyfjaiðnaðarins og efnaójafnvægistilgátunnar á undanförunum áratugum við framrás nýfrjálshyggjunnar (Moncrieff, 2008b). Það skemmir heldur ekki fyrir þessari tengingu að markaðsvæðing lyfjarannsóknna hófst fyrir alvöru upp úr 1980 (Light, 2010), en á því ári var Ronald Reagan kjörinn forseti Bandaríkjanna og út kom þriðja útgáfan af *Diagnostic and Statistical Manual of Mental Disorders (DSM-III)* sem átti eftir að umbylta geðlæknisfræðinni. Hvað sem segja má um pólitíska tengingu Lewis og Moncrieffs þá liggur ljóst fyrir að við þurfum að snúa af þeirri leið lyfja og efnaójafnvægis sem við erum nú á. Thomas Insel (2010) leggur til sameinað átak akademískra leiðtoga, fagfélaga geðheilbrigðisstétta og notendafélaga. En betur má ef duga skal. Koma þarf böndum á þá miklu sjúkdómssvæðingu mannlegra tilfinninga sem falin er í *DSM*-kerfinu og loka um leið þeim „viðskiptatækifærum“ sem kerfið hefur fært lyfjaiðnaðinum. Ef eitthvað er hins vegar að marka fyrstu drögin að *DSM-5* (APA er hætt að nota rómverska tölustafi), sem mun koma út

árið 2013, er ekki ástæða til mikillar hjartsýni (Wykes og Callard, 2010). Með þetta í huga er rétt að líta nánar á *DSM*-ritið.

Geðraskanir og greiningar

Fyrsta skipulega tilraunin til þess að setja fram alþjóðlegan staðal fyrir flokkun og greiningu geðraskana var gerð í sérstökum kafla í 6. útgáfu *International Classification of Diseases (ICD-6)*, sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) gaf út árið 1948. Evrópskir geðlæknar réðu mestu um hugmyndirnar sem þar komu fram. Fjórum árum síðar gaf APA út fyrstu útgáfuna af *Diagnostic and Statistical Manual of Mental Disorders (DSM)*. Hafa þessi tvö flokkunar- og greiningarkerfi síðan verið endurútgefin með jöfnu millibili. Framan af var talsverður munur á *DSM*- og *ICD*-greiningarkerfunum (Regier, First, Marshall, og Narrow, 2002). Bandarískir geðlæknar umbyltu flokkunarkerfi sínu árið 1980, vegna mikillar kreppu sem greinin stóð frammi fyrir á áttunda áratugnum (Mayes og Horwitz, 2005) þegar *DSM-III* kom út. Byltingin fól í sér að nú var höfuðáhersla lögð á að auka áreiðanleika greiningar geðraskana, sem var í andstöðu við þau óljósu mörk sem áður höfðu verið á milli heilbrigðis og sjúkleika. Greiningin byggðist á flokkun ákveðinna einkenna í skýrt afmarkaðar raskanir, en ekki á hugsanlegum orsökum raskananna þó að ljóst væri að líffræðilegar skýringar lægju þar að baki (Whooley, 2010).

Miklar vinsældir *DSM-III* í Bandaríkjunum (Mayes og Horwitz, 2005) urðu þess valdandi að í upphafi tíunda áratugarins tókst bandarískum geðlæknum að alþjóðavæða *DSM*-hugmyndafræðina og þá lyfjaáherslu sem henni fylgdi. Ástæða þess er sú að WHO tók upp bandarísku nálgunina á flokkun og greiningu geðraskana í *ICD-10* sem út kom árið 1992 (Üstüm, Chatterji og Andrews, 2002). Var þessi róttæka breyting á *ICD*-flokkuninni gerð í nánú samstarfi við bandaríska geðlækninn Allan J. Frances og félag hans sem þá voru að vinna við *DSM-IV* sem út kom tveimur árum síðar. Samstarfið leiddi því til þess að mjög mikið samræmi er með hugmyndunum sem fram koma í nýjustu útgáfum þessara tveggja flokkunarkerfa. *DSM-IV* hefur hins vegar mun meiri áhrif á heimsvísu, enda er erfitt að fá birta rannsókn á geðröskunum í virtum vísindatímaritum ef ekki er tekið mið af *DSM*-skilgreiningunni á röskuninni (Wykes og Callard, 2010). Talsmenn kerfanna telja þau hafa leitt til þess að hægt hafi verið að „byggja upp mikið magn þekkingar sem hefur fleygt fram rannsóknum

á sálfræðilegum og lyfjafræðilegum meðferðum við geðröskunum“ (Regier o.fl., 2002, bls. 56).

DSM-byltingin hefur haft gríðarleg áhrif á það hvaða augum læknar, vísindamenn og samfélagið allt líta geðraskanir. Það breytir þó ekki þeirri staðreynd að ekki er sjálfgefið, eins og ný rannsókn leiðir í ljós (Whooley, 2010), að geðlæknar telji sig bundna í daglegum störfum af *DSM*-flokkuninni og þeim lífræðilegu áherslum sem henni fylgja. Þegar þetta er haft í huga þarf ekki að kom á óvart að fljótlega eftir *DSM*-byltinguna fór að bera á gagnrýniströddum. Í fyrstu bærust þær háværustu oftast frá sérfræðingum utan geðlæknisfræðinnar (sjá t.d. Kirk og Kutchins, 1992; Kutchins og Kirk, 1997). Staðreyndin er hins vegar sú að ýmsir geðlæknar virðast frá upphafi hafa verið sér meðvitaðir um takmarkanir *DSM*-flokkunarkerfisins. Til marks um þetta hafa ekki ómerkari menn en Allen J. Frances (vísun fengin hjá Kendell og Jablensky, 2003), ritstjóri *DSM-IV*, og Steven E. Hyman (Hyman, 2010), ritstjóri geðraskanakafila *ICD-11* og einn ritstjórnarmanna *DSM-V* (bæði þessi rit eru væntanleg á næstu árum), líkt stöðu þess við ástand líffræðilegrar flokkunarfræði áður en Darwin setti fram þróunarkenninguna árið 1859. Mikilvægt er að hafa í huga að *DSM*-flokkunarfræðin hefur auðvitað sitt notagildi rétt eins og flokkunarfræðin fyrir daga Darwins, en líkja má sumum þeirra vandamála sem hún stendur frammi fyrir við þá staðreynd að fyrir daga Darwins var hægt að flokka höfrunga með fiskum og leðurblökur með fuglum því að oftast var horft á yfirborðseinkenni eins og geðlæknar gera í greiningum sínum, en ekki undirliggjandi skyldleika.

Meðal þess sem liggur til grundvallar þessari gagnrýni er að við getum ekki verið viss um að þær skilgreiningar á geðröskunum sem birtast í *DSM* endurspegli fyrirbæri sem séu raunverulega til í náttúrunni, þ.e. hvort þær eru náttúrulegar tegundir á sama hátt og frumefni efnafræðinnar eða líffræðilegar tegundir. Greiningarkerfið er hannað til þess að hámarka eftir megni áreiðanleika greininga á einstökum röskunum. Áherslan er því öll á það hvort Jón eða Gunna eru með almenna kvíðaröskun, félagsfælni eða þunglyndi en ekki hvort greiningarnar séu raunveruleg fyrirbæri, eins og t.d. náttúrulegu tegundirnar „járn“ og „hestur“.

Ef við höldum okkur við „járn“ og „hest“ þá ætti hvorki menningarlegur bakgrunnur né mismunandi tímaskeið mannkynssögunnar að hafa áhrif á möguleika einstaklings til þess að greina tegundirnar tvær. Hið sama virðist ekki eiga við um geðraskanir. Í

þessu sambandi er mikilvægt að hafa í huga að gildismat þeirra einstaklinga sem búa til, vinna með og fjalla um skilgreiningar á geðröskunum, getur haft áhrif á það hvaða hegðana- og hugsanamynstur teljast vera röskun (Hawthorne, 2010a; Hawthorne, 2010b; Kutchins og Kirk, 1997). Samfélagsgerðin á hverjum tíma er ekki síður mikilvæg því hún virðist hafa talsverð áhrif á birtingarmyndir sumra geðraskanana. Hér ber helst að nefna að tengsl virðast vera milli einstaklingshyggjunnar, sem einkennir vestræna menningu, og birtingarmyndar sumra geðraskanana í vestrænum samfélögum. Einstaklingshyggjan á rætur að rekja til loka 18. aldar, en það virðist hins vegar ekki hafa verið fyrr en undir lok 19. aldar að hún tók á sig þá mynd sem við þekkjum í dag (Elliott, 2003), um það leyti sem neyslumenningin, sem fylgdi seinni iðnbyltingunni (1880–1930), fór að skjóta rótum í vestrænni menningu (Schleifer, 2000). Einstaklingshyggjan og ýmislegt annað í vestrænni menningu virðist ekki eiga sér skýra hliðstæðu á öðrum menningarsvæðum, enda segir í nýrri yfirlitgrein um efnið að mjög hæpið sé að styðjast við einstaklinga í vestrænum samfélögum til þess að alhæfa um allt mannkyn (Henrich, Heine og Norenzaya, 2010). Það þarf því ekki að koma á óvart að birtingarmyndir geðraskanana geti verið breytilegar eftir menningarsvæðum.

Þunglyndi virðist gott dæmi um þetta. Rannsóknir hafa t.d. leitt í ljós að hjá Kínverjum birtist þunglyndi oftast á formi líkamlegra einkenna, en ekki andlegra eins og Vesturlandabúar eiga að venjast (Parker, Chan, Tully og Eisenbruch, 2005; Ryder, Yang, Tao, Yi, Heine og Bagby, 2008). Árið 2009 birtist fyrsta faraldsfræðilega rannsóknin þar sem sýnt er fram á þennan mun á birtingarmyndum geðraskanana í Asíu og á Vesturlöndum með því að bera saman geðraskanagreiningarlykilinn *Composite International Diagnostic Instrument (CIDI)*, sem byggist á *DSM-IV*, og víetnamska greiningarlykilinn *Phan Vietnamese Psychiatric Scale, (PVPS)*. Byrjað var á að kanna tíðni kvíðaraskanana og lyndisraskanana, eins og þær eru skilgreindar í *CIDI*, meðal íbúa á Mekong-árósasvæðinu í Víetnam, víetnamskra innflytjenda í Ástralíu og meðal hvíttra Ástrala. Niðurstaðan fór ekki á milli mála: Einungis 1,9% Víetnamanna greindist með *DSM*-geðröskun, 6,7% víetnömsku innflytjendanna í Ástralíu voru greindir með geðröskun (þetta staðfestir fyrri rannsóknir sem sýnt hafa að eftir því sem innflytjendur í vestrænum löndum aðlagast menningunni betur þeim mun líklegri eru þeir til þess að samsama sig *DSM*-greiningum (Parker o.fl., 2005)), en

hins vegar höfðu 17,1% Ástralanna átt við geðröskun að stríða síðastliðna 12 mánuði. Víetnamarnir voru síðan greindir með *PVPS*-greiningarlynklinum, sem greinir líkamleg einkenni, kvíða og þunglyndi. Niðurstaðan leiddi í ljós að 7,4% Víetnamanna greindust með geðröskun og 8,4% víetnömsku innflytjendanna og voru líkamleg einkenni algengasta greiningin í báðum hópunum. Þegar *CIDI*- og *PVPS*-niðurstöðurnar voru sameinaðar komu eftirfarandi niðurstöður í ljós: 8,8% Víetnamanna greindust með geðröskun og 11,7% víetnömsku innflytjendanna (Steel, Silove, Giao, Phan, Chey, Whelan o.fl., 2009). Hér sjáum við skýra vísbendingu um að *DSM*-geðraskanir séu afsprengi vestrænnar menningar og ekki hægt að heimfæra þær án gagnrýni á önnur menningarsvæði.

Ein ástæða þess að geðlæknisfræðin stendur frammi fyrir þessu skilgreiningarvandamáli er sú, að hvorki geðlæknar, heimspekingar né félagsvísindamenn virðast vera á einu máli um hvernig skilgreina beri hugtakið geðröskun. Má raunar segja að hver höndin sé uppi á móti annarri, og skýrist það fyrst og fremst af þeirri takmörkuðu þekkingu sem við höfum á orsökum geðraskanana. Þetta má berlega sjá í umsögnum ýmissa fræðimanna um geðraskanaskilgreiningu Jeromes C. Wakefield, prófessors í félagsráðgjöf og hugmyndagranni geðlæknisfræðinnar við New York University, en þær birtust í tímaritinu *World Psychiatry* árið 2007 (Wakefield, 2007). Fyrsta tilraun APA til slíkrar skilgreiningar var gerð í *DSM-III* og hefur hún haldist lítt breytt í útgáfunum sem fylgt hafa í kjölfarið (*DSM-III-R*, *DSM-IV*) (Kutchins og Kirk, 1997). Ekki verður hún tíunduð hér. Nægir að geta þess að í rannsóknáætlun APA frá árinu 2002 vegna væntanlegrar útgáfu *DSM-V* er ekki gefið mikið fyrir hana. Hún er sögð óhæf sem „mælikvarði til að ákveða hvað sé og hvað sé ekki geðröskun“ (vísunin fengin hjá First, 2007, bls. 158). Af þessum sökum er ekki hægt að gera fullnægjandi greinarmun á heilbrigði og röskun. Skilgreiningin er því ekki gild. Steven E. Hyman telur fagaðila ekki leiða hugann að þessu nógu oft og fyrir vikið er lítið á það sem sjálfsagt mál að allar geðraskanir sem skilgreindar eru í *DSM* séu raunverulegar raskanir (Hyman, 2010).

Greiningar og lyfjafyrirtæki

Það virðist því vera hægt að færa rök fyrir því að tíðni ýmissa geðraskanana sé mun hærri en hún raunverulega er. Afleiðing þessa er að einstaklingar sem ekki eru með raunverulega geðröskun fá meðhöndlun sem slíkir (Wakefield, 2010). ADHD er gott dæmi um

þetta. Það er viss kaldhæðni í því fólgin að einn af höfundum skilgreiningarinnar á ADHD, áður nefndur Allen Frances, viðurkenndi nýlega að hún hafi stuðlað að „fölskum faraldri“. Frances segir ADHD-netið hafa of þrönga möskva. Það hafi „fangað marga „sjúklinga“ sem hefði líklega vegnað mun betur utan geðheilbrigðiskerfisins“ (Frances, 2010a). Tvær nýjar og óháðar rannsóknir skjóta stoðum undir þessi ummæli Frances, en þær benda til þess að rúmlega 20% þeirra barna og unglinga í Bandaríkjunum sem fá ADHD-greiningu séu ranglega greind (Elder, 2010; Evans, Morrill og Prante, 2010). Þunglyndi fær hliðstæða meðferð í bókinni *Loss of Sadness: How Psychiatry Transformed Normal Sorrow into Depressive Disorder* eftir félagsvísindamennina Allan Horwitz og Jerome Wakefield (2007). Það sem gerir bókina sérstaka er að Robert Spitzer, ritstjóri *DSM-III*, þar sem nútímaskilgreining þunglyndis varð til, tekur í formálsorðum undir gagnrýnina sem þar kemur fram (Spitzer, 2007).

Áhrif frá markaðsstarfi lyfjaiðnaðarins virðast eiga talsverðan þátt í þessari aukingu á greiningu ýmissa geðraskanana (Horwitz, 2010). Gott dæmi um það er fertugföld aukning á greiningu geðhvarfa meðal barna og unglinga í Bandaríkjunum á tímabilinu 1995–2003 (Moreno, Laje, Blanco, Jiang, Schmidt og Olfson, 2007; gagnrýni á þessa tilhneigingu er að finna hjá Parry, Furber og Allison, 2009). Hér er um að ræða „tískubólu“ sem er byggð á mjög veikum vísindalegum grunni og virðist fyrst og fremst tengjast hagsmunum lyfjafyrirtækjanna eins og Allen Frances (2010b) benti nýverið á. Þessi tenging við lyfjaiðnaðinn kemur ekki á óvart þegar haft er í huga að einn helsti talsmaður greiningarinnar, Joseph Biederman, prófessor við Harvard-háskóla, var til rannsóknar hjá öldungadeild Bandaríkjaþings á árunum 2008–2009 vegna óeðlilegra fjárhagstengsla hans við lyfjaiðnaðinn (Whitaker, 2010). Sömu sögu virðist mega segja um að félagsfælni (*social anxiety disorder*). Rannsóknir hafa leitt í ljós að mikil aukning þessarar greiningar í Bandaríkjunum frá því á tíunda áratugnum er nátengd hagsmunum lyfjafyrirtækja er framleiða lyf í því skyni að meðhöndla einkenni sem áður fyrr hefðu oft verið talin eðlileg feimni (Horwitz, 2010; Lane, 2007).

Í grein áður nefnds Stevens Hyman um *DSM* kemur berlega fram að þar er að einhverju leyti um pólitískt hagsmunaplagg að ræða og stendur sem slíkt í vegi fyrir framförum í vísindum (Hyman, 2010). Sem dæmi um þetta má nefna að ein möguleg skýring á því hversu hægt gengur að finna gen, sem tengjast

helstu geðröskunum, er að *DSM*-skilgreiningarnar virðast, eins og fram hefur komið, ekki alltaf endurspeglar raunveruleg náttúruleg fyrirbæri og ná yfir einstaklinga sem eru í raun heilbrigðir. Nýjar rannsóknir í faraldsfræði, erfðafræði og taugavísindum staðfesta þetta (Bearden, Jasinska og Freimer, 2009; Hyman, 2010). Þegar þessar staðreyndir eru hafðar í huga ætti ekki að koma á óvart að rannsóknir á skjölum ritnefndar *DSM-III* gefa til kynna að vinnan sem lá þar að baki virðist ekki síður hafa verið innblásin af hugmyndafræði og valdabrölti en vísindum (Lane, 2007; Shorter, 2009). Kjarni *DSM*-vandans felst í því að þekkingin verður til með því að samþætta andstæð sjónarmið í nefndarstarfi eða greiða atkvæði um það hvernig skilgreina skuli geðraskanir, þar sem meirihlutinn ræður (Carlat, 2010).

Enn hefur ekki verið gerð rannsókn á skjalasafni ritnefndar *DSM-IV*, en nýleg rannsókn leiddi í ljós að 56% (95 af 170) af nefndarmönnum höfðu fjárhagsleg tengsl við lyfjaiðnaðinn (Cosgrove, Krinsky, Vijayaraghavan og Schneider, 2006). Eins og við þekkjum úr rökræðunni um hlýnun jarðar skiptir miklu máli fyrir trúverðugleika vísindamanna hvaðan fjármagnid kemur sem þeir nota til að kosta rannsóknir sínar. Vísindamaður sem þiggur fjármagn frá olúfélagi og talar gegn hlýnuninni þykir yfirleitt ekki trúverðugur. Það hlýtur því að vekja spurningar þegar í ljós kemur að allir nefndarmennirnir sem unnu annars vegar að skilgreiningu á þunglyndi og skyldum röskunum og hins vegar á geðklofa og öðrum geðrofsröskunum, en í báðum tilfellunum er mælt með lyfjum sem fyrstu meðferðarnálgun, höfðu fjárhagsleg tengsl við lyfjaiðnaðinn (Cosgrove o.fl., 2006). Hér er um mikilvægt mál að ræða því að fjárhagstengsl geðlækna við lyfjaiðnaðinn í Bandaríkjunum virðast mun víðtækari en í öðrum greinum læknisfræðinnar (Wood og Lowes, 2010). Þótt ekki verði staðhæft með fullri vissu að fjárhagslegu tengslin hafi haft áhrif á skoðanir geðlæknanna, verður það að teljast líklegt. Sérstaklega þegar haft er í huga að rannsóknir hafa leitt í ljós að lyfjarannsóknir sem fjármagnaðar eru af lyfjafyrirtækjum, en þau framkvæma tæplega 80% slíkra prófa, eru mun líklegri til þess að sýna marktækan mun á lyfi og lyfleysu eða samkeppnislyfi en þær sem fjármagnaðar eru af óháðum aðilum (Sismondo, 2008).

Á undanförunum árum hefur verið lögð mikil áhersla að opinbera fjárhagsleg tengsl lækna og vísindamanna við lyfjaiðnaðinn. Markmið þessara aðgerða hefur verið að minnka líkur á því að þessir einstaklingar dragi í rannsóknum sínum taum þeirra

fyrirtækja sem þeir þiggja fjármagn frá. Nýleg rannsókn bendir hins vegar til þess að slík opinberun geti aukið skekkju rannsakenda (Cain og Detsky, 2008). Það virðist því ljóst að frekari aðgerða er þörf til þess að draga úr mögulegri skekkju þeirra rannsakenda sem vinna með lyfjaiðnaðinum.

Lokaorð

Enn er fjarri lagi að geðlæknisfræðin geti með nokkurri vissu sagt til um það hver orsök geðraskanana sé í raun og veru. Þó að gríðarlegu fjármagni hafi verið veitt til rannsókna á líffræðilegum orsökum geðraskanana hafa þær ekki enn skilað tilætluðum árangri. Flokkunar- og greiningarkerfið sem byggt hefur verið upp innan *DSM* og *ICD* stendur einnig höllum fæti. Þetta ófullkomna kerfi virðist hafa haft a.m.k. tvær neikvæðar afleiðingar: 1) Fjöldi þeirra, sem greinast með geðraskanir og eru meðhöndlaðir sem sjúklingar, virðist vera talsvert umfram það sem eðlilegt getur talist, 2) lyfjafyrirtækin hafa nýtt sér þetta veika kerfi til þess að auka gríðarlega ávísun geðlyfja á Vesturlöndum og víðar. Að einhverju leyti er því hægt að taka undir þá skoðun geðlæknisins Giovanni A. Fava að kreppa ríki innan geðlæknisfræðinnar. Virðist ástæða hennar sú að hugmyndafræðileg fastheldni og fjárhagslegir hagsmunir þeirra stofnana og einstaklinga, sem einkum hafa fjárfest í líffræðilegu hugmyndafræðinni og *DSM*-greiningarkerfinu, koma í veg fyrir að unnt sé með góðu móti að beygja af leið. Með tilliti til þessara veikleika geðlæknisfræðinnar er ekki hægt vita með vissu hvenær vísindunum sleppir og huglægt gildismat tekur við.

Af framansögðu má ljóst vera að full ástæða er til að veita geðlæknisfræðinni talsvert aðhald. Ein af forsendum þess er að félagsráðgjafar og aðrar fagstéttir sem vinna innan geðheilbrigðisferfisins geri sér fulla grein fyrir þeim deilum sem varða fræðilegan grundvöll *DSM*, virkni, aukaverkanir og langtímaáhrif geðlyfja, orsakir geðsjúkdóma, umfjöllun um fölsun rannsóknaniðurstaðna og fleira. Einnig er nauðsynlegt að þessar stéttir viti að reglulega er hamrað á þessum deilumálum í virtum læknablöðum. Til marks um þetta segir í nýlegum leiðara í *Canadian Medical Association Journal* að nú á tímum sannreyndrar læknisfræði (*evidence based medicine*) skeri það í augu hve fátíð fullnægjandi sönnunargögn eru fyrir virkni geðheilbrigðismedferða, þar á meðal lyfja. Af þessum sökum geti geðheilbrigðisstarfsmenn einungis giskað á hvaða meðferð muni best henta hverjum sjúklingi (Shuchmann og Hébert,

2008). Þegar þessar upplýsingar eru hafðar í huga er brýnt fyrir félagsráðgjafa, geðlækna og aðrar fagstéttir innan geðheilbrigðiskerfisins að horfa gagnrýnum augum á grundvöll þeirrar þekkingar sem dagleg störf þeirra byggjast á, enda hafa ákvarðanir þessara stétta varanleg áhrif á líf fjölda einstaklinga. Ekki er síður mikilvægt fyrir þessar fagstéttir að hlusta á sjónarmið þeirra sem nýta sér þjónustu geðheilbrigðiskerfisins því að ekki er hægt að líta á það sem sjálfsgat mál að þekking hinna faglærðu standi alltaf framar þeirri þekkingu sem notendur þjónustunnar búa yfir.

Heimildir

- Alexander, G.C., Gallagher, S.A., Mascola, A., Moloney, R.M. og Stafford, R.S. (2011). Increasing off-label use of antipsychotic medications in the United States, 1995–2008. *Pharmacoeconomics and Drug Safety*; DOI: 10.1002/pds.2082.
- Appelbaum, K. (2009). Getting to yes: Corporate power and the creation of a psychopharmaceutical blockbuster. *Culture, Medicine and Psychiatry*, 33(2), 185–215.
- Barbui, C., Cipriani, A., Patel, V., Ayuso-Mateos, J. og van Ommeren, M. (2011). Efficacy of antidepressants and benzodiazepines in minor depression: Systematic review and meta-analysis. *The British Journal of Psychiatry*, 198, 11–16.
- Bearden, C.E., Jasinska, A.J. og Freimer, N.B. (2009). Methodological issues in molecular genetic studies of mental disorders. *Annual Review Clinical Psychology*, 5, 49–69.
- Bentall, R. (2009). *Doctoring the mind: Why psychiatric treatments fail*. London: Allen Lane.
- Cain, D.M. og Detsky, A.S. (2008). Everyone's a little bit biased (even physicians), *JAMA*, 299(24), 2893–2895.
- Campbell, E.G., Gruen, R.L., Mountford, J., Miller, L.G., Cleary, P.D. og Blumenthal, D. (2007). A national survey of physician-industry relationships. *The New England Journal of Medicine*, 356(17), 1742–1750.
- Carlat, D.J. (2010). *Unhinged: The trouble with psychiatry: A doctor's revelations about a profession in crisis*. New York: Free Press.
- Cosgrove, L., Krinsky, S., Vijayaraghavan, M. og Schneider, L. (2006). Financial ties between DSM-IV members and the pharmaceutical industry. *Psychotherapy and Psychosomatics*, 75(3), 154–160.
- Dean, C.E. (2011). Psychopharmacology: A house divided. *Progress in Neuro-psychopharmacology & Biological Psychiatry*, 35(1), 1–10.
- Elder, T.E. (2010). The importance of relative standards in ADHD diagnoses: Evidence based on exact birth dates. *Journal of Health Economics*, 29(5), 641–656.
- Elliott, C. (2003). *Better than well: American medicine meets the American dream*. New York: Norton.
- Elliott, C. (2010). *White coat, black hat: Adventures on the dark side of medicine*. Boston: Beacon Press.
- Evans, W.N., Morrill, M.S. og Prante, S.T. (2010). Measuring inappropriate diagnosis and treatment in survey data: The case of ADHD among school-age children. *Journal of Health Economics*, 29(5), 657–673.
- Fava, G.A. (2006). The intellectual crisis of psychiatric research. *Psychotherapy and Psychosomatics*, 75(4), 202–208.
- First, M.B. (2007). Potential implication of the harmful dysfunction analysis for the development of DSM-V and ICD-11. *World Psychiatry*, 6(3), 158–159.
- Fischer, M.A., Keough, M.E., Baril, J.L., Saccoccio, L., Mazor, K.M., Ladd, E. o.fl. (2009). Prescribers and pharmaceutical representatives: Why are we still meeting? *Journal of General Internal Medicine*, 24(7), 795–801.
- Fournier, J.C., DeRubeis, R.J., Hollon, S.D., Dimidjian, S., Amsterdam, J.D., Shelton, R.C. o.fl. (2010). Antidepressant drug effects and depression severity: A patient-level meta-analysis. *JAMA*, 303(1), 47–53.
- Frances, A. (2010a, 1. mars). It's not too late to save 'normal'. *Los Angeles Times*. Sótt 16. maí 2010 á <http://lat.ms/cc3O4y>.
- Frances, A. (2010b, 8. apríl). Psychiatric diagnosis gone wild: The 'epidemic' of childhood bipolar disorder, *Psychiatric Times*. Sótt 16. maí 2010 á <http://bit.ly/c5CuOX>.
- Freedman, D.H. (2010, nóvember). Lies, damned lies, and medical science. *The Atlantic*. Sótt 10. nóvember 2010 á <http://bit.ly/bUUGgF>.
- Godlee, F. og Loder, E. (2010). Missing clinical trial data: Setting the record straight. *BMJ*, 341, c5641; DOI: 10.1136/bmj.c5641.
- Grob, G.N. og Horwitz, A.V. (2010). *Diagnosis, therapy and evidence: Conundrums in modern American medicine*. New Brunswick, NJ: Rutgers University Press.
- Hawthorne, S. (2010a). Embedding values: How science and society jointly valence a concept – the case of ADHD. *Studies in History and Philosophy of Biological and Biomedical Sciences*, 41(1), 21–31.
- Hawthorne, S. (2010b). Institutionalized intolerance of ADHD: Sources and consequences. *Hypatia*, 25(3), 504–526.
- Henrich, J., Heine, S.J. og Norenzaya, A. (2010). The weirdest people in the world? *Behavioral and Brain Sciences*, 33(2–3), 61–135.
- Horwitz, A.V. (2010). Pharmaceutical and the medicalization of social life. Í D. Light (ritstj.), *The risk of prescription drugs* (bls. 92–115), New York: Columbia University Press.
- Horwitz, A.V. og Wakefield, J.C. (2007). *The loss of sadness: How psychiatry transformed normal sorrow into a depressive disorder*. Oxford: Oxford University Press.
- Hyman, S. (2010). The diagnosis of mental disorders: The problem of reification. *Annual Review Clinical Psychology*, 6, 155–179.
- Insel T.R. (2010). Psychiatrists' relationship with pharmaceutical companies: Part of the problem or part of the solution? *Journal of the American Medical Association*, 303(12), 1192–1193.
- Ioannidis, J.P.A. (2008). Effectiveness of antidepressants: An evidence myth constructed from a thousand randomized trials? *Philosophy, Ethics, and Humanities in Medicine*, 3(1), 1–9.



- Kendell, R. og Jablensky, A. (2003). Distinguishing between the validity and utility of psychiatric diagnoses. *American Journal of Psychiatry*, 160(1), 4–12.
- Kendler, K.S. (2005). Toward a philosophical structure for psychiatry. *American Journal of Psychiatry*, 162(3), 433–440.
- Kendler, K.S. og Zachar, P. (2008). The incredible insecurity of psychiatric nosology. Í K.S. Kendler og J. Parnas (ritstj.), *Philosophical issues in psychiatry* (bls. 369–385). Baltimore: The Johns Hopkins University Press.
- Kirk, S.A. og Kutchins, H. (1992). *The selling of DSM: The rhetoric of science in psychiatry*. New York: Aldine Transaction.
- Krishnan, V. og Nestler, E.J. (2010). Linking molecules to mood: New insight into the biology of depression. *American Journal of Psychiatry*, 167(11), 1305–1320.
- Kutchins, H. og Kirk, S.A. (1997). *Making us crazy: DSM: The psychiatric Bible and the creation of mental disorders*. New York: Free Press.
- Lane, C. (2007). *Shyness: How normal behavior became a sickness*. New Haven: Yale University Press.
- Light, D. (2010). The food and drug administration: Inadequate protection from serious risk. Í D. Light (ritstj.), *The risk of prescription drugs* (bls. 40–68). New York: Columbia University Press.
- Mayes, R. og Horwitz, A.V. (2005). DSM-III and the revolution in the classification of mental illness. *Journal of the History of the Behavioral Sciences*, 41(3), 249–267.
- McGauran, N., Wieseler, B., Kreis, J., Shuler, Y.B., Kölsch, H. og Kaiser, T. (2010). Reporting bias in medical research: A narrative review. *Trials*, 11(37). Sótt 11. október 2010 á <http://bit.ly/9kZhBi>.
- Moncrieff, J. (2008a). *The myth of the chemical cure: A critique of psychiatric drug treatment*. New York: Palgrave.
- Moncrieff, J. (2008b). Neoliberalism and biopsychiatry: A marriage of convenience. Í C.I. Cohen og S. Timimi (ritstj.), *Liberatory psychiatry: Philosophy, politics and mental health* (bls. 235–255). Cambridge: Cambridge University Press.
- Moreno, C., Laje, G., Blanco, C., Jiang, H., Schmidt, A.B. og Olfson, M. (2007). National trends in the outpatient diagnosis and treatment of bipolar disorder in youth. *Archives of General Psychiatry*, 64(9), 1032–1039.
- Parker, G., Chan, B., Tully, L. og Eisenbruch, M. (2005). Depression in the Chinese: The impact of acculturation. *Psychological Medicine*, 35(10), 1475–1483.
- Parry, P., Furber, B. og Allison, S. (2009). The paediatric bipolar hypothesis: The view from Australia and New Zealand. *Child and Adolescent Mental Health*, 14(3), 140–147.
- Pescosolido, B.A., Martin, J.K., Long, J.S., Medina, T.R., Phelan, J.C. og Link, B.C. (2010). „A disease like any other“? A decade of change in public reactions to schizophrenia, depression, and alcohol dependence. *American Journal of Psychiatry*. DOI: 10.1176/appi.ajp.2010.09121743.
- Regier, D.A., First, M., Marshall, T. og Narrow, W.E. (2002). The American Psychiatric Association (APA) classification of mental disorders: Strengths, limitations and future perspectives. Í M. Maj, W. Gaebel, J.J. Lopes-Ibor og N. Sartorius (ritstj.), *Psychiatric diagnosis and classification* (bls. 25–46). New York: John Wiley & Sons.
- Wakefield, J.C. (2007). The concept of mental disorder: Diagnostic implications of the harmful dysfunction analy-
- ture perspectives. Í M. Maj, W. Gaebel, J.J. Lopes-Ibor og N. Sartorius (ritstj.), *Psychiatric diagnosis and classification* (bls. 47–77). New York: John Wiley & Sons.
- Ryder, A.G., Yang, J., Tao, X.Z.S., Yi, J., Heine, S.J. og Bagby, R.M. (2008). The cultural shaping of depression: Somatic symptoms in China, psychological symptoms in North America? *Journal of Abnormal Psychology*, 117(2), 300–313.
- Schleifer, R. (2000). *Modernism and time: The logic of abundance in literature, science, and culture 1880–1930*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Sharfstein, S. (2005). Big pharma and American psychiatry: The good, the bad, and the ugly. *Psychiatric Times*, 40(16), 3.
- Shorter, E. (2009). *Before Prozac: The troubled history of mood disorders in psychiatry*. Oxford: Oxford University Press.
- Shuchmann, M. og Hébert, P.C. (2008). Bringing a research base to psychiatry. *Canadian Medical Association Journal*, 178(10), 1257.
- Sismondo, S. (2008). Pharmaceutical company funding and its consequences: A qualitative systematic review. *Contemporary Clinical Trials*, 29(2), 109–113.
- Spielmann, G.I. (2009). The promotion of olanzapine in primary care: An examination of internal industry documents. *Social Science & Medicine*, 69(1), 14–20.
- Spielmann, G.I. og Parry, P.I. (2010). From evidence-based medicine to marketing-based medicine: Evidence from internal industry documents. *Bioethical Inquiry*, 7(1), 13–29.
- Spitzer, R.L. (2007). Foreword. Í A.V. Horwitz og J.C. Wakefield, *The loss of sadness: How psychiatry transformed normal sorrow into depressive disorder* (bls. VII–X). Oxford: Oxford University Press.
- Spurling, G.K., Mansfield, P.R., Montgomery, B.D., Lexchin, J., Doust, J., Othman, N. o.fl. (2010). Information from pharmaceutical companies and the quality, quantity, and cost of physicians' prescribing: A systematic review. *PLoS Med*, 7(10), e1000352. DOI:10.1371/journal.pmed.1000352.
- Steel, Z., Silove, D., Giao, N.M., Phan, T.T.B., Chey, T., Whelan, A. o.fl. (2009). International and indigenous diagnoses of mental disorder among Vietnamese living in Vietnam and Australia. *The British Journal of Psychiatry*, 194(4), 326–333.
- Steindór J. Erlingsson. (2009, nóvember). Big pharma beaten. *Healthy Skepticism International News*. Sótt 2. júní 2010 á <http://www.healthyskepticism.org/global/news/int/hsin2009-11/>
- Tyrer, P. og Kendell, T. (2009). The spurious advance of antipsychotic drug therapy. *Lancet*, 373(9657), 4–5.
- Üstüm, T.B., Chatterji, S. og Andrews, G. (2002). International classification and the diagnosis of mental disorders: Strengths, limitations, and future perspectives. Í M. Maj, W. Gaebel, J.J. Lopes-Ibor og N. Sartorius (ritstj.), *Psychiatric diagnosis and classification* (bls. 25–46). New York: John Wiley & Sons.
- Wakefield, J.C. (2007). The concept of mental disorder: Diagnostic implications of the harmful dysfunction analy-

- sis. *World Psychiatry*, 6(3), 149–156. [Á bls. 157–167 má sjá viðbrögð ellefu fræði- og vísindamanna við grein Wakefields.]
- Wakefield, J.C. (2010). Misdiagnosing normality: Psychiatry's failure to address the problem of false positives diagnoses of mental disorder in a changing professional environment. *Journal of Mental Health*, 19(4), 337–351.
- Whitaker, R. (2010). *Anatomy of an epidemic: Magic bullets, psychiatric drugs, and the astonishing rise of mental illness in America*. New York: Crown.
- Whooley, O. (2010). Diagnostic ambivalence: Psychiatric workarounds and the diagnostic and statistical manual of mental disorders. *Sociology of Health and Illness*, 32(3), 452–469.
- Wilson, D. (2010, 30. september). Novartis settles off-label marketing case over 6 drugs for \$422.5 million. *New York Times*. Sótt 1. október 2010 á <http://nyti.ms/9ARO99>.
- Wood, S. og Lowes, R. (2010, 22. október). Psychiatrists dominate 'doctor-dollars' database listing big pharma payments. *Medscape Medical News*. Sótt 23. október 2010 á <http://bit.ly/97Ey7d>.
- Wykes, T. og Callard, F. (2010). Diagnosis, diagnosis, diagnosis: Towards DSM-5. *Journal of Mental Health*, 19(4), 301–304.



Sýnileiki barnsins í barnaverndarmálum fyrir dómstólum

Guðrún Jónsdóttir, félagsráðgjafi, MA

Yfirfélagsráðgjafi Fjölskyldu- og fræðsluviðs Vestmannaeyja



Útdráttur

Greinin er byggð á eigindlegri rannsókn (gagnarýni) þar sem markmiðið var að kanna hvernig hagsmunir og sjónarmið barna koma fram í dómum í barnaverndarmálum á Íslandi. Rannsóknin náði til 65 dómsmála á tímabilinu 2002–2009. Niðurstöður sýna að sjónarhorn barnsins birtist á mismunandi hátt í dómkjöllum. Í nokkrum tilvikum kemur ekkert fram um hagsmuni eða sjónarmið barnsins, í öðrum tilvikum er fjallað almennt um hagsmuni barnsins, í tæpum helmingi málanna kemur fram að rætt hefur verið við barnið og í þriðjungu málanna er sjónarmiði barnsins svarað. Fjallað er um röksemdir fyrir þátttöku barna og nauðsyn þess að gæta betur að sjónarmiði þeirra. Bent er á atriði sem unnið geta gegn hagsmunum barna, svo sem langan málsmeðferðartíma, og að skilgreina þurfi betur hlutverk þeirra fagaðila sem vinna með börnunum og ræða við þau. Rætt er um nauðsyn þess að tryggja fagþekkingu á þessu sviði á vettvangi dómstólanna.

Lykilorð: Barnavernd, dómstólar, þátttaka barns, sjónarmið barns, Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna.

Abstract

The article is based on a qualitative research (document analysis) of 65 juridical decisions in child welfare cases in Iceland from 2002–2009. The results indicate that the view of the child appears differently through the judge records. In some instances there is no mention of the interest or view of the child, most often the emphasis is on the child's interests, in less than half of the cases the child was interviewed during the process and in one third of the cases the child gets feedback. The participation of children is discussed and more emphasis on children's views during the child welfare procedure is proposed. Comments are made regarding delays in the procedure and lack of clarification regarding the roles of spokesmen, evaluators and child welfare workers. The need for skilfull assessors or lay judges in the court is emphasized.

Keywords: Child protection, courts, children's participation, children's views, The UN Convention on the Rights of the Child.

Inngangur

Barnaverndarlöggjöf á Íslandi á sér nær aldarlanga sögu. Á þeim tíma hafa breytt viðhorf samfélagsins komið fram í aukinni áherslu á samvinnu við for-

eldra og barn í stað valdboðs gagnvart foreldrum sem ekki sinntu hlutverki sínu og börnum sem villtust af leið dyggða, hlýðni og vinnusemi (Fátækralög nr. 43/1927; Lög um barnavernd nr. 43/1932; Lög um skilorðsbundna hegningardóma og hegningu barna og unglinga nr. 29/1907). Enn felur þó barnaverndarstarf óhjákvæmilega í sér að hið opinbera hafi afskipti af einkalífi fjölskyldna, og þó að langstærstur hluti barnaverndarmála sé unninn í samvinnu við fjölskyldurnar, koma upp tilvik þar sem barnaverndarnefnd og foreldra og jafnvel barn greinir á um hvað barni sé fyrir bestu. Í einstaka tilvikum telja barnaverndaryfirvöld nauðsynlegt að barn sé tekið af heimili, tímabundið eða til frambúðar, í andstöðu við vilja fjölskyldunnar.

Við gildistöku barnaverndarlaga nr. 80/2002 var stigið það skref að færa úrskurðarvald í slíkum ágreiningsmálum frá barnaverndarnefndum og barnaverndarráði til dómstóla. Sú breyting átti sér langan aðdraganda og umræðu (Hrefna Friðriksdóttir, 2006; Þingskjal 403, 2001–2002). Í 9. gr. Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (Barnasáttmálans) kemur fram að barn skuli ekki skilið frá foreldrum sínum gegn vilja þeirra nema lögbær stjórnvöld ákveði slíkt og að slíkri ákvörðun skuli vera hægt að hnekkja fyrir dómstólum. Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna gerði t.d. athugasemdir í kjölfar skýrslu Íslands árið 2000 um að ekki væri verið að uppfylla þessa grein samningsins (Committee on the Rights of the Child, 2003).

Við gildistöku barnaverndarlaganna árið 2002 var ennfremur aukin áhersla á réttindi barnsins og samvinnu við barnið, áhersluatriði sem einnig má rekja til Barnasáttmálans, en í 12. gr. hans kemur fram að barn sem getur myndað sér skoðanir skuli eiga rétt á og fá tækifæri til að láta þær frjáltslega í ljós í öllum málum sem það varða og að tekið skuli réttmætt tillit til þeirra skoðana í samræmi við aldur þess og þroska (Anni G. Haugen, 2007; Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, 1992).

Með tilliti til þessara áherslna í gildandi barnaverndarlögum var ákveðið að skoða sérstaklega hvernig réttindi og sjónarmið barnsins koma fram í dómsúrskurðum í barnaverndarmálum á Íslandi. Erlendar og íslenskar rannsóknir sem gerðar hafa verið benda til þess að ekki sé nægilega gætt að því að upplýsa börn um málsmeðferð í barnaverndarmálum og fá fram sjónarmið þeirra (Anni G. Haugen, 2004, 2007, 2009; Schelderup, Omre, Marthinsen, Horverak og Hyrve, 2005; Slettebø og Seim, 2007), og má t.d. nefna að samkvæmt árskýrslum Barnaverndarstofu (2009) er ekki alltaf rætt við börn við könnun mála hjá barnaverndarnefndum. Þó að oftar sé rætt við barn nú en fyrir nokkrum árum er enn í allt að 30% tilvika ekki rætt við barnið. Rannsókn á því hvernig sjónarmið barna kemur fram í dómsmálum í barnaverndarmálum hefur hins vegar ekki verið gerð fyrir hér á landi.

Rannsóknarspurningin var: Hvernig birtist barnið í dómum í barnaverndarmálum á Íslandi? Undirspurningar voru þær, hvort lögð væri áhersla á að gæta að hagsmunum barnsins, hvort talað væri við barnið og sjónarmið þess birt, og hvort einhverjir þættir ýti undir að hagsmuna barnsins sé ekki gætt eða að áhersla sé ekki lögð á barnið.

Rannsóknin beindist að barnaverndarmálum samkvæmt 27., 28. og 29. gr. barnaverndarlaga, sem fjalla um tilvik þegar barnaverndarnefnd krefst vistunar barns utan heimilis um skemmri eða lengri tíma í andstöðu við foreldra og/eða barn. Tímabilið til skoðunar var frá gildistöku laga nr. 80/2002 til ársloka 2009.

Rannsóknin er unnin til meistaraþrófs undir leiðsögn Anníar G. Haugen, lektors í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands, og fær hún bestu þakkir fyrir aðstoðina. Sömu leiðis þakka ég þeim sem lásu yfir ritgerðina á ýmsum stigum, Hrefnu Friðriksdóttur, lögfræðingi og lektor við lagadeild Háskóla Íslands, dr. Steinunni Hrafnadóttur, dósent við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands og Margréti Rós Ingólfsdóttur félagsfræðingi á Fjölskyldu- og fræðsluviði Vestmannaeyja. Rannsóknin hlaut styrk úr Vísindasjóði Félagsráðgjafafélags Íslands haustið 2010.

Þátttaka barnsins

Það sjónarmið sem fram kemur í 3. grein Barnasáttmálans, að grípa skuli til ráðstafana sem barninu er fyrir bestu, er flestum kunnugt og rótgróið í barnaverndarstarfi okkar tíma. Sjónarmið 12. greinar Barnasáttmálans er það að barnið eigi rétt á að tjá sig

og að taka skuli réttmætt tillit til sjónarmiðs þess við ákvarðanir í málefnum sem það snerta. Það er þekkt í barnaverndarstarfi að óskir og sjónarmið barnsins fara ekki alltaf saman við það sem talið er barninu fyrir bestu. Samspil þessara tveggja sjónarmiða sem koma fram í ofangreindum greinum Barnasáttmálans kristallast í meðferð barnaverndarmála fyrir dómstólum. Kenningarlegum grundvelli umræðunnar má því varpa fram í tveimur spurningum, þ.e. annars vegar hvers vegna barnið ætti að taka þátt og hins vegar hvernig hægt er að láta barnið taka þátt án þess að það skaði hagsmunum þess.

Þátttaka barnsins – hvers vegna

Segja má að röksemdafærslur fyrir þátttöku barnsins komi fram í fimm atriðum, þ.e. að börnin eiga rétt til þátttöku, það eykur lýðræðisvitund þeirra, það stuðlar að valdeflingu þeirra, þau hafa hæfileika til þátttöku og það er ávinningur af þátttöku þeirra (James, Curtis og Birch, 2008; Jóhanna Einaradóttir, 2008; Lansdown, 2005; Schelderup o.fl., 2005; Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000). Réttindi barna samkvæmt alþjóðlegum sáttmálum, m.a. til þátttöku í eigin málefnum, þróuðust í kjölfar lýðræðisvitundar í samfélaginu og aukins skilnings á nauðsyn mannréttinda í kjölfar hörmunga heimsstyrjaldanna á liðinni öld (Hrefna Friðriksdóttir, 2009). Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna spratt m.a. upp úr þeim jarðvegi. Nátegt þessu er aukin vitneskja um nauðsyn lýðræðisvitundar í uppeldi. Viðurkennt er að það krefst undirbúnings og þjálfunar að taka þátt í samfélaginu sem virkur þjóðfélagsþegn. Hugmyndir franska heimspekingsins Michels Foucault höfðu mikil áhrif á fagstéttir sem fjölluðu um börn og aðstæður þeirra, og fram kom viðurkenning á gagnsemi valdeflingar til handa skjólstaðingum, þar með talið börnum (Epstein, 1999). Sérfræðingar gerðu sér grein fyrir mikilvægi þess að færa börnum tækifæri til þátttöku til að efla þau, ekki síst í erfiðum aðstæðum, og að verndun barnsins þyrfti ekki að vera andstæð valdeflingu þess. Barnið sem áður var talið óhæft til að taka ákvarðanir um eigin málefni, hefur í auknum mæli verið viðurkennt sem hæfur einstaklingur og öflugur þekkingarsmiður í eigin lífi. Loks má nefna þann ávinning sem felst í því að gefa börnunum kost á þátttöku þar sem þau geta best lýst því hvernig þau skynja aðstæður sínar. Frásögn barnanna er dýrmæt til að skilja þessar aðstæður, ekki síst þar sem ekki er alltaf eining um það hvað barni sé fyrir bestu.

Þátttaka barnsins – hvernig

Arnstein (1969) fjallaði um stigskipta þátttöku í samfélaginu allt frá stjórnun yfirvalda (e. manipulation) og málamyndaðþátttöku (tokenism) að valdi borgaranna (citizenship control). Með þátttöku barnsins þarf að hafa í huga markmiðið með þátttökunni því að annars er hætt við að þátttakan sé barninu gagnslaus þegar best lætur og skaðleg þegar verst lætur. Ýmislegt bendir til þess að þátttaka barnsins sé oftast á forsendum hinna fullorðnu, í formi stjórnunar eða málamyndaðþátttöku (Lansdown, 2005; Slettebø og Seim, 2007).

Benda má á að þátttökustigi Arnstein eigi að takmörkuðu leyti við um barnaverndarvinnu. Börn velja sjaldnast afskipti barnaverndaryfirvalda, heldur eru slík afskipti afleiðing aðstæðna barnsins. Að auki þarf að taka tillit til viðkvæmrar stöðu og valdaleyfis barnsins og sérstöðu þess í heimi fullorðinna. Ekki er hægt að hafna forsjárhugsun alfarið í málefnum sem snúa að börnum því að þau þurfa sérstaka vernd (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2005). Hjá börnum þýðir þátttaka ekki endilega vald til ákvarðanatöku, þátttaka er ekki það sama og að fá vilja sínum framgengt. Það mikilvægasta er að fá góðar upplýsingar og finna að eigin skoðanir eru mikilvægar (Littlechild, 2000; Seim, 2007).

Þegar foreldrar hafa ekki lengur það hlutverk að vera málsvavar barnsins, eins og gerist þegar deilt er um forsjá þeirra fyrir dómstólum, vaknar sú spurning hverjir ættu að taka við því hlutverki. Félagsráðgjafar og aðrir starfsmenn barnaverndarnefnda hafa gert tilkall til þess að vera sú stétt sem eigi að vera málsvavar barnanna, en þegar málin fara fyrir dóm eru vísendingar um að ekki sé litið á félagsráðgjafana sem óháða fagmenn þó að óljóst sé að mörgu leyti hvort þeir teljist málsaðilar eða vitni í slíkum málum (Sanders og Mace, 2006; Stein, 2006). Óljós afmörkun er á milli hlutverka barnaverndarnefndar og starfsmanna barnaverndarnefnda því samkvæmt 14. gr. gildandi barnaverndarlaga er heimilt að fela starfsmönnum nefndanna könnun, meðferð og ákvarðanaald í ákveðnum málum þótt úrskurðir og ákvarðanir um málshöfðun séu ávallt á hendi nefndarinnar. Í barnaverndarlögum er kveðið á um að barni skuli skipaður talsmaður ef slíkt er talið þjóna hagsmunum barnsins best. Hlutverk talsmanns er hins vegar fremur óskilgreint, og miðað við niðurstöður erlendra rannsókna (Sanders og Mace, 2006; Stein, 2006; Weisz og Thai, 2003) virðist ekki fyllilega ljóst hvert hlutverk talsmannsins er í málarekstri fyrir dómstólum. Einnig er

talsverð skörun á milli hlutverka barnaverndarstarfsmanna, talsmanna, dómkvaddra matsmanna og meðdómenda.

Í allri umfjöllun um tjáningarrétt má ekki gleyma viðkvæmri stöðu barnsins, þ.e. valdaleyfi þess, hvernig það nýtur oft og tíðum réttinda einungis í gegnum foreldra sína og er þeim háð, tilfinningalega, félagslega og líkamlega. Ávallt þarf að taka tillit til aldurs, þroska og aðstæðna, en það gefur okkur ekki heimild til að hunska skoðanir þeirra barna sem við teljum vera vanmáttug til að birta sjónarmið sitt. Í gildandi barnaverndarlögum er víðast miðað við 12 ára aldursmark, þ.e. að börn 12 ára og eldri eigi skilyrðislausan rétt til að tjá sig (sbr. 46. gr. barnaverndarlaga), en annars skuli miðað við aldur barns og þroska. Í frumvarpi því, sem nú er til meðferðar á Alþingi um breytingar á núgildandi barnaverndarlögum, er lagt til að þetta 12 ára aldursmark verði fellt niður. Rökin eru þau að aldursmörkin geti haft óheppileg áhrif í þá átt að draga úr rétti yngri barna til tjáningar (Þingskjal 947, 2009–2010), enda er í Barnasáttmálanum engin sérstök aldursákvæði að finna, heldur lögð áhersla á að meta aldur og þroska barns hverju sinni.

Aðferð

Til að nálgast dómsskjölin var leitað til héraðsdómstóla og Hæstaréttar. Einnig var leitað til barnaverndarnefnda landsins og Barnaverndarstofu eftir sömu upplýsingum og þá einkum til að tryggja að allir dómar og úrskurðir væru komnir fram. Með þessum hætti fengust 65 dómar og úrskurðir þar sem efnisleg ákvörðun var tekin, en þeim málum sleppt úr rannsókninni þar sem gerðar voru dómssáttir, máli vísað frá eða þegar mál fékk af öðrum orsökum ekki efnislega úrlausn (Guðrún Jónsdóttir, 2010).

Gagnarýni (document analysis) er hluti af eigindlegri aðferðafræði og byggist sem slík á uppgötvunarferli, lýsingum á viðfangsefnum og leit að undirliggjandi mynstri og ferlum (Barbour, 2008). Útbúið var rannsóknarskema sem tók mið af rannsóknarspurningunni og dómsskjölin síðan lesin til að finna hvaða áherslur eru lagðar á barnið, sjónarmið þess og hvernig það birtist. Aðferðin hefur þær takmarkanir að erfitt er að alhæfa yfir á stærra þýði, og endurspeglar niðurstöður því aðeins það sem skoðað er, í þessu tilviki dómsskjöl um vistun barna. Talsverðar upplýsingar vantar um vinnslu málsins frá upphafi og ennfremur er þetta einungis lítil hluti barnaverndarmála á Íslandi. Aðferðafræðin krefst einnig agaðra vinnubragða af hálfu rannsakanda. Þar sem rannsak-

andi er sjálfur starfsmaður barnaverndarnefndar er sú hætta fyrir hendi að starfssviðið móti afstöðu rannsakandans við framkvæmd rannsóknarinnar. Hins vegar var lögð aðaláhersla á að skoða sýnileika barnsins í málsskjölunum en síður að leggja efnislegt mat á niðurstöður dómsmálanna.

Kostir rannsóknarinnar eru m.a. þeir að með þessu móti birtist heildstætt yfirlit um þau barnaverndarmál sem farið hafa fyrir dómstóla, skjölin sjálf eru óháð og áreiðanleg heimild án þess að vera persónugreinanleg og friðhelgi málsaðila er því virt.

Niðurstöður

Af þeim 65 dómum og úrskurðum sem lágu fyrir fjölluðu 7 mál um áfrýjun úrskurðar barnaverndarnefndar um vistun barns utan heimilis til tveggja mánaða samkvæmt 27. grein barnaverndarlaga. 31 mál fjallaði um kröfu barnaverndarnefndar fyrir dómi um vistun barns til allt að 12 mánaða (28. grein barnaverndarlaga) og 27 mál voru höfðuð af hálfu barnaverndarnefndar til að krefjast forsjárviptingar yfir foreldri/foreldrum (29. grein barnaverndarlaga). Um var að ræða 2–13 mál árlega, flest árið 2007.

Fjöldi mála var misjafn eftir héraðsdómsstólum en langflest þeirra voru rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur eða 46 mál. Héraðsdómur Reykjaness fjallaði um 12 mál, Héraðsdómur Suðurlands um 3 mál og Héraðsdómur Vestfjarða um 2 mál. Héraðsdómur Norðurlands eystra og Héraðsdómur Vesturlands fjölluðu um sitt málið hvor. Engir úrskurðir eða dómar voru frá Héraðsdómi Austurlands og Héraðsdómi Norðurlands vestra, en þar höfðu þó verið höfðuð mál þar sem gerð var dómssátt eða mál felld niður. Eins og áður segir voru þau mál ekki tekin með í rannsóknina vegna þess að oftast kemur lítið fram í þessum dómsskjölum um málsástæður og forsendur málsins.

Um þriðjungu eða 34% málanna var áfrýjað til Hæstaréttar. Í 55 málum af 65 var fallist á kröfu barnaverndarnefndar, en í 6 málum var úrskurðað foreldrum í vil. Í 4 málum var auk þess fallist á varakröfu foreldris eða barns og/eða úrskurðað um skemmi vistun en barnaverndarnefnd hafði farið fram á.

Í málum fyrir barnaverndarnefnd telst mál hvers barns sérstakt óháð því hvort um fleiri systkini er að ræða. Í dómunum er fjöldi barna hins vegar misjafn, eitt mál getur fjallað um fleiri en eitt systkini, auk þess sem ljóst var af lestri málsskjala að sum málanna höfðu ítrekað komið fyrir dómstóla, t.d. að úrskurðað

hafði verið í fyrstu um 12 mánaða vistun barnsins en síðar um forsjárviptingu. Að teknu tilliti til þessa var skoðað hve mörg börn komu við sögu, og að gefinni þeirri forsendu að það komi ávallt fram í dómsskjölum að um málið hefði verið fjallað áður, voru 91 börn á bak við þessa 65 dóma. Mest var fjallað um 4 börn (systkini) í einu máli en í 33 málum var fjallað um eitt barn.

Skoðað var sérstaklega hversu mörg börn áttu við þroskafrávik að stríða og átti það við um 17 þeirra. Ekki var þó alltaf ljóst að um skilgreinda fötlun væri að ræða og ýmislegt benti til þess að stundum væri verið að tala um sértækan námsvanda, ADHD og fleiri greiningar.

Skipting barnanna eftir kyni var svipuð og í barnaverndarmálum almennt (Barnaverndarstofa, 2009), 56% drengir og 44% stúlkur.

Aldur barnanna var allt frá nýfæddu barni til barna á átjándu aldursári. 16% barnanna voru 15 ára og eldri, 20% voru 12–14 ára og 23% voru 8–11 ára. Þá voru 22% 4–7 ára, 11% 0–3 ára, en upplýsingar skorti um 8% (fæðingarár eða aldur kom ekki alltaf fram í gögnunum). Ljóst er því að 36% barnanna áttu ótvíræðan rétt til að tjá sig skv. barnaverndarlögum þar sem slíkt er miðað við 12 ára aldursmark, en þau sem yngri eru eiga þann rétt miðað við þroska og aðstæður. Ofangreint aldursmark virtist þó ekki alltaf hafa verið haft til hliðsjónar því að í nokkrum tilvikum var rætt við yngri börn (yngst 4 ára), en hins vegar var ekki rætt við 5 börn sem voru eldri en 12 ára. Börn sem eru 15 ára og eldri teljast aðilar máls í þeim tilvikum sem hér um ræðir, þ.e. vistun barns utan heimilis gegn vilja foreldra og/eða barns. Ef um forsjárviptingarmál skv. 29. grein er að ræða eiga þau rétt til meðalgöngustefnu í málinu, en að öðrum kosti rétt til málsaðildar. Af þeim 15 börnum sem náð höfðu rétti til málsaðildar eða meðalgöngustefnu, nýttu 8 börn sér þann rétt, en ekki er alltaf ljóst af málsskjölum hvort þeim var kynntur sá réttur sinn.

Þegar ýmsir þættir málsmeðferðar eru skoðaðir kemur í ljós að hlutfall þeirra mála sem áfrýjað er til Hæstaréttar virðist í samræmi við áfrýjunarhlutfall annarra einkamála, e.t.v. ívið herra. Erfitt var þó að meta þetta fyllilega þar sem flokkun málanna er ekki alltaf ljós hjá héraðsdómstólunum (Dómstólaráð, e.d.). Í barnaverndarlögum er gert ráð fyrir setu meðdómenda í forsjárviptingarmálum (Barnaverndarlög nr. 80/2002, 54.gr.; Þingskjal 403, 2001–2002) og í lagafrumvarpi því sem nú liggur fyrir Alþingi er árétt að og skerpt á þessu ákvæði (Þingskjal 947, 2009–

201). Í 9 af 27 málum voru hins vegar engir meðdómendur og aðeins í einu af þessum 9 málum var stuðst við forsjarhæfnimat og dómkvaddan matsmann. Við lauslega athugun á forsjardeilumálum milli foreldra skv. barnalögum á vefsvæði héraðsdómstólanna og Hæstaréttar kom í ljós að oftast virðast kvaddir til meðdómendur eða matsmenn í forsjardeilumálum en barnaverndarmálum.

Við gagnarýnina kom í ljós stigvaxandi nálgun að barninu í dómsskjölunum. Í þremur málum var lítið sem ekkert vísað til barns eða aðstæðna þess, einungis reifaðar aðstæður foreldra og krafa barnaverndarnefndar og úrlausn dómstóla fyrst og fremst miðuð við þær aðstæður. Í flestum málanna, 31 talsins, var vísað til almennra hagsmuna eða réttinda barns en hins vegar kemur ekki fram að talað hafi verið við barnið og það virðist ekki hafa fengið að tjá sig um málið eða láta í ljós sjónarmið sitt. Í 10 málum kemur fram að talað hafi verið við barnið en sjónarmið þess fær að öðru leyti enga umfjöllun og ekki er byggt á því sjónarmiði við ákvarðanatöku í málinu. Í 21 máli kemur fram að talað hafi verið við barnið og sjónarmið þess kemur skýrt fram, jafnvel vísað til þess í niðurstöðum dómsins.

Þrátt fyrir að lagt yrði til grundvallar að vilji stúlkunnar sjálfar sé sá sem fram kom í skýrslu hennar fyrir héraðsdómi verður talið að hagsmunum hennar sé best borgið með því að tekin verði til greina krafa sóknaraðila um vistun hennar utan heimilis varnaraðila í 12 mánuði frá 15. janúar 2008 að telja. Verður því fallist á hana (Hæstaréttardómur 313/2008, bls. 1).

Í niðurstöðum rannsóknarinnar er fjallað efnislega um nokkra úrskurði og tekin dæmi af málum í einstökum flokkum eins og hér að ofan. Þá voru skoðaðir sérstaklega þeir úrskurðir þar sem barn var málsaðili. 15 börn höfðu náð 15 ára aldri og höfðu þar með rétt til málsaðildar eða meðalgöngustefnu. Eins og fram kom hér að framan nutu 8 af þessum 15 börnum málsaðildar. Í langflestum þessara mála kemur sjónarmið barnsins hins vegar skýrt fram og í meirihluta málanna er einnig byggt á afstöðu þeirra við niðurstöðu máls.

Ennfremur voru sérstaklega athugaðir þeir úrskurðir þar sem hnekkt var kröfu barnaverndarnefndar að hluta eða öllu leyti. Nokkur atriði voru ein-kennandi fyrir þá úrskurði. Þar ber fyrst að nefna að dómari hafi talið meðalhófs ekki gætt eða vægari

úrræði ekki fullreynd (í 7 málum af 10), að sjónarmið barnsins komi ekki fram eða ekki lögð áhersla á það við ákvarðanatöku (í 7 málum af 10), sérfræðipækking ekki nýtt sem skyldi, t.d. að meðdómendur vanti í forsjársviptingarmálum og/eða ekki fallist á röksemdir sérfræðinga barnaverndarnefndar (6 mál af 10) og að lokum að gerðar voru athugasemdir við málsmeðferð barnaverndarnefndar, t.d. að andmælaréttar hefði ekki verið gætt (2 mál af 10).

Umræða

Rætt er við börnin í tæpum helmingi mála og svo virðist sem sjónarmið þeirra sé tekið til raunverulegrar umfjöllunar í þriðjung mála. Leiða má líkur að því að í meirihluta mála sé um svokallaða málamyndabáttöku að ræða (Arnstein, 1969) og að slíkt geti reynst barninu gagnslaust þegar best lætur en skadlegt þegar verst lætur, þar sem það dregur úr valdeflingu þess og ýtir undir tilfinningu um valdleysi og vanmátt. Vísbendingar eru ennfremur um að sjónarmið yngri barna séu síður virt og í raun séu þau sjaldan spurð álits nema málið snúist um stærri systkinahóp þar sem eldri systkini hafa náð 12 ára aldri, því að áskilið er að ræða við barn þegar þeim aldri er náð. Þó eru einnig dæmi um mál þar sem ekki virðist hafa verið rætt við börn þó að þau hafi náð 12 ára aldri og ekki alltaf samræmi þar á milli dóma. Þannig mátti sjá dæmi um mál sem Hæstiréttur vísaði aftur í hérað á þeim forsendum að ekki hefði verið rætt við barnið, en einnig var dæmi um mál þar sem Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu héraðsdóms þó að ekki hefði verið rætt við börnin sem voru 6 og 13 ára gömul (Hæstaréttardómar 174/2008, 192/2008 og 619/2008).

Oftast er fallist á niðurstöður barnaverndarnefnda, en dómstólar virðast þurfa að fá staðfestingu á málsrökum þeirra með utanaðkomandi mati, svo sem foreldrahæfnismati, meðdómendum eða dómkvöddum matsmönnum. Vísbendingar eru um að þetta hafi áhrif á málsmeðferðartímann sem er oft og tíðum langur og vinnur það gegn hagsmunum barnsins því að það eykur líkurnar á endurteknum skammtavistunum með tilheyrandi tengslarofi og óvissu fyrir barn, foreldra og fósturforeldra. Hugsanlega er skýringuna á þessu að finna í ólíkri aðferðafræði lögfræðinga og félagsráðgjafa (Ellingsæter, 2008) sem stundum greinir á um hvort meðalhófs hafi verið gætt, þ.e. að valin hafi verið vægasta leiðin sem skilar tilætluðum árangri, að tryggja öryggi og velferð barns. Þá er ekki ljóst hvort staða starfsmanna barnaverndarnefnda sé skilgreind sem vitni eða málsaðili,

en það getur haft áhrif á trúverðuleika starfsmanna fyrir dómstólum.

Ýmislegt bendir til að dómarrar séu meira hikandi við að úrskurða um t.d. forsjársviptingar ef ekki hefur reynt fyllilega á skammtímavistun áður (þ.e. úrskurði skv. 27. og 28. grein barnaverndarlaga). Einkum á þetta við þegar um vímuefnaneyslu foreldra er að ræða og má spyrja hvort þeir foreldrar sem eiga við vímuefnavanda að stríða fái fleiri tækifæri en foreldrar sem hafa skerta forsjarhæfni af öðrum sökum, t.d. vegna geðrænna vandkvæða eða þroskaskerðingar, eða jafnvel hvort börn þeirra fyrrnefndu njóti minni verndar.

Hlutverk talsmanns barns er nokkuð á reiki og í raun ekki skilgreint hverjir ættu helst að hafa það hlutverk að ræða við börn og fá fram sjónarmið þeirra; þ.e. barnaverndarstarfsmenn, talsmenn barns, lögfræðingar, meðdómendur eða dómkvaddir matsmenn.

Helstu ábendingar til dómstóla í kjölfar þessara niðurstaðna snúa að eftirfarandi þáttum:

- Málsmeðferðartími er oft og tíðum langur og virðist sem ekki sé alltaf samræmi á milli umfangs máls og þess tíma sem það tekur fyrir dómstólum. Í fyrirbyggjandi frumvarpi til breytinga á barnaverndarlögum er áréttað að barnaverndarmál skuli njóta flýtimeðferðar fyrir dómstólum og styðja niðurstöður þessarar rannsóknar nauðsyn þess.
- Sjónarmið barnsins þarf að koma oftast fram og að það sé oftast tekið til umfjöllunar, t.d. með því að vísa til þess í dómsniðurstöðum. Það er ekki nóg að gæta þess að rætt sé við barnið ef ekkert er gert við niðurstöðurnar úr því samtali. Í áðurnefndu frumvarpi til breytinga á barnaverndarlögum er lagt til að dómari meti sérstaklega hvort afstaða barns komi fram með nægilega skýrum hætti í gögnum máls, en að öðrum kosti skuli barn eiga rétt á að tjá sig um málið í samræmi við aldur sinn og þroska.
- Gæta þarf þess að mál sé nægilega upplýst, með utanaðkomandi sérfræðialiti ef þörf krefur. Þar sem ekki hafa verið kvaddir til meðdómendur í öllum forsjársviptingarmálum er mikilvægt að gæta þess að sérfræðialit liggi fyrir á annan hátt, svo sem með forsjarhæfnimati eða dómkvöddum matsmanni. Áréttað er í fyrirbyggjandi frumvarpi til breytinga á barnaverndarlögum að áskilið sé að kveðja til sérfróða meðdómendur í forsjársviptingarmálum.

Nokkuð ber á ósamræmi milli dóma í ofangreindum atriðum, þ.e. hvort leitað sé sjónarmiðs barns og hvort sérfróðir meðdómendur eða matsmenn séu ávallt til staðar.

Helstu ábendingar til barnaverndaryfirvalda eru eftirfarandi:

- Leggja þarf áherslu á að hlusta á börnin frá upphafi máls, þ.e. að rætt sé við þau strax við könnun máls, börnum kennt að tala við fullorðna og ekki síður að starfsmenn læri að tala við börnin og hlusta á þau. Með því móti aukast líkur á að ávallt sé tekið mið af sjónarmiðum þeirra við meðferð máls, og þar með aukast líkur á farsælli niðurstöðu fyrir börnin.
- Skoða þarf vel hlutverk talsmanna, hvenær þeir skuli kallaðir til og hvernig þeir geti komið sjónarmiðum barna skýrar á framfæri, ekki síst yngri barna sem þurfa meiri aðstoð en þau eldri við að tjá sig.
- Ýmislegt bendir til þess að auka þurfi fræðilega og faglega umfjöllun í málsmeðferð fyrir dómstólum. Í raun greinir dómstóla og barnaverndarnefndir sjaldan á, en í málflutningi barnaverndaryfirvalda ætti áherslan ekki aðeins að varða það hvað gera þurfi til að tryggja velferð barns, heldur ætti ekki síður að útskýra hvers vegna umræddar aðgerðir eru taldar tryggja hana. Mikilvægt er að barnaverndaryfirvöld vinni með lögfræðingum og fái aðstoð þeirra varðandi málsmeðferðina sem slíka, en fagleg og fræðileg umfjöllun ætti að vera á höndum sérfræðinga barnaverndarnefndar. Ef forsendur hins faglega mats liggja ekki fyrir, t.d. um áhrif endurtekinna skammtímavistana á tengslamyndun og velferð barns, geta dómstólar í raun aðeins fjallað um lögfræðileg álitafni málsins.

Samþætting þeirra sjónarmiða, hvað barninu sé fyrir bestu og að réttur þess til þátttöku og tjáningar sé virtur, er sameiginlegt verkefni barnaverndaryfirvalda og dómstóla í þeim málum sem hér er fjallað um. Með því að gæta að þessari samþættingu komumst við að bestu sameiginlegu niðurstöðu fyrir barnið og stuðlum að valdeflingu þess.

Heimildir

- Anni G. Haugen. (2004). *Beiting úrræða í barnaverndarmálum, mörkin milli stuðnings og þvingunar og ákvörðunarferlið*. Reykjavík: Barnaverndarstofa.
- Anni G. Haugen. (2007). Samvinna í barnavernd. Í Gunnar Þór Jóhannesson (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísun*.



- dum VIII (bls. 231–240). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Anni G. Haugen. (2009). Samvinna við gerð áætlana um meðferð máls í barnaverndarstarfi. Í Halldór Sig. Guðmundsson og Silja Bára Ómarsdóttir (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum X: Félagsráðgjafardeild og stjórnmálafræðideild. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2009*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Arnstein, S.R. (1969). A ladder of citizen participation. *Journal of the American Institute of Planners*, 35(4), 216–224.
- Barbour, R. (2008). *Introducing qualitative research*. London: Sage Publications.
- Barnaverndarlög* nr. 80/2002.
- Barnaverndarstofa. (2009). *Ársskýrsla 2008–2009*. [Vefútgáfa]. Sótt 20. mars 2010 á <http://www.bvs.is/files/file853.pdf>.
- Committee on the Rights of the Child. (2003). *Consideration of reports submitted by states parties under article 44 of the convention: Concluding observations: Iceland*. Sótt 24. mars 2010 á [http://www.unhcr.ch/tbs/doc.nsf/\(Symbol\)/CRC.C.15.Add.203.En?OpenDocument](http://www.unhcr.ch/tbs/doc.nsf/(Symbol)/CRC.C.15.Add.203.En?OpenDocument).
- Dómstólaráð. (e.d.). *Tölfræði héraðsdómstólanna*. Sótt 23. mars 2010 á <http://domstolar.is/domstolarad/tolfraedi/>.
- Ellingsæter, A.L. (2008). *Om begrepet „barnets beste“*. NOU, 9, 2007. Med barnet i fokus. [Vefútgáfa]. Sótt 22. júlí 2010 á <http://www.regjeringen.no/nb/dep/bid/dok/nouer/2008/nou-2008-9/21.html?id=508273>.
- Epstein, L. (1999). The culture of social work. Í A.S. Chamberlain, A. Irving og L. Epstein (ritstj.), *Reading Foucault for social work* (bls. 3–26). New York: Columbia University Press.
- Fátækralög* nr. 43/1927.
- Guðrún Jónsdóttir. (2010). *Sýnileiki barnsins í barnaverndarmálum fyrir dómstólum á Íslandi 2002–2009*. Óbirt meistaraþrófritgerð í félagsráðgjöf. Háskóli Íslands. Félagsráðgjafardeild.
- Hrefna Friðriksdóttir (2006). Hlutverk dómstóla samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga nr. 80/2002. Í Pétur Kr. Hafstein o.fl. (ritstj.), *Guðrúnarbók* (bls. 295–321). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Hrefna Friðriksdóttir. (2009). Samningur um réttindi barnsins. Í Björg Thorarensen, Hjördís Björk Hákonardóttir og Róbert R. Spanó (ritstj.), *Mannréttindasamningar Sameinuðu þjóðanna: Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt* (bls. 289–338). Reykjavík: Bókaútgáfan CODEX – Mannréttindastofnun HÍ.
- Hæstaréttardómur 174/2008, 7. apríl 2008.
- Hæstaréttardómur 192/2008, 23. apríl 2008.
- Hæstaréttardómur 313/2008, 16. júní 2008.
- Hæstaréttardómur 619/2008, 21. nóvember 2008.
- James, A., Curtis, P. og Birch, J. (2008). Care and control in the construction of children's citizenship. Í A. Ivernizzi og J. Williams (ritstj.), *Children and citizenship* (bls. 85–96). London: Sage Publications.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2008). Þátttaka barna. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstj.), *Sjónarmið barna og lýðræði í leikskólasterfi*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Lansdown, G. (2005). *Can you hear me? The right of young children to participate in decisions affecting them*. (Working paper 36). The Hague: Bernard van Leer Foundation.
- Littlechild, B. (2000). Children's right to be heard in child protection processes, law policy and practice in England and Wales. [Vefútgáfa]. *Child Abuse Review*, 9, 403–415.
- Lög um barnavernd* nr. 43/1932.
- Lög um skilorðsbundna hegningardóma og hegningu barna og unglinga* nr. 39/1907.
- Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins* nr. 18/1992.
- Sanders, R. og Mace, S. (2006). Agency policy and the participation of children and young people in the child protection process. [Vefútgáfa]. *Child Abuse Review*, 15(2), 89–109.
- Schjeldrup, L., Omre, C., Marthinsen, E., Horverak, S. og Hyrve, G. (2005). Mot et nytt barnevern. Í L. Schjeldrup, C. Omre og E. Marthinsen (ritstj.), *Nye metoder i et moderne barnevern* (bls. 9–51). Bergen: Fagbokforlaget.
- Seim, S. (2007). Brukermedvirkning – et fremmedord for barn og ungdom i barnevernet. Í S. Seim og T. Slettebø (ritstj.), *Brukermedvirkning i barnevernet* (bls. 68–88). Oslo: Universitetsforlaget.
- Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir. (2000). Áfram foreldrar. Rannsókn um sameiginlega forsjá og velferð barna við skilnað foreldra. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir. (2005). Réttur barna og velferð við skilnað foreldra: Um lýðræðishugsun og hagsmuni. *Tímarit lögfræðinga*, 55(2), 183–196.
- Slettebø, S. og Seim, S. (2007). Brukermedvirkning i barnevernet. Í S. Seim og T. Slettebø (ritstj.), *Brukermedvirkning i barnevernet* (bls. 21–45). Oslo: Universitetsforlaget.
- Stein, T.J. (2006). *Child welfare and the law*. Washington: CWLA Press.
- Weisz, V. og Thai, N. (2003). The Court Appointed Special Advocate (CASA) Program: Bringing information to child abuse & neglect cases. *Child Maltreatment*, 8, 204–210.
- Þingskjal 403. (2001–2002). *Frumvarp til barnaverndarlaga* nr. 80/2002. Sótt 17. mars 2009 á <http://www.althingi.is/altxt/127/s/0403.html>.
- Þingskjal 947. (2009–2010). *Frumvarp til laga um breytingar á barnaverndarlögum nr. 80/2002, með síðari breytingum*. Sótt 3. apríl 2010 á <http://www.althingi.is/altxt/138/s/0947.html>.

Áhrif alnæmisfaraldursins á ungar stúlkur í Úganda – rofin fjölskyldutengsl

**Sigurlaug Hauksdóttir, félagsráðgjafi, MA
Landspítalanum og Embætti landslæknis**



Ágrip

Sjúkdómurinn HIV/alnæmi hefur haft gríðarleg áhrif um heim allan, bæði á einstaklinga og samfélög. Tveir þriðju þeirra sem hafa smitast búa í Afríku og smitunartíðnin er hæst meðal ungra stúlkna (UNAIDS, 2010). Tilgangur þessarar rannsóknar var að kanna hvernig alnæmisfaraldurinn í Úganda hefur haft áhrif á líf ungra stúlkna; rof fjölskyldutengslna á uppvaxtarárum og ábyrgð á börnum síðar á lífsleiðinni. Beitt var eigindlegri rannsóknaraðferð og tekin opin viðtöl við 15 stúlkur sem nutu stuðnings samtakanna Candle Light Foundation í Kampala, höfuðborg Úganda í Afríku. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að alnæmisfaraldurinn og fátæktin í landinu hafði haft mikil áhrif á líf þeirra. Uppvaxtarárin einkenndust af rofnum fjölskyldutengslum vegna dauða annars eða beggja foreldra, skilnaðar foreldra þeirra eða vegna þess að foreldrarir yfirgáfu þær. Þessu fylgdu síðan flutningar, með eða án systkina. Þegar stúlkurnar uxu úr grasi báru þær oft bæði ábyrgð á eigin börnum og annarra. Með eigin styrk og stuðningi stórfjölskyldunnar tókust þær á við erfiðar aðstæður. Þekking á fjarlægum og framaní aðstæðum geta gagnast félagsráðgjöfum í störfum sínum.

Lykilorð: HIV/alnæmi, Úganda, eigindleg rannsókn, munaðarlausar stúlkur, bágstaddar stúlkur.

Abstract

HIV/AIDS has had enormous global impact on individuals and societies alike. Two thirds of those infected live in the African nations, and the rate of infection is highest among young females (UNAIDS, 2010). The goal of this research was to investigate the effects of the AIDS epidemic on the lives of young females in Uganda, the severed family ties during their childhood and responsibility for children later in their lives. A qualitative method was used, and open interviews conducted with 15 girls supported by the Candle Light Foundation in Kampala, the capital of Uganda in Africa. The results showed that the AIDS epidemic and poverty had significantly affected their lives. The girls invariably had severed family ties due to the death of one or both parents, divorce or being abandoned by the parents and subsequent relocation with or without their siblings. Later in life they were often responsible for children, their own and others. The girls nevertheless had strength and support from the extended family to deal with the situation. Knowledge of

remote and exotic conditions can be a valuable asset to social workers.

Keywords: HIV/AIDS, Uganda, qualitative study, orphans, vulnerable children.

Inngangur

Frá því að HIV/alnæmis var fyrst vart í heiminum um 1980 hafa 25 milljónir manna látist af völdum sjúkdómsins og 33,3 milljónir manna voru smitaðar árið 2009. Nú eru 0,8% jarðarbúa á aldrinum 15–49 ára með HIV/alnæmi og fjöldi smitaðra heldur áfram að aukast (UNAIDS, 2010). Sjúkdómurinn orsakast og dregur nafn sitt af veirunni HIV (Human Immunodeficiency Virus) og lokastig sjúkdómsins er alnæmi eða AIDS (Acquired ImmunoDeficiency Syndrome). Lífslíkur HIV-jákvæðs fólks eru að meðaltali átta til tíu ár og um þrjú ár með alnæmi (UNAIDS, 2009). HIV-lyf geta bæði aukið lífslíkur og lífsgæði verulega en aðgengi smitaðra að lyfjunum var 35% árið 2010 (UNAIDS, 2010). Sjúkdómurinn hefur breiðst um öll lönd, en mun fleiri eru smitaðir í þróunarríkjum en í þróuðum ríkjum heims, bæði hlutfallslega og hvað varðar fjölda.

Afríka er sú heimsálfa sem einkum hefur orðið fyrir barðinu á alnæmi, en þar bjuggu 68% smitaðra í heiminum árið 2009 eða um 23 milljónir manna (UNAIDS, 2010). Heimkynni tveggja þriðju hluta ungs HIV-jákvæðs fólks á aldrinum 15–24 er sunnan Sahara, þar af stúlkna í 76% tilvika (UNAIDS IATT, 2008). Þar bjuggu einnig 92% allra HIV-jákvæðra barna undir 15 ára aldri í heiminum eða 2,3 milljón (UNAIDS, 2010). Sýnilegustu afleiðingar alnæmisfaraldursins er samt hinn mikli fjöldi munaðarlausra barna í álfunni, en þau telja 14,1 milljón eða 80% allra munaðarlausra barna í heiminum (UNAIDS, 2009).

Úganda

Í Úganda, sem er eitt af ríkjum Afríku sunnan Sahara, búa um 32 milljónir, en um tveir af hverjum

Þremur landsmönnum eru undir 18 ára aldri. Mæðra- og ungbarnadauði er um 12 sinnum hærra þar en á Vesturlöndum (UNICEF, 2010). Í landinu, eins og í flestum löndum sunnan Sahara, ríkir almennur alnæmisfaraldur en á öðrum stöðum heims eru sér-tækir faraldrar algengir þar sem smit dreifist aðallega innan áhættuhópa á borð við sprautufikla, karlmenn sem stunda kynmök með öðrum körlum eða fólk sem stundar vændi (IATT, e.d.). Langflestir hinna smit-uðu í Úganda eru því gagnkynhneigðir og hafa smit-ast við kynlíf eða í 76% tilvika (GU, 2010).

Reynt hefur verið að stemma stigu við útbreiðslu HIV/alnæmis í landinu, en þrátt fyrir umtalsverðan árangur voru um 5,4% landsmanna smituð í desember 2008, þar af 57% konur og 43% karlar (GU, 2010). Meginástæða þessa kynjamunar er talin valdaójafnvægi sem gerir samfélags- og fjárhagsstöðu kvenna og stúlkna í samfélaginu viðkvæmari og erfiðari en ella (UNAIDS, 2009). Aðgengi smitadra að lyfjameðferð hefur batnað á undanförunum árum, úr 39% árið 2006 í 54% 2009 (GU, 2010). Lífslíkur fólks hafa einnig aukist og voru árið 2008 að meðaltali 53 ár (UNICEF, 2010). Helsta dánarorsök fullorðinna í landinu er alnæmi (AMREF, 2010).

Árið 2007 voru börn 10% þeirra sem höfðu greinst HIV-jákvæðir í Úganda (Chulho, 2007), en talið er að 90% barna í heiminum hafi smitast í meðgöngu, við fæðingu eða brjóstgjöf (AVERT, 2010). Um eitt af hverjum fimm börnum undir 18 ára aldri hafði orðið fyrir barðinu á alnæmisfaraldrinum með öðrum hætti; 15% höfðu misst annað eða bæði foreldri og 8% voru bágstödd, áttu mjög veikt foreldri, eða að aðstandandi, sem þau höfðu búið hjá, hafði verið mjög veikur eða dáið á síðustu 12 mánuðum (UBOS og MII, 2007). Samkvæmt annarri víðari skilgreiningu eru bágstödd börn annars vegar munaðarlaus börn og hins vegar börn sem ekki bjuggu hjá foreldrum sínum, heldur á heimilum eldri barna eða gamals fólks, voru gift, í vinnu, ekki í skóla eða fötluð. Samkvæmt þessari skilgreiningu eru 65% barna landsins bágstödd, þar af eru 2,2 milljónir þeirra munaðarlausar, um helmingur vegna alnæmisfaraldursins og tæplega átta milljónir bágstaddir á annan hátt (Chulho, 2007).

Í þeim ríkjum þar sem faraldurinn hefur verið hvað skæðastur, eins og í Úganda, hefur heilbrigðiskerfið ekki lengur getað annast börn og fjölskyldur þeirra sem skyldi. Skólar hafa margir hverjir vart verið starfhæfir því að kennararnir hafa veikst og dáið. Bændur hafa orðið of veikir til að sinna býlum sínum og

margar fjölskyldur orðið að selja eignir sínar. Börn, sem hafa ekki misst fjölskyldu sína eða nána ástvini úr alnæmi, hafa oft misst kennara sína, bekkjarfélaga, nágranna eða aðrar fyrirmyndir í lífinu (UNICEF, 2005). Á sama tíma og fátækt þessara þjóða hefur aukist hafa þær orðið að veita æ meira fjármagni í heilbrigðismál.

Aðferð

Tilgangur þessarar rannsóknar var að öðlast skilning á því hvaða áhrif alnæmisfaraldur getur haft á líf stúlkna við jafnerfiðar aðstæður og eru í Úganda. Höfundur tók viðtöl við 15 ungar stúlkur á staðnum Candle Light Foundation (CLF) í Kampala, höfuðborg Úganda. Markmiðið var að kynna óbeinum áhrifum alnæmisfaraldursins á fjölskyldur stúlkanna og kastljósinu beint sérstaklega að rofnum fjölskyldutengslum á uppvaxtarárum þeirra og ábyrgð stúlkanna á börnum síðar á lífsleiðinni.

Eigindleg rannsóknaraðferð

Til að varpa ljósi á reynslu og líf þátttakenda þótti heppilegast að nota eigindlega rannsóknaraðferð því að hún kannar hvaða merkingu eða skilning þátttakendur sjálfir leggja í líf sitt og aðstæður (Taylor og Bogdan, 1998). Markmið þessarar aðferðar er að skilja veröldina eins og viðkomandi skilur hana sjálfur, fá fram mynd sem stenst samanburð við veruleikann. Hún dýpkar skilning á því fólki sem tekur þátt í rannsókninni, en vegna fæðar þátttakenda er ekki unnt að alhæfa út frá niðurstöðum slíkrar rannsóknar. Þessi rannsóknaraðferð er hentug þar sem hún getur veitt innsýn í líf og uppvaxtarár stúlkanna, eins og þær lýsa fortíð sinni áður en þær komu á CLF.

Þátttakendur

Tekin voru viðtöl við 15 ungar stúlkur sem styrktar voru til stuttrar starfsþjálfunar eða til almennrar skólagöngu hjá samtökunum Candle Light Foundation (CLF), en meginmarkmið þessara samtaka er að hjálpa ungum stúlkum, sem eiga um sárt að binda vegna alnæmisfaraldursins, til að hefja nýtt líf (Alnæmisbörn, 2010). Stúlkurnar komu úr öllu landinu og voru búsettar í höfuðborginni Kampala þegar þær sóttu um að komast á CLF. Þær voru 10–22 ára gamlar og almenn staða þeirra í lífinu bágborin. Þær voru oftast munaðarlausar vegna alnæmis aðstandanda og úr fátækum fjölskyldum en voru sárasjaldan háðar áfengi og öðrum vímuefnum eða komu beint af

götunni. Árið 2009 buðu samtökin CLF 121 stúlku upp á fjögurra mánaða starfsþjálfun í hárgreiðslu, ritvinnslu, saumaskap, handverki eða kerta- og sápu-gerð og 25 stúlkum til viðbótar í almennt grunn- og framhaldsskólanám (CLF, 2009).

Meðal stúlkanna var almennur áhugi á að taka þátt í rannsókninni. Rannsakandi valdi stúlkur af handahófi af námsmannalista CLF og upplýsti stjórnanda um nöfn stúlkanna kvöldið áður en viðtölin voru tekin. Í viðtölin komu níu stúlkur sem tóku þátt í mismunandi starfsþjálfun á CLF, aðrar þrjár höfðu lokið slíkri þjálfun og síðustu þrjár gengu hver í sinn grunnskólann, en þær voru þær einu sem voru HIV-jákvæðar. Tvær HIV-jákvæðar stúlkur, sem höfðu lokið þjálfun, mættu ekki í viðtölin og valdi rannsakandi því af handahófi tvær aðrar stúlkur í þeirra stað. Í einu tilviki spurði stjórnandi CLF hvort vinkona einnar mætti líka taka þátt og fékk hún leyfi til þess.

Stúlkurnar 15 voru á aldrinum 13–24 ára og meðalaldur þeirra var 19 ár. Að viðtölunum loknum var þeim boðin félagsráðgjöf og andlegur stuðningur bæði af rannsakanda og túlknum sem var sálfræðingur. Þeim var jafnframt frjálst að spyrja spurninga og koma með athugasemdir. Rannsakandi hélt jafnframt almennan fyrirlestur um HIV/alnæmi fyrir allar stúlkurnar á CLF að viðtölunum loknum þar sem gefinn var kostur á að bera fram spurningar.

Frankvæmd

Gagnasöfnun fór fram með opnum, klukkustundarlöngum viðtölum sem tekin voru á tímabilinu 18. nóvember til 3. desember 2008. Úgönsk kona túlkaði viðtölin jafnóðum yfir á ensku og lúganda sem er algengasta tungumálið í landinu. Viðtölin voru hljóðrituð, en síðan rituð á tölvu og þýdd á íslensku. Viðtölin sjálf voru síðan lesin aftur og aftur, strikað undir áhugaverða þætti og kóðuð nokkur þemu á spássúr blaðanna. Að því loknu voru dregin saman nokkur meginþemu og undirþemu sem breyttust við framvindu rannsóknarinnar og þegar fleiri viðtöl bættust við.

Viðtölin voru tekin í vistarverum nálægt CLF og komu stúlkurnar oftast saman og biðu hver eftir annarri. Stúlkurnar voru upplýstar um trúnað, fyrirkomulag viðtalsins og markmiðið með rannsókninni. Þeim var sagt að þær þyrftu ekki að tjá sig meira en þær treystu sér til og gætu hvenær sem er dregið ummæli og upplýsingar til baka. Stefnt yrði að því að skrifa greinar og halda fyrirlestra sem byggðust á viðtölunum við þær. Mögulega yrði vitnað beint í

frásagnir þeirra sem yrðu gerðar ópersónugreinanlegar. Þær gáfu samþykki sitt fyrir þessu. Farið var eftir ákvæðum Helsinki-yfirlýsingarinnar sem kveður á um siðareglur rannsakenda með það að leiðarljósi að hagsmunir einstaklinga ríki ávallt yfir þörfum vísinda og samfélags.

Takmarkanir rannsóknarinnar

Þegar tekin eru viðtöl í annarri heimsálfu, þar sem menningarleg og stéttarleg staða rannsakanda og viðmælenda er afar ólík, má ávallt búast við að aðferðafræðilegur vandi geti komið upp. Að auki getur túlkun haft áhrif á viðtölin. Aðstæður sem þessar geta aukið líkur á því að viðmælendur vilji þóknast spyrjanda í svörum sínum og að misskilningur geti átt sér stað. Ákveðin fjarlægð getur skapast á milli spyrjanda og viðmælenda þegar túlka þarf viðtöl og það getur enn aukið á misskilning.

Tvær stúlkur, sem lokið höfðu þjálfun á CLF, komust ekki í viðtal og ein bættist við að eigin ósk. Gera má ráð fyrir að þessir þættir hafi breytt niðurstöðum rannsóknarinnar að einhverju leyti.

Niðurstöður

Fjögur meginþemu komu fram við greiningu viðtalanna. Þau voru uppvaxtarár stúlkanna, viðhorf þeirra til HIV/alnæmis, væntingar til framtíðar og séraðstæður HIV-jákvæðu stúlkanna. Þemað uppvaxtarár stúlkanna var með fjögur undirþemu, þ.e. rofin fjölskyldutengsl, ábyrgð á börnum, gróft ofbeldi og misnotkun og skólaganga. Í þessari grein verður kastljósinu beint að tveimur þeirra: *rofnun fjölskyldutengslum* og *ábyrgð á börnum*. Þemun tengjast áhrifum alnæmisfaraldursins á fjölskyldur stúlkanna og þær sjálfar á uppvaxtarárum þeirra og þegar þær vaxa úr grasi.

Rofin fjölskyldutengsl

Þemað rofin fjölskyldutengsl segir frá andláti annars eða beggja foreldra stúlkanna, skilnaði þeirra, reynslu þeirra af því að foreldrarnir yfirgáfu þær og flutningum í kjölfarið, með eða án systkina.

Munaðarlausar og bágstaddir. Flestar stúlkanna höfðu misst annað eða bæði foreldri, um helmingur þeirra vegna alnæmis. Beti, 17 ára HIV-jákvæð stúlka var ekki viss um dánarorsök foreldra sinna og ömmu. „... ég veit ekki hvort mamma dó úr alnæmi [grætur] ...“ Hinar stúlkurnar sögðu foreldra sína hafa dáðið úr lungnasjúkdómi, „illum öndum“, berklum eða jafnvel eitradri sprautu, því „þegar lækurinn

komst að því að hann [faðirinn] reykti ennþá, gaf hann honum eittraða sprautu og drap hann“.

Ívið fleiri stúlkur höfðu misst móður sína en föður, en flestar stúlkurnar voru svo ungar þegar foreldrarnir dóu að þær mundu ekki eftir þeim. Þær fáu stúlkur, sem minnstust foreldra sinna, gerðu það með miklum söknuði. Rose, 13 ára, hafði þetta um foreldra sína að segja: „Ég man bara eftir þabba, hann dó þegar ég var átta ára, ég kunni mjög vel við hann. Mamma dó þegar ég var fjögurra ára og ég man ekki mikið eftir henni. Ég hugsa oft um þau, sérstaklega þabba ... hann var vanur að kaupa allt sem ég bað um.“ Maria, 19 ára, sem missti föður sinn sex mánaða, móðurina sjö ára og var alin upp af eldri systkinum sagði: „Mamma mín var mjög góð ... Alltaf þegar aðstæður mínar eru mjög erfiðar, sakna ég þess að eiga ekki mömmu ... og græt. Ég mun sakna hennar alla mína ævi.“ Beti sagði: „Ég átti mjög góða mömmu.“

Stúlkurnar, sem ekki voru munaðarlausar, áttu foreldra sem höfðu skilið. Það var mismunandi hjá hverjum þær bjuggu eftir skilnaðinn, sumar byrjuðu að búa hjá móður sinni eða ömmu en nokkrar fluttu síðan til föður síns. Fáeinar byrjuðu að búa hjá föður sínum en einhverjar fluttu fljótlega til föðurömmu sinnar. Aðrar stúlkur höfðu við skilnað fyrst verið yfirgefnar af öðru foreldri sínu og síðan af hinu líka. Janet, sem var þriðja í röðinni af átta systkinum, var ánægð með að móðir hennar yfirgaf hana ekki eftir að faðir hennar dó: „Ég er ánægð og mér þykir afskaplega vænt um móður mína fyrir það að ákveða að hugsa um okkur [börnin] þótt hún væri ung þegar þabbi okkar dó. Hún hefði getað gifst aftur og yfirgefið okkur.“

Nýjar fjölskyldur. Þegar stúlkurnar misstu annað foreldra sinna eða bæði, bjuggu þær sem gátu áfram hjá hinu foreldrinu. Oft krafðist það mikils af stúlkunum, en Janet sem var 22 ára og elst fjögurra systkina og þriggja munaðarlausra barna á heimilinu lýsir því svo: „Ég vakna kl. 5 á morgnana eins og fjölskyldan mín, ég fer á markaðinn en systkini mín í skólann. Mamma mín fer og kaupir inn fleiri vörur [ávexti og kol] og hún kemur alltaf til baka um kl. 9. Þá fer ég á CLF til kl. 13 ... þegar ég fer frá CLF, hvílir hún sig og ég sé um sölnu á markaðnum. Í öllum frítíma mínum hjálpa ég henni með systkini mín.“ Mirja, sem var næstelst sex systkina og alin upp í fátækrahverfi, sá um heimili föður síns frá 14 ára aldri þegar faðirinn slasaðist á handleggjum og móðirin yfirgaf heimilið. Systkinin bjuggu fyrst í stað hjá móðurinni en fluttu fljótlega til föður síns. „Þegar hún [móðirin] flutti til annars manns fannst henni [móðurinni] að

við værum byrði á henni svo að við ákváðum að flytja aftur til þabba.“ Mirja sá um heimilisstörfin, annaðist fatlaðan föður sinn og öll yngri systkini sín, sem við skilnaðinn fengu styrk til að hefja skólagöngu. Sjálf átti hún aldrei kost á slíku. Þegar móðir hennar greindist með alnæmi annaðist hún hana til dauðadags. Mirja sagði: „Hún [móðirin] byrjaði á ARVS [alnæmislyf] en áður en hún dó varð hún gedveik. Maðurinn hennar fór frá henni þegar hann frétti af smitinu og það vorum við sem gættum hennar.“

Aðrar stúlkur, sem bjuggu ekki hjá öðru foreldri sínu, voru sendar til ættingja, föður- og móðursystkina og/eða ömmu og afa, eða fluttu til þeirra eftir að hafa búið hjá öðrum. Barbara, sem ólst upp hjá stjúp-föður sínum þar sem foreldrar hennar voru dánir og síðan hjá manni ömmu sinnar sem hún var þó ekki skyld, sagði frá því hvernig væri að búa hjá öðrum en foreldrum sínum: „Þegar þú býrð ekki hjá raunverulegum foreldrum þínum þá er fólk ekki svo gott við þig ... Afi er gamall og ... hún [amma] selur kol og þú getur ekki bedið hana um allar nauðsynjar ... hún á sín eigin börn.“

Fáeinar stúlkur voru í umsjón eldri systkina eða önnuðust yngri systkini ef þær voru elstar. Maria, sem var yngst nú systkina, var alin upp af eldri systkinum sínum eftir andlát foreldranna. Hún sagði: „... ég flutti frá einum til annars ... ég fékk a.m.k. skólagöngu þótt ég sé ekki búin að klára ... Þetta var erfitt af því að þau héldu að ég væri líka smituð. Þau einangruðu mig ... þau gátu ekki borðað matinn sem ég bjó til og ég mátti ekki snerta neitt sem eiginmaðurinn ætlaði að borða ... eða ungbarnið á heimilinu.“ Það þótti ekki taka því að láta greina hana, en hún fór sjálf fimm sinnum í HIV-próf á unglingsárunum og reyndist ósmituð.

Flutningar. Flestar stúlkurnar höfðu búið á þremur til fimm stöðum áður en þær byrjuðu á CLF, oftast á þremur stöðum. Stundum fluttu þær vegna þess að sá sem þær fluttu til lést líka. Stella, sem var 21 árs, sagði svo frá: „Aðstæður mínar hafa verið mjög erfiðar síðan ég missti þabba minn þegar ég var þínulítill [nú mánaða]. Ég var þá ekki lengur með mömmu minni ... fór að búa hjá einni af frænkum mínum. Því miður dó hún líka [þegar Stella var 6 ára] og ég flutti til annarrar frænku. Ég fór líka frá þeirri frænku [15 ára] og fór að búa með móður minni.“ Síðar komu betri skýringar á tengslum hennar við móður hennar: „Þegar þabbi minn dó fóru frænkur mínar illa með mömmu og þvinguðu hana til að flytja í burtu. Ég hitti mömmu aftur þegar ég var í sjöunda bekk og ég

var svo ánægð, en áður en ég hitti hana vissi ég ekki einu sinni hvort hún væri á lífi.“ Móðirinn hafði hrakist í burtu með þrjú eldri systkini Stellu. Annað dæmi var Beti. „Ég fæddist snemma árs 1992 ... en þabbi dó 1991, áður en ég fæddist. Mamma dó 2003 þegar ég var í fjórða bekk ... síðan bjó ég hjá ömmu þar til hún dó. Ég var þá send til frænku minnar og hef verið hjá henni í þrjú ár.“

Það var ýmist hvort stúlkurnar fluttu einar til ættingja eða með sumum eða öllum systkinum sínum en allar áttu þær þrjú til tíu systkini, oftast fjögur. Flutningarnir voru á milli þorpa eða á milli þorpa og Kampala.

Ábyrgð á börnum

Þemað ábyrgð á börnum á bæði við ábyrgð á eigin börnum og annarra en um helmingur stúlkanna áttu sjálfar börn eða báru höfuðábyrgð á börnum annarra.

Eigin börn. Þrátt fyrir ungan aldur hafði þriðjungur stúlkanna eignast börn og ein þeirra tvö börn. Það var mismunandi hvort stúlkurnar voru enn í sambandi við barnsfeður sína, hver hafði forræði yfir börnunum og hvernig tengslin voru eftir sambands slitin. Ólíkar ástæður lágu að baki því að þær höfðu kynnst kærustum og eiginmönnum sínum og hvers vegna þau hættu saman.

Allar stúlkurnar höfðu um skeið verið í tengslum við barnsfeður sína og sumar giftist þeim. Einungis tvær voru enn í sambandi, Kathy var ánægð í sínu hjónabandi og bar mikið traust til manns síns. Jessica var aftur á móti komin hálf leið út úr sínu sambandi. Barnsfaðir hennar hvarf þegar hún varð ófrísk en vildi eignast annað barn með henni þegar barnið var orðið eins árs. Hún sagðist hafa flutt til hans þegar barnið var fjögurra mánaða gamalt en ekki stundað kynlíf með honum. Hún sagði svo frá: „Við fórum í HIV-próf og hann var jákvæður og ég og barnið vorum neikvæð ... Mig langar ekki lengur til að vera með honum því hann er smitadur ... allt sem skiptir mig máli er að hugsa um barnið mitt.“ Hún var að vinna að því að geta betur staðið á eigin fótum og var bjartsýn því að hún hafði fengið lán hjá CLF fyrir saumavél.

Eftir sambands slitin höfðu stúlkurnar forræði yfir börnunum nema Mirja sem var gift og átti börnin tvö, hún hafði ekki lengur forræði yfir þeim. Hún sagðist hafa orðið að leyfa fyrrverandi eiginmanni sínum að fá börnin þegar hann krafðist þess, því „ég þarf að útvega þeim mat og ef þau verða veik á ég ekki pening til að fara á spítala“. Hún sagðist hitta börnin mánaðarlega en fannst það ekki auðvelt, „... það er orðið erfitt

að hitta þau því að eiginmaðurinn giftist annarri stelpu. Þau líta verr út núna en þegar ég fór með þau þangað.“ Liðnir voru átta mánuðir síðan það var.

Einstæðu mæðurnar fengu lítinn sem engan stuðning frá barnsfeðrum sínum. Stella sagði: „Eftir að ég eignaðist barnið hefur hann aldrei hjálpað mér eða barninu með eitt né neitt, en hann veit af barninu. Hann kemur einstaka sinnum og kíkir á barnið þótt hann komi ekki með neitt.“ Jessica sagði: „Ég fæ oftast enga hjálþ frá honum, það eru frekar nágrannarnir sem rétta mér hjálparhönd. Hann á mótorhjól sem hann notar sér til lífsviðurværis en hann hjálpar okkur ekkert því ég neitaði að vera með honum. Örsjaldan gefur hann 5000 skildinga sem eiga að vera sérstaklega fyrir mat handa krakkanum.“ 5000 úganskir skildingar samsvöruðu 250 íslenskum krónum í nóvember 2010.

Sumar stúlkurnar skildu þegar þær uppgötvuðu að mennirnir væru giftir. Stella kynntist barnsfeður sínum þegar hún flutti til Kampala og sagði hann hafa verið eina manninn í lífi sínu. Hún sagði: „Ég skildi við hann því ég fann út að hann átti konu. Þegar ég komst að því ákvað ég að yfirgefa hann.“ Hún var harðákveðin í því að vera ein það sem eftir væri:

Vegna þess að ég óttast þennan hræðilega sjúkdóm ... líka aðstæðurnar sem ég sé hjá vinum mínum sem núna eru giftir, eru alls ekki nógu góðar ... t.d. ef barn er veikt þá er það móðirin sem líður því þeim [feðrunum] er alveg sama. Flestir menn halda fram hjá og það er erfitt að treysta þeim. Flestir menn eru næstum eins, í byrjum látast þeir vera góðir sem þeir eru ekki.

Hún bætti síðar við: „Það er betra fyrir mig að vera með barni mínu og hafa það gott en að giftast og þjást.“ Sumar stúlkurnar höfðu svipaða sögu að segja um sambönd en flestar langaði til að eignast kærasta í framtíðinni.

„Kærastar“ annarra stúlkna höfðu horfið þegar þær urðu ófrískar eða þær vildu ekki stunda kynlíf lengur. Þær sögðust hafa orðið að stofna til þessara tengslna vegna svengdar því að fjölskyldur þeirra hefðu ekki getað hjálpað þeim. Jessica sagði: „Mig langaði ekki til að giftast svona ung [15 ára] en vegna fjárhagsstöðunnar ...“ Díana, sem hafði eignast „kærasta“ 16 ára, sagði: „... hann vann einhvers staðar og ég hélt því að hann gæti hjálpað mér.“ Stúlkurnar voru ungar þegar þær eignuðust „kærastana“ en fyrir kynlíf þáðu þær „gjafir“.

Jessica sagði svo frá þegar hún varð ófrísk: „... *eigin-maðurinn fór í vinnuna og kom ekki aftur heim ...*“ Hjá Díönu hvarf „kærastinn“ þegar hún ætlaði að kynna hann fyrir fjölskyldunni en afleiðingarar urðu meiri: „*Þegar ég var ófrísk rak pabbi minn mig að heiman ... ég bjó hjá ömmu þar til ég fæddi. Þegar barnið var tveggja mánaða ákvað ég að fara að biðja pabba afsökunar. Hann var svo bitur og hann neitaði að fyrirgefa mér.*“ Hún reyndi aftur síðar en það gekk ekki eftir.

Allar stúlkurnar höfðu eignast „kærasta“ eftir að foreldrar þeirra skildu. Aðstæður Jessicu voru erfíðar hjá foreldrunum, en versnuðu við skilnaðinn. Hún sagði: „*Þegar ég var ung rifust foreldrar mínir stanslaust ... pabbi var fyllibytta og svaf hjá mörgum konum ... Ég varð að hætta í sjöunda bekk vegna þess að pabbi gat ekki borgað skólagjöldin. Mamma mín gat ekki gefið okkur það sem við þurftum.*“ Þegar þau skildu og nýr stjúpaðir kom inn á heimilið versnuðu aðstæður Jessicu enn frekar en þá greip hún til síns ráðs: „*Ég er tvíburi og vinur minn fann handa mér kærasta. Við fórum í HIV-próf áður en við giftumst og ég varð ófrísk ...*“

Díana, sem hafði flutt til föður og stjúpmóður þegar móðir hennar gat ekki hugsað um hana lengur, lýsti ástæðum þess að hún fann sér „kærasta“ síðar meir á þennan hátt: „*Í hvert skipti sem við [systkinin] báðum um eitthvað gat hann [pabbi] ekki gefið okkur það og hann gat ekki gefið okkur pening fyrir mat.*“ Hún bætti síðar við: „*Stjúpbörnin [föðurins] fengu mat ólíkt okkur, mér og tveimur bræðrum mínum ... fyrir bræður mína var þetta auðvelt því þeir gátu unnið fyrir einhverjum mat ... þeir voru í sambandi við eldri menn sem útveguðu þeim skráttin störf ... ég var rosalega háð bræðrum mínum [um mat].*“ Þegar hún var 16 ára tók hún af skarið og fann „kærasta“ sem var tíu árum eldri en hún, en varð fljótlega ófrísk.

Marian hafði svipaða sögu að segja og Díana en hún hafði flutt til ömmu sinnar eftir skilnaðinn en var nú flutt aftur til föður síns í Kampala, „... *ég komst að því að pabbi hafði gifst annarri konu sem fór illa með okkur ... hún býr bara til mat handa sínum börnum ...*“ en faðirinn og stjúpmóðirin höfðu eignast þrjú börn saman. Þegar Marian var 17 ára fann hún sér „kærasta“ sem var sjö árum eldri en hún. „Kærasti“ Marian yfirgaf hana þegar hún neitaði að hafa við hann kynmök. Hún sagði: „*Þegar ég sagði honum að ég vildi ekki hafa kynmök, sagði hann verða að hætta með mér svo hann gæti fundið aðra sem væri til í kynlíf.*“ Þótt hún vildi líka að hann færi sagði hún: „... *ég*

var særd af því að þegar þú átt kærasta þá ertu örugg með gjafir ...“

Önnur börn. Tvær stúlkur áttu ekki börn sjálfar en báru höfuðábyrgð á systkinum sínum eða börnum látinna ættingja. Mirja, 24 ára, sá til dæmis um þrjú yngri systkini sín og Maria, 19 ára, sem sjálf var munaðarlaus og alin upp af eldri systkinum, sá um son móðursystur sinnar. Það gerði hún vegna þess að „*öll systkini mín [nú] eiga börn og ég er sú eina sem hef enga ábyrgð ... það mun neyða mig til að byrja að vinna svo ég geti annast hann. Mér sviður sárt að hann sé ekki í skóla þótt hann sé kominn á skólaaldur.*“

Tvær stúlkur til viðbótar tóku ríkan þátt í uppeldi og ábyrgð á yngri systkinum sínum. Regina, 18 ára, elst sex systkina, sem móðirin yfirgaf eftir skilnað þegar hún var níu ára og faðirinn þegar hún var 12 ára, sá um tvö yngri systkini sín ásamt ömmu sinni í einu þorpinu. Hún hafði líka hjálpað yngri systur sem var orðin ófrísk þegar Regina kom aftur til þorpsins eftir námið í CLF. Hún sagði: „*Ég komst að því að það var amma sem hafði verið að þrýsta á hana að gifta sig. Hún var alltaf að segja henni að við giftumst vanalega 12 ára ...*“ Hún sagði að amman hefði sagt við systurina: „*Af hverju ættir þú ekki líka að eignast mann til að hjálpa okkur með einhverja peninga fyrir mikilvægustu þörfunum.*“ Hún kvaðst sjálf ekki vilja stofna til eigin fjölskyldu fyrr en í fyrsta lagi að fimm árum liðnum, þegar systkinin, sem voru sjö og ellefu ára gömul, væru nógu gömul til að sjá um sig sjálf. Hún sagði líka: „*Ég verð að passa mig á að smitast ekki því ef ég geri það eru það endalok mín og þeirra [barnanna].*“ Hún kvaðst ekki vita hvort foreldrar hennar væru með alnæmi. Móðir hennar hafði einu sinni heimsótt hana eftir að hún yfirgaf hana, en hún vissi ekki hvar hún væri niðurkomin núna. Hún hafði ekkert séð til föður síns.

Hin stúlkann var Janet sem hjálpaði móður sinni meðal annars á markaðnum til að geta greitt grunnnám sjö yngri systkina og munaðarlausra barna á heimilinu. Hún sagði: „*Mig langar rosalega mikið til að læra meira en ég vil að systkini mín nái fyrst að komast á sama stig og ég.*“

Umræða

Rofin fjölskyldutengsl

Þegar áhrif alnæmisfaraldursins á fjölskyldur stúlkanna eru skoðuð kemur í ljós að flestar voru þær úr hópi munaðarlausra barna sem telur 15% allra barna samfélagsins (UBOS og MII, 2007). Þær mundu

fæstar eftir látnum foreldrum sínum, enda algengt að helmingur HIV-jákvæðra smitist fyrir 25 ára aldur, veikist síðan af alnæmi og deyi um 35 ára aldur (AVERT, 2010a). Fleiri höfðu misst móður sína en föður, en konur smitast yfirleitt yngri en karlar og deyja því fyrr. Hinar stúlkurnar, sem ekki voru munaðarlausar, tilheyruðu fjölmönnum hópi bágstaddra barna í Úganda. Enda þótt aðstæður þeirra hefðu ekki alltaf verið skilgreindar bágar, voru þær ávallt erfiðar sökum fátæktar (Chulho, 2007; UBOS og MII, 2007).

Margar stúlkur höfðu upplifað dauðsfall eins eða beggja foreldra sinna og jafnvel fleiri nátengdra aðila. Aðstæður þeirra höfðu á margvíslegan hátt verið afar erfiðar og flóknar. Þegar börn verða fyrir missi sem þessum, hafa þau oft upplifað miklar breytingar og erfiðleika á meðan foreldrarnir voru veikir, en fjárhagsleg og ekki síst tilfinningaleg vanræksla er algeng. Þegar dauðann ber síðan að garði tekur sorgin við og að lokum aðlögun að nýjum aðstæðum. Hún getur tengst misnotkun og ofbeldi, en utanaðkomandi stuðningur er oftast lítill sem enginn (Jo, 2003; Subbarao og Coury, 2004). Ein rannsókn á landsbyggðinni í Úganda leiddi í ljós mikið sálrænt álag og áhyggjur meðal munaðarlausra barna vegna alnæmis. Ótti, þunglyndi og reiði var tíðari meðal þeirra en annarra barna, t.d. langaði 12% munaðarlausra barna til að deyja en 3% annarra barna (Atwine, Cantor-Graae og Banjunirwe, 2005).

Eftir dauðsfall bjuggu flestar stúlkurnar áfram hjá eftirlifandi móður eða föður eins og langflest börn sem missa annað foreldra sinna. Stúlkurnar tóku oft á sig mikla ábyrgð í fjölskyldu sinni, en ekki er óalgengt að börn við slíkar aðstæður í Úganda taki á sig ábyrgð fullorðins einstaklings. Þau vinna heimilisverkin, annast systkini sín og hlúa að deyjandi föður eða móður. Börn, sem hafa misst annað foreldra sinna úr alnæmi, eiga einnig alltaf í hættu að missa hitt foreldrið líka þar sem HIV smitast gjarnan í kynlífi milli hjóna (AVERT, 2010a).

Nokkrar stúlkur höfðu vegna foreldramissis eða annarra erfiðra aðstæðna verið á ábyrgð eldri systkina eða báru ábyrgð á yngri systkinum sínum og jafnvel veikum foreldrum, og hafði það meðal annars bitnað á skólagöngu þeirra. Þegar fullorðinn einstaklingur veikist verður elsta systkinið gjarnan fyrirvinna fjölskyldunnar því að áfram þarf að afla matar. Alnæmisfaraldurinn hefur orðið til þess að mörgum heimilum er stýrt af elsta eða elstu systkininum þar sem þau eldri sjá um þau yngri og um sig sjálf, en

við þessar aðstæður hætta börn oft í námi (AVERT, 2010b).

Margar stúlkurnar í rannsókninni höfðu einhvern tíma verið sendar til ættingja sinna, annaðhvort í föður- eða móðurfjölskyldu, en slíkt er mjög algengt. Um helmingur munaðarlausra barna í landinu býr hjá ömmu sinni og/eða afa en algengast er að þau búi hjá ömmu sinni sem oftast er fátæk og með mörg börn á heimilinu. Talið er líklegt að slík fjölskyldugerð eigi eftir að verða algengari í framtíðinni (AVERT, 2010b).

Við flutning var ýmist hvort stúlkurnar fluttu einar eða með sumum eða öllum systkinum sínum sem oftast voru fjögur. Þegar systkini verða munaðarlaus eru þau oft send á mismunandi staði til að valda einum fjölskyldumeðlimi ekki of miklu álagi. Þetta getur verið erfið lífsreynsla fyrir börnin, sérstaklega ef þau þurfa að flytja langt frá þeim stað þar sem þau ólust upp og í burtu frá fyrra stuðningsneti sínu (AVERT, 2010b). Komið hefur í ljós að börn, sem hafa orðið munaðarlaus og eru síðan þvinguð til að flytja frá systkinum sínum, upplifa aukna sálræna erfiðleika. Slík tilhögun er ekki óalgeng, en sem dæmi bjuggu 56% munaðarlausra barna ekki lengur með öllum systkinum sínum í nágrennaríkinu Sambíu (USAID, 2002) þar sem aðstæður eru á ýmsan hátt líkar og í Úganda.

Það kom fram í viðtölum við stúlkurnar, að byggju þær ekki hjá raunverulegum foreldrum sínum fengu þær ekki hlýtt viðmót og flutningur til nýrrar fjölskyldu gat jafnframt reynst fjölskyldunni mikil byrði. Leiða má líkur að því að það sé mikið viðbótarálag á fjölskyldur að taka að sér munaðarlaust barn, enda eru fjölskyldur í Úganda oftast stórar en konur eignuðust að meðaltali 6,3 börn árið 2008 (UNICEF, 2010). Auk þess er fátækt mikil en þrjár fjórðu hlutar þjóðarinnar hafði minna en sem svarar tveimur dollurum á dag sér til framfærslu á árunum 2000–2007 (UNDP, 2009). Enda þótt meira en fjórðungur (28%) 15–17 ára barna hefði misst annað foreldra sinna eða báða úr alnæmi (Darabi, Bankole, Serumaga, Neema, Kibombo, Ahmed o.fl., 2008), fengu einungis um 11% fjölskyldna með munaðarlaus börn á heimilinu á aldrinum 0–17 ára lækni- eða námsaðstoð, sálfræðilegan, félagslegan eða fjárhagslegan stuðning. Opinber stuðningur tengdist fyrst og fremst skóla (6%) og læknishjálp (4%), en sálrænn stuðningur var einungis 0,3% (GU, 2010).

Mikil fjölgun munaðarlausra barna vegna alnæmisfaraldursins hefur haft áhrif á tengsl og gildi innan



fjölskyldna og samfélagsins. Áður var litið á barn sem gjöf, upplifun auðs, táknmynd ákveðinnar stöðu og styrkingu fjölskyldunnar. Þessi gildi hafa breyst vegna gríðarlegs fjölda barna sem krefjast umönnunar á sama tíma og fullorðnum hefur fækkað ört vegna alnæmisfaraldursins. Nú er svo komið að frekar er litið á börn, einkum þau munaðarlausu, sem byrði sem stórfjölskyldan streitist við að sinna um leið og hún annast sín eigin börn. Þau börn, sem foreldrarnir sjá sjálfir um að fæða og ala upp, hafa öðlast meira gildi í samfélaginu (McGaw og Wameyo, 2005). Í rannsókninni kom fram að munaðarlausar stúlkur gátu átt erfitt með að biðja um nauðsynjar enda þótt þau börn sem fósturforeldrar áttu sameiginlega gætu leitað til þeirra um nauðsynjar. Í rannsókn meðal munaðarlausra barna í Úganda kom í ljós að þau litu á sig sem síðri og ekki eins mikils metin og þau börn sem áttu foreldra á lífi. Þetta olli þeim vanlíðan (McGaw og Wameyo). Önnur rannsókn hefur sýnt að þar sem oft er litið á munaðarlaus börn sem byrði í samfélaginu, hafi þau gjarnan lítill réttindi og litla vernd. Í margvíslegu tilliti verði þau verr úti en önnur börn, t.d. verði þau frekar að þola ýmiss konar ofbeldi og tilfinningalega vanrækslu (YAHAnet, e.d.).

Eins og glögg má sjá hefur alnæmisfaraldurinn haft gríðarlega íþyngjandi áhrif á fjölskyldur, samfélagshópa og þjóðfélagið í heild. Hann hefur snert alla íbúa landsins, hvort sem að þeir sjálfir eru smitadír, eiga nákomna sem eru með HIV/alnæmi eða hvorugt (AVERT, 2010b).

Ábyrgð á börnum

Félagsleg og fjárhagsleg staða stúlkanna í rannsókninni virðist á margan hátt lík stöðu flestra stúlkna í landinu sem hefur löngum verið veik. Þrátt fyrir ungan aldur átti þriðjungur stúlkanna sín eigin börn, en helmingur stúlkna í Úganda hefur eignast barn 19 ára. Flestar stúlkanna höfðu slitið samvistir við barnsfeður sína, en margar þunganir og fæðingar hjá unglingsstúlkum í Úganda eru ótímabærar. Rannsóknir sýna að sex af hverjum tíu 15–19 ára ófrískum stúlkum, sem voru í sambandi, hefðu viljað bíða með að verða ófrískar (41%) eða viljað hætta við að verða ófrískar (19%). Einnig vildi helmingur þeirra stúlkna, sem höfðu eignast börn á þessum aldri, að þær hefðu fætt seinna (23%) eða alls ekki (22%). Þess má jafnframt geta að ein af hverjum sex þungunum endar með fóstureyðingu sem geta reynst lífshættulegar því að lög í landinu takmarka þær aðgerðir (Darabi o.fl., 2008).

Frjósemi úganskra kvenna hefur lengi verið mikil, rúmlega sex börn á hverja konu, og hún virðist standa í nánu sambengi við efnahag og menntun kvennanna. Fátækar eða ómenntaðar konur eignast helmingi fleiri börn en þær sem eru betur staðar eða menntaðar eða um átta á móti fjórum börnum (UBOS og MII, 2007). Þetta sambengi á sér hliðstæðu í notkun getnaðarvarna en því minna menntaðar (9% á móti 35%) og fátækari (7% á móti 38%) sem konur eru, því síður nota þær getnaðarvarnir. Þótt frjósemi kvenna hafi jafnan mælst há hefur hún lækkað lítillega í aldurshópnum 15–19 ára og er það vísbending um jákvæða þróun; að þær gifti sig seinna, byrji að stunda kynlíf og eignast sitt fyrsta barn seinna en áður (Darabi o.fl., 2008).

Ríkjandi hefðir í landinu geta einnig haft áhrif á frjósemi kvenna og valdið ýmsum erfiðleikum. Það kom fram hjá sumum stúlkum að fjöllyndi fedra þeirra hefði skapað vandamál í fjölskyldunum og ein stúlka flutti frá kærasta sínum þegar hún uppgötvadi að hann var giftur fyrir. Algengt er að úganskir karlmenn séu í sambandi við fleiri en eina konu, en rúmlega fjórðungur kvenna býr við fjölkvæni (Darabi o.fl., 2008, UBOS og MII, 2007). Ekki virðast samt allar konur alls kostar sáttar við slíkt þótt margar búi við þannig aðstæður.

Fátækt getur tekið á sig ýmsar myndir, oftast með neikvæðum afleiðingum. Þrjár stúlkur höfðu vegna svengdar 14, 16 og 17 ára gamlar eignast sér eldri „kærasta“ sem þær stunduðu kynlíf með og þáðu í staðinn „gjafir“. Þegar tvær þeirra urðu fljótleiga ófrískar hurfu „kærastarnir“, það gerðist einnig þegar sú þriðja neitaði að stunda kynlíf. Í Úganda er ekki óalgengt að eiga „sugar daddies“ og „sugar mummies“ sem hjálpa til við greiðslur í sambandi við nám, föt og einstaka lúxus. Talið er að 30% stúlkna á aldrinum 15–24 ára stundi kynlíf í „gróðaskyni“ með körlum sem eru að minnsta kosti tíu árum eldri en þær (Darabi o.fl., 2008).

Oft er litið á snemmbærar giftingar og kynlíf í „gróðaskyni“, eins og kynlíf þessara stúlkna, sem viðurkenndar leiðir fátækra kvenna til að lifa af þegar valmöguleikar þeirra eru litlir sem engir, eins og vegna ónógrar menntunar, bágra atvinnuhorfa og almennrar fátæktar. Í slíkum samböndum hafa konur sjaldan vald til að neita kynlífi eða krefjast smokk-anotkunar og fyrir vikið verða þær viðkvæmari fyrir HIV- eða öðru kynsjúkdómasmiti og ótímabærum þungunum. Þar sem þær eru gjarnan með sér eldri mönnum með meiri kynlífsreynslu að baki, aukast líkurnar á kynsjúkdómasmiti jafnvel enn frekar (Da-

rabi o.fl., 2008). Snemmbærar giftingar með sér eldri mönnum eru ekki óalgengar meðal kvenna í Úganda því að 74% stúlkna eru giftar fyrir tvítugt, en einungis 2% pilta. Karlar hafa að meðaltali stundað kynlíf í fjögur ár áður en þeir kvænast en konur í eitt ár áður en þær giftast (Darabi o.fl., 2008, UBOS og MII, 2007).

Hvort sem kynlíf tengist giftingu eða því að verða ófrísk, eykur það líkur á því að stúlkur hverfi úr skóla (UBOS og MII, 2007). Sumar stúlkurnar höfðu hætt í námi, en í einni rannsókn kom fram að 10% 15–19 ára stúlkna, sem höfðu hætt í skóla, sögðu ástæðuna vera þungun. Ekki er óalgengt að ungar stúlkur neyðist til að hætta í námi verði þær ófrískar (Darabi o.fl., 2008). Þótt heildartíðni HIV í Úganda sé lægri en hún var fyrir áratug er smithætta samt enn til staðar og ekki síst meðal ungra stúlkna, en tíðni smitunar meðal þeirra er nú sinnum hærri en meðal pilta á sama aldri (Darabi o.fl.).

Tvær stúlkur, sem ekki áttu börn sjálfar, báru höfudábyrgð á systkinum sínum eða börnum ættingja sem höfðu látist. Tvær aðrar stúlkur tóku ríkan þátt í uppeldi og annarri ábyrgð á yngri systkinum sínum. Þessar stúlkur eru góð dæmi um mikla ábyrgðartilfinningu, innri styrk og samhljálpmenningu sem skapast þegar aðstæður verða jafn óviðráðanlegar vegna faraldurs og fátæktar og raun bar vitni í Úganda. Sú mikla ábyrgð, sem þessar aðstæður skapa ungum stúlkum, getur takmarkað frelsi þeirra til náms.

Samantekt og ályktanir

Félagslegar aðstæður eru flóknaar í Úganda, fátækt dafnar, spilling er mikil í stjórnkerfinu og meðalaldur landsmanna mjög lágur. Því geta áhrif alnæmisfaraldursins ein og sér verið óljós. Hann hefur samt tvímælalaust haft skaðleg áhrif á hið úganska samfélag. Um ein milljón íbúa landsins hefur látist úr sjúkdómnum, og verulega hefur dregið úr lífslíkum fólks þótt þær hafi glæðst aðeins á síðustu árum. Þessar miklu breytingar hafa haft margvísleg óbein áhrif á þjóðfélagið, t.d. á heilbrigðis- og skólakerfið og fjölskyldur landsins.

Aðstæður stúlkna í Úganda eru yfirleitt erfiðar, en stúlkurnar í rannsókninni voru fulltrúar þeirra sem standa einna lakast þar sem CLF leitast við að hjálpa þeim sem standa höllum fæti vegna faraldursins. Hann virtist hafa haft mikil áhrif á líf þeirra, bæði beint og óbeint. Beinu áhrifin komu fram í HIV-smiti þriggja þeirra en óbeinu áhrifin mátti sjá í fjölskyldum, aðstæðum þeirra og því samfélagi sem þær ólust upp

í. Faraldurinn hafði m.a. haft þau áhrif á fjölskyldur stúlkanna að margar þeirra höfðu misst annað eða bæði foreldri, oftast úr alnæmi. Einnig hvíldi á þeim mikil ábyrgð gagnvart systkinum sínum eða börnum náninna ættingja þar sem alnæmisfaraldurinn hafði sett úr skorðum hið óformlega stuðningskerfi sem áður ríkti í landinu. Hlutskipti sumra hafði verið að afla fjár eða fæðis með kynmökum til þess að svelta ekki og þær höfðu orðið að hætta í skóla vegna fátæktar. Þjargir þeirra birtust m.a. í því að þær áttu alltaf í hús að venda þrátt fyrir rofin fjölskyldutengsl og áttu til að bera styrk og áræðni til að halda áfram og sýna gagnkvæman stuðning þrátt fyrir mikla erfiðleika.

Heildarniðurstöður rannsóknarinnar eru samþættar niðurstöðum annarra rannsókna sem hafa verið gerðar á rofi í fjölskyldutengslum og ábyrgð á börnum síðar í lífsleiðinni. Þessi rannsókn styrkir því fyrirliggjandi niðurstöður en dýpkar jafnframt skilning okkar á stúlkum sem glíma við þessar aðstæður með lifandi frásögnum þeirra af eigin veruleika.

Með frekari rannsóknum á áhrifum alnæmisfaraldursins og aðstæðum í samfélaginu gæfist betri mynd af því hvernig stefna og aðgerðir stjórnvalda gagnast ungum stúlkum og samfélaginu í heild. Þannig mætti uppgötva betri leiðir til að efla enn frekar fjölskyldur landsins og draga úr ótímabærri ábyrgð stúlkna á börnum. Einnig finna leiðir sem tryggja þegnum samfélagsins þroskavænleg lífsskilyrði, lágmarksheilbrigði og lífsskjör og þar með möguleika stúlkna til framtíðar. Til að slíkt náist þarf að efla til muna þjónustu og aðgerðir í þágu landsmanna.

Á Íslandi voru 6,8% landsmanna erlendir ríkisborgarar árið 2010 (Hagstofa Íslands, 2010), og um helmingur þeirra sem greindust með HIV/alnæmi á undanförunum árum voru af erlendum uppruna (Sigurlaug Hauksdóttir, 2010). Félagsráðgjöf með fólki, sem hefur upplifað almennan faraldur í heimalandi sínu og/eða er HIV-jákvætt, er því svið sem skiptir félagsráðgjafa hér á landi miklu máli. Þekking á áhrifum alnæmisfaraldurs á líf fólks, eins og á þessar 15 stúlkur í Úganda, eykur innsæi og skilning og auðveldar viðeigandi aðstoð og úrræði, gerist þess þörf.

Heimildir

Alnæmisbörn. (2010). *Um félagið*. Sótt 20. ágúst 2010 á <http://www.hiv-born.is/um-aln%c3%a6misborn/>
AMREF (African Medical and Research Foundation). (2010). *Our work in Uganda: Major health challenges*. Sótt 8. september 2010 á <http://www.amref.org/where-we-work/our-work-in-uganda/>.



- Atwine, B., Cantor-Graae, E. og Banjunirwe, F. (2005). Psychological distress among AIDS orphans in rural Uganda. *Social Science & Medicine*, 61, 555–564.
- AVERT. (2010a, júlí). *AIDS orphans*. Sótt 25. júlí 2010 á <http://www.avert.org/aids-orphans.htm>.
- AVERT. (2010b, júlí). *Children, HIV and AIDS*. Sótt 21. júlí 2010 á <http://www.avert.org/children.htm>.
- Chulho, H. (2007). *Childhood lost: Assistance for children orphaned by AIDS in Uganda*. Sótt 12. júlí 2010 á http://www.unicef.org/aids/uganda_40064.html.
- CLF (Candle Light Foundation). (2009). *CLF annual report 2009*. Sótt 20. ágúst 2010 á http://www.hiv-born.is/wordpress/wp-content/uploads/2010/03/CLF_AnnualReport092.pdf.
- Darabi, L., Bankole, A., Serumaga, K., Neema, S., Kibombo, R., Ahmed, H. o.fl. (2008). *Protecting the next generation in Uganda: New evidence on adolescent sexual and reproductive health needs*. New York: Guttmacher Institute.
- GU (Government of Uganda). (2010, mars). *UNGASS country progress report Uganda, January 2008 – December 2009*. Sótt 20. júlí 2010 á http://data.unaids.org/pub/Report/2010/uganda_2010_country_progress_report_en.pdf.
- Hagstofa Íslands. (2010). *Talnaefni*. Mannfjöldi. Ríkisfang. Erlendir ríkisborgarar 1950–2010. Sótt 14. nóvember 2010 á <http://www.hagstofa.is/Hagtalur/Mannfjoldi/Rikisfang-Faedingarland>.
- IATT (Inter-Agency Task Team) on HIV and Young People. (e.d.). Overview of HIV interventions for young people on HIV and young people. *Guidance brief*. Sótt 20. júlí 2010 á <http://www.unfpa.org/hiv/iatt/docs/overview.pdf>.
- Jo, S. (2003). Sorrow makes children of us all: A literature review of the psycho-social impact of HIV/AIDS on children. *CSSR Working Paper*, 47.
- McGaw, L. og Wameyo, A. (2005, júní). *Violence against children affected by HIV/AIDS: A case study of Uganda: A contribution to the United Nations Study on violence against children*. World Vision International – Africa Office.
- Sigurlaug Hauksdóttir. (2010). Týndir í samfélaginu. *Rauði bórðinn*, 21, 9.
- Subbarao, K. og Coury, D. (2004, desember). *Reaching out to Africa's orphans: A framework for public action*. *The World Bank*. Sótt 17. ágúst 2010 á <http://siteresources.worldbank.org/INTHIVAIDS/Resources/375798-1103037153392/ReachingOuttoAfricasOrphans.pdf>.
- Taylor, S.J. og Bogdan, R. (1998). *Introduction to qualitative research methods: A guidebook and resource*. New York: John Wiley & Sons.
- UBOS (Uganda Bureau of Statistics) og MII (Macro International Inc.). (2007). *Uganda demographic and health survey 2006*. Kampala, Uganda og Calverton, ML, USA. Sótt 27. júlí 2010 á <http://www.ubos.org/onlinefiles/uploads/ubos/pdf%20documents/Uganda%20DHS%202006%20Key%20Findings.pdf>.
- UNAIDS. (2009). *AIDS epidemic update 2009*. Sótt 14. júlí 2010 á http://data.unaids.org/pub/Report/2009/JC1700_Epi_Update_2009_en.pdf.
- UNAIDS. (2010). *Global report: UNAIDS report on the global AIDS epidemic 2010*. Sótt 3. janúar 2011 á http://www.unaids.org/documents/20101123_GlobalReport_em.pdf.
- UNAIDS IATT (Inter-Agency Task Team) on HIV and young people. (2008). *Global guidance briefs: HIV interventions for young people*. Sótt 14. júlí 2010 á <http://www.unfpa.org/hiv/iatt/docs/overview.pdf>.
- UNDP (United Nations Development Programme). (2009). *Human development report, 2009*. Sótt 15. ágúst 2010 á http://hdrstats.undp.org/en/countries/data_sheets/cty_ds_UGA.html.
- UNICEF. (2005). *A call to action: Children: The missing face of AIDS*. Sótt 15. ágúst 2010 á http://www.unicef.org/publications/files/AIDS_Launch_final_14Oct.pdf.
- UNICEF. (2010, mars). *Uganda: Statistics*. Sótt 7. júlí 2010 á http://www.unicef.org/infobycountry/uganda_statistics.html.
- USAID. (2002, október). *Results of the orphans and vulnerable children head of household baseline survey in four districts in Zambia*. Sótt 17. ágúst 2010 á <http://www.fhi.org/NR/rdonlyres/eu6n5zdvgojyqjnhzzpn5h1qnwloaso7z2uosdeengj2lz24lfa5jknxwxbektsabfdpr5ynpfvuc0/HHHOVCREPORTfinalenhv.pdf>.
- YAHANet (Youth, the Arts, HIV & AIDS Network). (e.d.). *Orphans*. Sótt 22. júlí 2010 á <http://www.yahonet.org/guide/facts/orphans>.

Félagsráðgjöf á vettvangi félagsþjónustu sveitarfélaga

Gyða Hjartardóttir



Gyða Hjartardóttir, félagsráðgjafi, MA
Félagsþjónustufulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga

Sumarið 2010 var stofnuð staða sérfræðings á sviði félagsþjónustu hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Félagsþjónustufulltrúinn starfar náið með nýrri félagsþjónustunefnd sambandsins sem sinnir margvíslegum verkefnum á sviði félagsþjónustu og velferðarmála innan sveitarfélaganna. Má þar nefna yfirfærslu þjónustu við fatlað fólk til sveitarfélaga og undirbúning að fyrirhugaðri yfirfærslu á málefnum aldraðra til sveitarfélaga. Markmiðið með starfinu er að efla starfsemi félagsþjónustu innan sveitarfélaga, mæta þörfum og væntingum sveitarfélaga á sviði félagsþjónustu, vera tengiliður sambandsins við samstarfsaðila, gæta hagsmuna sveitarfélaganna út á við, fylgjast með þróun og stefnu í félagsþjónustu og tengdum málefnum og vera til ráðgjafar fyrir starfsmenn sambandsins og sveitarfélaganna.

Starfsemi

Starfsemi Sambands íslenskra sveitarfélaga felst í því að gæta hagsmuna sveitarfélaganna gagnvart ríkisvaldinu og öðrum innlendum og erlendum aðilum. Sambandið mótir sameiginlega stefnu sveitarfélaganna til einstakra mála, t.d. í tengslum við fyrirhugaða lagasetningu og á því nán samskipti við ríkisstjórn og Alþingi. Öll sveitarfélög landsins, 76 að tölu, eiga aðild að sambandinu og það vinnur síðan að sameiginlegum hagsmunamálum þeirra og samstarfi. Á árlegum landsþingum Sambands íslenskra sveitarfélaga fer fram stefnumörkun fyrir sambandið. Á landsþingum að hausti að loknum sveitarstjórnarkosningum er stefnan mörkuð í meginráttum til næstu fjögurra ára. Á næstu landsþingum er stefnan nánar útfærð með aðgerðaáætlun

sem starfsmenn sambandsins vinna eftir. Stjórnarmenn sambandsins eru ellefu og er formaður þess kosinn sérstaklega.

Vinnuumhverfi

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur á að skipa fjölda sérfræðinga og skrifstofufólki, en starfsmenn eru 25 og eiga að baki fjölbreytta menntun og reynslu. Þeir starfa þverfaglega þannig að menntun og reynsla hvers og eins njóti sín. Sambandið hefur m.a. á að skipa hagfræðingum, lögfræðingum, félagsráðgjafa, stjórn málafræðingi, mannaússérfræðingi og einstaklingum með margvíslega menntun sem nýtist sveitarfélögunum vel. Lögfræði- og velferðarsvið annast málefni félagsþjónustu sveitarfélaga en sveitarfélögin bera ábyrgð á fjölbreyttri félagsþjónustu við íbúa sína. Hlutverk félagsþjónustunnar er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi íbúa í sveitarfélögum á grundvelli samhjalpar svo sem kveðið er á um í lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Áhersla er lögð á að réttur íbúa sé alltaf ljós og að einstaklingum sé ekki mismunad.

Starf sérfræðings að málefnum félagsþjónustu sveitarfélaga

Til að fylgja eftir stefnu sinni setti Samband íslenskra sveitarfélaga á fót sérstaka ráðgjafarnefnd árið 2009 fyrir stjórn og starfsmenn sambandsins. Félagsþjónustufulltrúi er starfsmaður nefndarinnar og hefur umsjón með starfi hennar. Hlutverk nefndarinnar er að vera ráðgefandi fyrir stjórn og starfsmenn sambandsins um verkefni sveitarfélaga á sviði félagsþjónustu. Meðal verkefna nefndarinnar er að gera tillögur um áherslur og stefnumótun sveitarfélaga, t.d. í málefnum fatlaðra og aldraðra, barnaverndarmálum og húsnæðismálum, og semja umsagnir um lagafrumvörp og reglugerðir að beiðni stjórnar og starfsmanna sambandsins. Einnig vekur nefndin athygli á málum sem hún telur þarfnast úrlausnar á vettvangi sam-

bandsins, svo og á þróun og breytingum sem nefndin telur sambandið eiga að vinna að og upplýsa um.

Félagsþjónustufulltrúa er ætlað að sinna málefna- og stefnumótunarvinnu á sviði félagsþjónustu, undirbúa stefnumótun sambandsins í félagsþjónustumálum og annast framkvæmd hennar. Með félagsþjónustu er átt við verkefni sveitarfélaga samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og barnavernd. Starfið felur einnig í sér þjónustu við fatlaða og aldraða, störf að húsnæðismálum og tengsl framangreindra málaflokka við aðra velferðarþjónustu. Félagþjónustufulltrúa er ætlað að taka þátt í nefndastarfi um félagsþjónustumál samkvæmt ákvörðun yfirstjórnar sambandsins og miðla upplýsingum til sveitarfélaga um nýjungar og þróun í félagsþjónustu, hér heima og erlendis, einkum á vefsíðu sambandsins og með skrifum í *Sveitarstjórnarmál*. Jafnframt er félagsþjónustufulltrúi tengiliður við fulltrúa sambandsins í nefndum sem fjalla um félagsþjónustu og skyld verkefni.

Félagsþjónustufulltrúinn annast undirbúning og framkvæmd viðburða á sviði félagsþjónustu, og má þar nefna málþing, ráðstefnur og námskeið. Hann er faglegur ráðgjafi í félagsþjónustumálum fyrir önnur svið sambandsins og tengiliður við starfsmenn félagsþjónustu sveitarfélaga, Samtök félagsmálastjóra og aðra samstarfsaðila. Þá hefur félagsþjónustufulltrúinn umsjón með námskeiðum sem ætlað er að efla þekkingu íslenskra sveitarstjórnarmanna og starfsmanna í félagsþjónustu sveitarfélaga. Félagþjónustufulltrúa er ætlað að vera faglegur ráðgjafi og hafa umsjón með yfirferlu málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga, en það er eitt af stærstu verkefnum um þessar mundir.

Menntun félagsráðgjafa nýtist mjög vel í þessu starfi og það er fagnaðarefni að félagsráðgjafi hafi verið ráðinn til starfsins, enda fellur sérþekking félagsráðgjafar, með heildarsýn að leiðarljósi, vel að annarri sérfræðipækkingu á vettvangi sambandsins. Á vettvangi sambandsins skapast ný tækifæri sem lúta að markmiði félagsráðgjafar – að vinna að lausn

félagslegra og persónulegra vandamála og sporna gegn félagslegu ranglæti. Þessi markmið félagsráðgjafar eiga sér skýra samsvörun í störfum sambandsins, þar sem virðing er borin fyrir íbúum sveitarfélaga, sérstöðu þeirra og rétti til sjálfsákvörðunar. Samstarf á jafnréttisgrundvelli og virðing gera sambandið að góðum vinnustað til að þróa og efla félagsþjónustu. Slíkt hlýtur ávallt að vera metnaðarmál félagsráðgjafa.

Rannsóknastofnun um fjölskylduvelferð, CRFR, við háskólann í Edinborg

Center for Research on Families and Relationships (CRFR) fagnar um þessar mundir tíu ára afmæli sínu. CRFR er sjálfstæð rannsóknastofnun sem er staðsett og starfar í tengslum við Háskólann í Edinborg. Markmiðið er að eiga frumkvæði og vinna að lífskeiðarannsóknum sem snerta málefni fjölskyldna og barna. Haldnar eru reglulegar ráðstefnur um fjölskyldurannsóknir, gefin eru út kynningarrit um niðurstöður rannsókna og fræðsluefni á grundvelli þeirra handa fagfólki og almennungi

Á bloggi rannsóknarsetursins (<http://crfrblog.blogspot.com>) er að finna umfjöllun um rannsóknir og skýrslur varðandi börn og fátækt. Þar má nefna niðurstöður úr rannsókninni Growing Up in Scotland (GUS) sem benda til þess að þótt góð umönnun foreldra sé mikilvæg vegi hún ekki upp afleiðingar þess að alast upp í fátækt. Einnig er sagt frá niðurstöðum rannsókna Scottish Centre for Social Research sem sýna að lestur, söngur og fleira þess háttar frá unga aldri hafi jákvæð áhrif á vitsmunaproska barna og geti dregið úr neikvæðum áhrifum fátæktar, en þó engan veginn jafnað út slík áhrif. Fræðast má nánar um starfsemi CRFR á heimasíðu þeirra: crfr.ac.uk.

Erla Björg Sigurðardóttir

Er barnaverndinni treystandi?

Anni G. Haugen



Anni G. Haugen,
félagsráðgjafi, MA
lektor við félagsráð-
gjafardeild Háskóla
Íslands

Útdráttur

Umræður um barnavernd í fjölmiðlum eru oft og tíðum litáðar af neikvæðum frásögnum um málefni einstakra barna þar sem talið er að barnaverndarnefnd hafi ekki sinnt hlutverki sínu á fullnægjandi hátt. Tilkynningar til barnaverndarnefnda eru fjölmargar á hverju ári og koma bæði frá opinberum aðilum og einstaklingum. Miklu skiptir að almenningur treysti barnaverndarnefndum og geti trúað því að með því að tilkynna um málefni barns til nefndanna verði hægt að aðstoðað barnið

og fjölskyldu þess. Í þessari grein er sagt frá könnun þar sem almenningur var spurður um traust sitt til barnaverndarnefnda. Niðurstöðurnar sýna að um 60% svarenda sögðust bera mjög mikið eða frekar mikið traust til nefndanna. Yngra fólk treystir nefndunum betur en þeir sem eldri voru og það sama á við um þá sem hafa meira bóklegt nám að baki. Bent er á þörfina á að byggja upp markvissa kynningu á verkefnum og störfum barnaverndarnefnda, þar sem barnaverndar-firvöld og fjölmiðlar koma saman að verkefnum.

Lykilord: Barnavernd, almenningur, traust, fjölmiðlar.

Abstract

In the media discussions about child protection the focus is often on single cases where the child protection is said to have failed in their effort to protect a child. Every year numerous referrals of children who supposedly are treated with violence and neglect, are made to child protection from both official partners and individuals. In order for the public to be able to report to the child protection they must be able to trust that the child and its family will be helped. The article discusses findings from a survey where the public were asked if they trusted the child protection committee. Almost 60% said that they trusted the child protection committee well or rather well. Younger people and people with further education trusted the committee better than the less well educated and older people. The article points out the importance of continuing to build up trust between the public and the child protection and make a clear policy, to present the work and the methods used by the child protection.

Keywords: Child protection, the public, trust, media.

Inngangur

Reglulega birtast í fjölmiðlum fyrirsagnir og upphrópanir um störf barnaverndarnefnda. Oftar en ekki er sjónum beint að atriðum eða athöfnum sem þykja gagnrýniverð og varða einstök börn. Barnaverndarnefnd er þá talin hafa vanrækt skyldur sínar, annaðhvort með því að tryggja ekki öryggi og umönnun barnsins eða að hafa farið fram með offorsi og hvorki gætt hagsmuna barnsins né foreldranna. Gagnrýnin hefur einnig snúið að ákvörðunum barnaverndarnefnda um vistun barna utan heimilis og umönnun þeirra á þeim stofnunum sem þau hafa vistast á. Skemmst er að minnast umfjöllunar og niðurstaðna úr skýrslum sem gerðar hafa verið um þessi atriði (Forsætisráðuneytið, 2008, 2009). Gerd Hagen, norskur brautryðjandi á sviði barnaverndar, lagði áherslu á að rætt væri um barnavernd á opinberum vettvangi. Hún benti á að lög og starfssvið, sem geta hlutast til um friðhelgi einkalífsins á jafn afgerandi hátt og barnaverndin gerir, muni og eigi alltaf að vera umdeild (Hagen, 2001). Umræðan er þannig ekki bundin við Ísland. Í Bretlandi hafa lengi staðið heitar umræður (og ásakanir) um barnavernd, oftast í kjölfar þess að barn, sem talið er að barnaverndin hafi borið ákveðna ábyrgð á, hefur látist af völdum ofbeldis eða illrar meðferðar umönnunaraðila. Eitt af fyrstu verkum nýrrar ríkisstjórnar í Bretlandi sumarið 2010 var að fá dr. Eileen Munro til að endurskoða hvernig unnið er í barnavernd þar í landi og áttu tillögur þess efnis að liggja fyrir um áramótin 2010–2011 (Garboden, 2010).

Þrátt fyrir gagnrýni á barnaverndarkerfið er tilkynnt um fjölmörg mál til barnaverndarnefnda á hverju ári. Á fyrstu sex mánuðum ársins 2010 voru tilkynningar 4933 og vörðuðu rúmlega 4000 börn. Þeir sem tilkynna eru ýmist opinberir aðilar eins og lögregla (49.1%) og skólar (10.9%), en tilkynningar berast líka frá ættingjum og nágroñnum barnanna auk þess sem foreldrar sjálfir leita aðstoðar barnaverndar í tæplega 10% tilvika (Barnaverndarstofa, 2010). Tilkynningarnar eru forsenda þess að barna-

vernd fá vitneskju um þessi börn og aðstæður þeirra og geti, eftir ákveðið mat á aðstæðum þeirra, komið þeim og fjölskyldu þeirra til hjálpar. Það skiptir því miklu máli að bæði opinberir aðilar og almenningur beri traust til barnaverndar og geti treyst því að tilkynningin og afskipti barnaverndar muni gagnast barninu.

Í þessari grein verður fjallað um könnun sem gerð var á því hversu mikið eða lítið traust svarendur bæru almennt til barnaverndarnefnda.

Fyrri kannanir

Til þessa hefur ekkert verið rannsakað hvaða álit allur almenningur hefur á störfum barnaverndarnefnda eða hvort hann treysti störfum þeirra. Í kjölfar hrunsins 2008 hefur ítrekað verið leitað svara við því hvort almenningur treysti ákveðnum stofnunum, en erfitt er að bera þjónustu þessara stofnana saman við verkefni barnaverndarnefnda. Með hliðsjón af eftirlits- og verndarhlutverki barnaverndar getur þó verið forvitnilegt að sjá að samkvæmt niðurstöðum könnunar sem gerð var á vegum Markaðs- og miðlarannsóknna ehf. í október 2010 naut lögreglan mest trausts þeirra stofnana sem spurt var um eða 80,9% og hafði það aukist frá árinu 2009 um rúm 3%. Aðrar stofnanir sem spurt var um voru t.d. Háskóli Íslands sem naut 67,7% trausts svarenda og Ríkisútvarpið (52,1%) (Markaðs og miðlarannsóknir, 2010).

Árið 2008 var gerð þjónustukönnun hjá Velferðarsviði Reykjavíkur þar sem notendur voru spurðir um það hve ánægðir eða óánægðir þeir væru með þjónustu þjónustumiðstöðva. Fjöldi svarenda voru 566, og 86,2% sögðust ánægðir eða frekar ánægðir með þjónustuna (Capacent Gallup, 2008a). Á sama tíma voru þeir sem notið höfðu þjónustu barnaverndar spurðir sömu spurninga. Svarendur voru 45 og 58,6% þeirra ánægðir eða frekar ánægðir með þjónustu barnaverndar Reykjavíkur (Capacent Gallup, 2008b).

Í Noregi hafa reglulega verið gerðar kannanir meðal almennings um trú hans á störfum barnaverndar. Niðurstöður þessara kannana sýndu að í lok síðustu aldar var traustið á störfum barnaverndar þeirra um 45% (Ogden, 1996). Árið 2006 höfðu 23% svarenda í könnun á vegum barna- og jafnréttisráðuneytisins jákvæða mynd af barnavernd. Þeir sem orðnir voru 60 ára eða eldri höfðu neikvæðustu sýnina á barnaverndina, en þeir sem voru á aldrinum 27–39 ára voru jákvæðastir. Menntun virtist einnig hafa áhrif því að þeir sem höfðu háskólamenntun voru

mun jákvæðari í garð barnaverndar (27%) en þeir sem aðeins höfðu grunnskólamenntun að baki (16%) (Barne-, likestillings- og inkluderingssveitir, e.d). Í rannsókn sem nefnist „Det Nye Barnevernet“ var rætt við 723 fjölskyldur sem barnaverndin hafði haft afskipti af. Rúmlega 70% þessara fjölskyldna báru almennt traust til barnaverndar í ljósi eigin reynslu, og rannsakendurnir bentu á að þetta væri talsvert meira en traust almennings til barnaverndarinnar (Fauske, Lichtwarck, Marthinsen, Willumsen, Clifford og Kojan, 2009). Sama kom í ljós í rannsókn sem gerð var í þremur sveitarfélögum í Vestur-Noregi þar sem þeir sem notið höfðu þjónustu barnaverndar töldu m.a. að barnaverndin hefði veitt þeim mikla eða talsvert mikla hjálp (Havnen, 2003).

Traust almennings til barnaverndarnefnda

Í tilefni af 25 ára afmæli Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands haustið 2010 var keyrður svokallaður Afmælisvagn þar sem fyrirtækjum og stofnunum var boðið að vera með spurningar í vagninum. Ákveðið var að nýta tækifærið og spyrja um traust almennings til barnaverndar, þ.e. hve mikið eða lítið traust fólk bæri almennt til barnaverndarnefnda. Tekið var 1500 manna slembiúrtak úr þjóðskrá og hringt í þetta fólk á tímabilinu 19. október til 10. nóvember 2010. Alls tóku 976 manns þátt í könnuninni og var brúttósvarhlutfall 65,1%. Svör við spurningunni voru greind með bakgrunnspáttunum kyni, aldri, búsetu, menntun, starfi og tekjum.

| | Fjöldi | Hlutfall | Vikmörk +/- |
|-----------------------|------------|-------------|----------------|
| Svör | | | |
| Mjög mikið | 142 | 17% | 2,5% |
| Frekar mikið | 357 | 42% | 3,3% |
| Hvorki mikið né lítið | 159 | 19% | 2,6% |
| Frekar lítið | 132 | 15% | 2,4% |
| Mjög lítið | 68 | 8% | 1,8% |
| Fjöldi svara | 858 | 100% | |
| Vil ekki svara | 23 | | |
| Veit ekki | 96 | | |
| Alls | 977 | | |

Niðurstöður

Tafla I. Hversu mikið eða lítið traust berð þú almennt til barnaverndarnefnda?

Spurt var hversu mikið eða lítið traust svarendur bæru almennt til barnaverndarnefnda. 59% sögðust

bera frekar mikið eða mjög mikið traust til barnaverndarnefnda, en 23% sögðust bera frekar lítið eða mjög lítið traust til nefndanna. Tæp 10% aðspurðra sögðust ekki vita hvort þeir bæru mikið eða lítið traust til barnaverndarnefnda og 2,25% vildu ekki svara.

Heldur fleiri karlar en konur sem spurðir voru báru mikið eða mjög mikið traust til barnaverndarnefnda eða 62% á móti 54% kvenna, og svarendur á landsbyggðinni báru meira traust til barnaverndarnefnda en þeir sem bjuggu á höfuðborgarsvæðinu. Tölfræðilega reyndist þessi munur þó ekki marktækur. Hins vegar reyndist marktækur munur á skiptingu svara eftir aldri aðspurðra, en 73% þeirra sem voru á aldrinum 18–29 ára báru mjög mikið eða frekar mikið traust til barnaverndarnefnda. Samsvarandi tölur varðandi þá sem eru 60 ára og eldri voru hins vegar 45%. Sömuleiðis var marktækur munur þegar

menntun svarenda var skoðuð. Þar sést að þeir sem eru með bóklegt framhaldsskólanám eða grunn- og framhaldsnám úr háskóla báru meira traust til barnaverndarnefnda en þeir sem annaðhvort hafa aðeins grunnskólapróf eða starfsnám eða sérskólanám að baki. 72% þeirra sem hafa framhaldsnám úr háskóla báru mikið eða frekar mikið traust til barnaverndarnefnda, en hins vegar 50% þeirra sem eiga aðeins grunnskólanám að baki. Þegar lítið er á starfsvettvang svarenda eða tekjur er munurinn hins vegar ekki marktækur.

Umræða


Miklu skiptir að almenningur geti borið traust til barnaverndar, trúi því að hún geti aðstoðað börn sem búa við erfiðar aðstæður og reitt sig á að þær ákvarðanir sem teknar eru séu byggðar á traustum grunni og þjóni hagsmunum barna.

Tafla 2.

Hversu mikið eða lítið traust berð þú almennt til barnverndarnefnda? Greint eftir bakgrunnsbreytum

| | Mjög mikið (5) | Frekar mikið (4) | Hvorki mikið né lítið (3) | Frekar lítið (2) | Mjög lítið (1) | Fjöldi svara | Meðaltal |
|--------------------------------------|----------------|------------------|---------------------------|------------------|----------------|--------------|----------|
| Heild | 17% | 42% | 19% | 15% | 8% | 858 | 3,4 |
| Kyn | | | | | | | |
| Karl | 18% | 44% | 18% | 13% | 7% | 406 | 3,5 |
| Kona | 15% | 39% | 19% | 18% | 9% | 452 | 3,3 |
| Aldur*** | | | | | | | |
| 18-29 ára | 21% | 51% | 11% | 11% | 5% | 191 | 3,7 |
| 30-39 ára | 18% | 44% | 21% | 11% | 6% | 146 | 3,6 |
| 40-49 ára | 14% | 45% | 24% | 11% | 7% | 152 | 3,5 |
| 50-59 ára | 18% | 34% | 22% | 17% | 8% | 174 | 3,4 |
| 60 ára og eldri | 11% | 34% | 17% | 25% | 13% | 195 | 3,1 |
| Búseta | | | | | | | |
| Höfuðborgarsvæðið | 16% | 41% | 20% | 16% | 8% | 537 | 3,4 |
| Landsbyggðin | 18% | 43% | 17% | 15% | 7% | 321 | 3,5 |
| Menntun** | | | | | | | |
| Grunnskólapróf | 15% | 35% | 17% | 20% | 13% | 229 | 3,2 |
| Bóklegt nám á framhaldsskólanám | 20% | 44% | 14% | 16% | 7% | 121 | 3,5 |
| Starfsnám eða sérskólanám | 9% | 42% | 27% | 17% | 5% | 77 | 3,3 |
| Verklegt framhaldsskólanám | 19% | 36% | 23% | 13% | 9% | 153 | 3,4 |
| Háskólapróf í grunnnámi | 17% | 48% | 17% | 13% | 5% | 190 | 3,6 |
| Framhaldsnám í háskóla | 17% | 55% | 18% | 7% | 2% | 82 | 3,8 |
| Starf | | | | | | | |
| Stjórnandi eða sérfræðingur | 18% | 49% | 16% | 11% | 5% | 195 | 3,7 |
| Sérhæfður starfsmaður eða tæknir | 17% | 40% | 23% | 14% | 6% | 146 | 3,5 |
| Skrifstofu-, sölu- eða þjónustumaður | 16% | 42% | 20% | 15% | 8% | 211 | 3,4 |
| Gæslu-, lager- eða framleiðslumaður | 14% | 50% | 15% | 17% | 5% | 109 | 3,5 |
| Tekjur | | | | | | | |
| Lægrí en 150 þús. kr. | 19% | 45% | 12% | 15% | 10% | 155 | 3,5 |
| 150-299 þús. kr. | 16% | 36% | 22% | 16% | 10% | 197 | 3,3 |
| 300-549 þús. kr. | 16% | 44% | 21% | 12% | 6% | 273 | 3,5 |
| 550 þús. kr. og hærrí | 17% | 50% | 15% | 12% | 6% | 86 | 3,6 |

Marktækur munur er á hópum; *p < 0.05, **p < 0.01, ***p < 0.001



Niðurstaða úr þessari könnun sýnir að tæplega 60% almennings ber mjög mikið eða frekar mikið traust til barnaverndarnefnda. Í fyrrnefndri könnun Markaðs- og miðlarannsóknna frá haustinu 2010 nutu aðeins tvær aðrar stofnanir jafn mikils trausts aðspurðra. Þessar tvær kannanir eru þó ekki sam-amburðarhæfar og því varhugavert að draga miklar ályktanir af þessum tölum.

Hlutfall þeirra sem treysta nefndunum mikið eða frekar mikið er svipað og niðurstöður úr notenda-könnuninni sem gerð var hjá Barnavernd Reykjavíkur árið 2008, þar sem tæplega 59% svarenda sögðust ánægð eða frekar ánægð með þjónustuna. Áhugavert væri að skoða þetta hlutfall líka á landsbyggðinni og sjá hvort sá munur sem fram kemur á trausti almennings og notenda í Noregi sé til staðar hér á landi.

Ástæða þess að um 10% segjast ekki vita hvort þeir treysti barnaverndarnefndum eða ekki getur verið sú að aðeins lítill hluti almennings hefur beina reynslu af samskiptum við nefndirnar og á því erfitt með að svara spurningunni.

Skipulag og uppbygging barnaverndar er ólíkur milli svæða. Á landsbyggðinni er nálægð almennings við barnavernd oft mikil, þó svo að breyting hafi orðið á því með stækkun svæða sem barnaverndin þjónar. Nánari rannsókn er þörf á því hvort traust almennings til barnaverndar sé ólíkt milli landsvæða og milli þéttbýlis og dreifbýlis.

Samkvæmt þessum niðurstöðum er það aldurshópurinn 18–39 ára sem ber mest traust til barnaverndarnefnda. Þetta er líka sá aldurshópur sem einkum hefur börn á framfæri sínu og því líklegri en eldri hópurinn til að vera í beinum samskiptum við barnaverndarnefnd og hafa áhuga á störfum hennar. Þetta er líka sá aldurshópur sem virðist hafa jákvæðasta sýn á barnaverndina í Noregi. Íslensku svörin eru líka sambærileg við norskar niðurstöður þegar þau eru metin í ljósi menntunar þeirra sem svara. Aukið bóklegt nám virðist hafa áhrif á traust fólks til barnaverndarnefnda.

Eins og fram kom hjá Gro Hagen (2001) þá er barnaverndin þess eðlis að um hana þarf að vera umræða. Það að barnaverndin njóti ákveðins traust er einnig nauðsynlegt til þess að almenningur og fagfólk leiti til hennar. Ekki eru til kannanir hér á landi sem sýna hvaðan almenningur fær upplýsingar um barnavernd og störf hennar. Í könnun Ogden kom fram að flestir höfðu þekkingu sína á barnavernd úr sjónvarpi og útvarpi, en einnig var nefnt að fjölskylda og vinir, fagbækur og tímarit og fólk

með reynslu af afskiptum barnaverndar skiptu þar máli (Ogden, 1996). Gera má því skóna að staðan sé svipuð hér á landi og að fjölmiðlar hafi miklu hlutverki að gegna þegar kynna á hlutverk barnaverndar. Hlutverk fjölmiðla er m.a. það að veita upplýsingar og að veita opinberum aðilum ákveðið taumhald. Þeir veita almenningi einnig upplýsingar um ofbeldi og vanrækslu gegn börnum og hafa aukið meðvitund fólks um þörfina fyrir barnavernd (Tonmyr og Jack, 2010). Eins og fjölmiðlaumræða er oft og tíðum sett fram getur hún auðveldlega leitt til ákveðinnar tortryggni og vantrúar á getu barnaverndar til að sinna hlutverki sínu. Ayre (2001) hefur bent á að af þessum sökum hafi starfsmenn barnaverndar í Bretlandi haft tilhneigingu til að fara í vörn og hika við að vinna með blaða- og fréttamönnum.

Miðað við aðrar kannanir á trausti til stofnana virðist barnaverndin mega vera nokkuð sátt við þessar niðurstöður. Engu að síður er full ástæða til að vinna markvisst að því að auka traust almennings á henni. Að skapa traust er ekki neitt sem gerist með einu stöku átaki, heldur er það verkefni sem aldrei lýkur. Til þess að svo megi verða þurfa barnaverndarstarfsmenn að vera óhræddir við að segja frá því hvers konar mál komi inn á borð þeirra (án þess þó að segja frá einstökum málum), hvernig þeir vinna, hvernig ákvarðanir eru teknar og hvers konar stuðning hægt er að bjóða börnum og foreldrum. Þeir verða að hafa dyggan stuðning yfirmanna, og yfirstjórn barnaverndarmála þarf að byggja upp markvissa stefnu varðandi kynningu á barnaverndarstarfi. Barnavernd og umfjöllun um hana er einnig ákveðin áskorun til fjölmiðla, ekki bara þegar einhver telur að eitthvað í starfi barnaverndar hafi farið úrskeiðis, heldur líka það að segja frá verkefnum og áskorunum í barnaverndarstarfi.

Heimildir

- Ayre, P. (2001). Child protection and the media: Lessons from the last three decades. *British Journal of Social Work*, 31, 887–901.
- Barne-, likestillings- og inkluderingsdepartemente. (e.d). *Barnevernet står sterkere i befolkningen*. Sótt 4. janúar 2011 á <http://www.regjeringen.no/nb/dep/bld/kampanjer/familia/familia-12006/diverse-saker/barnevernet-star-sterkere-i-befolkningen.html?id=536377>.
- Barnaverndarstofa. (2010, október). *Samburður á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda og fjölda á umsóknnum um þjónustu til Barnaverndarstofu fyrstu sex mánuði árunna 2009 og 2010*. Sótt 27. desember 2010 á <http://bvs.is/files/file881.pdf>.

- Capacent Gallup. (2008a). *Reykjavíkurborg: Þjónustumíðstöðvar. Þjónustukönnun*. Sótt 29. desember 2010 á http://reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/velferdarsvid/rannsoknir_kannanir/thjonustukonnun_thjonustumidstodvar_2008.pdf.
- Capacent Gallup. (2008b). *Reykjavíkurborg: Barnavernd Reykjavíkur. Þjónustukönnun*. Sótt 29. desember 2010 á http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/velferdarsvid/rannsoknir_kannanir/thjonustukonnun_barnavernd_2008.pdf.
- Fauske, H., Lichtwarck, W., Marthinsen E., Willumsen, E., Clifford, G. og Kojan, B.H. (2009). *Det nye barnevernet et forsknings og utviklingsprosjekt i Barnevernet: Barnevernet på ny kurs? NF-rapport nr. 8/2009*. Sótt 27. des. 2010 á http://nordlandsforskning.no/files/Rapporter%202009/nf-rapport_8_2009.pdf.
- Forsætisráðuneytið. (2008). *Skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007: Könnun á starfsemi Breiðavíkurheimilisins 1952–1979*. Reykjavík. Höfundur.
- Forsætisráðuneytið. (2009). *Skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007: Áfangaskýrsla nr. 1*. Reykjavík: Höfundur.
- Garboden, M. (2010). Eileen Munro spells out child protection review brief. *Communitycare.co.uk*. Sótt 27. desember 2010 á <http://www.communitycare.co.uk/Articles/2010/06/11/114682/Eileen-Munro-spells-out-child-protection-review-brief.htm>.
- Hagen, G. (2001). *Barnevernets historie: Om makt og avmakt i det 20. århundret*. Skien: Akribe.
- Havnen, K. (2003). Barnevernet bedre enn ryktet sitt? *Tidsskriftet Norges barnevernd*, 4, 25–32.

- Markaðs og miðlarannsóknir ehf. (2010, 15. október). *Fréttatilkynning*. Sótt 29. desember 2010 á http://www.ru.is/media/hr/skjol/1010_tilkynning_trauststofn.pdf.
- Ogden, T. (1996). Tilliten til barnevernet øker. *Tidsskriftet Norges Barnevern*, 1, 4–11.
- Tonmyr, L. og Jack, S. (2010). Media analysis of early dissemination of Canadian child maltreatment surveillance data. *Child Welfare*, 89(1), 81–101.

MA-RITGERÐ

Fjölskyldan og vímuefnafíkn

Höfundur: Jóna Margrét Ólafsdóttir.
Leiðbeinandi: Steinunn Hrafnadóttir

Markmið ritgerðarinnar var að öðlast vitneskju um hvernig makar einstaklinga sem fengið höfðu greininguna áfengissýki upplifðu áhrif þess á fjölskylduna. Notuð var eigindleg rannsóknaraðferð og tekin tíu viðtöl við einstaklinga. Helstu niðurstöður voru þær að þátttakendur töldu að áfengissýkin hafði andleg, líkamleg og félagsleg áhrif á líðan þeirra og að sú reynsla hefði haft í för með sér rofin tengsl við stórfjölskyldu og fjárhagslega erfiðleika.

MA-RITGERÐ

Hópastarf með foreldrum barna með röskun á einhverfurófi. Öll á sama báti?

Höfundur: Guðrún Þorsteinsdóttir.
Leiðbeinandi: Steinunn Hrafnadóttir

Ritgerðin fjallar um niðurstöður rannsóknar á hópastarfi fyrir foreldra barna með röskun á einhverfurófi. Þátttakendum fannst mikilvægt að deila reynslu sinni með öðrum foreldrum í sömu sporum undir faglegri handleiðslu. Umræður um upplifun foreldra af greiningunni, sorgarúrvinnslu, samskipti foreldra og ólík viðbrögð og úrlausnir þeirra þóttu gagnlegar. Foreldrum fannst sérstaklega mikilvægt fyrir feður að fá vettvang, sem áður hafði skort, til að ræða reynslu sína og tilfinningar.

MA-RITGERÐ

Heilaskaði: Ferli að endurhæfingu á Reykjalundi

Nemandi: Ásta Kristín Victorsdóttir
Leiðbeinandi: Chien Tai Shill.

Tilgangur rannsóknarinnar var að athuga hvað hefur áhrif á aðgengi fólks með heilaskaða að endurhæfingu á Reykjalundi. Skoðaður var biðtími frá því að heilaskaði hlaut og þar til kom að endurhæfingu og hvort ákveðnir þættir hefðu áhrif á lengd hans. Gagna var aflað úr sjúkraskrá 49 einstaklinga sem komu til endurhæfingar á Reykjalund vegna áverka heilaskaða (e.traumatic brain injury) á árunum 2001–2008. Af tólf þáttum reyndust fimm (aldur, hjúskaparstaða, fyrri dvöl, heilaskaðamat og örorka) hafa marktæk áhrif á lengd biðtímans.

Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og kröfur um virkni viðtakenda

Guðný Björk Eydal og Lena Hrönn Marteinsdóttir



Guðný Björk Eydal,
félagsráðgjafi
prófessor við félags-
ráðgjafardeild Háskóla
Íslands



**Lena Hrönn
Marteinsdóttir,**
MA nemi í félagsráðgjöf

Á undanförunum áratugum hefur verið lögð aukin áhersla á virkni viðtakenda atvinnuleysistrygginga og fjárhagsaðstoðar í Evrópu (Greenberg, Meyer, Michalopoulos og Wiseman, 2007; Johanson og Hvinden, 2007; Lødemel og Trickey, 2001; Smedslund, Hagen, Steiro, Johme, Dalsbø og Rud, 2006; Ulmestig, 2007). Hér á landi hafa slíkar áherslur m.a. komið skýrt fram þegar löggjöf um atvinnuleysistryggingar var endurskoðuð árið 1996 (Þingskjal 189, 1996–1997; Þingskjal 188, 1996–1997). Í grein sem birtist í Þjóðarspeglinum árið 2009 kom fram að í nágrannalöndunum hefði löggjöf um félagsþjónustu einnig tekið mið af slíkum skilyrðingum en að því fordæmi hefði ekki verið fylgt á Íslandi. Einnig kom fram að dæmi væru um að einstök sveitarfélög hérlandis hefðu þó innleitt slík ákvæði í reglur um fjárhagsaðstoð (Guðný Björk Eydal, 2009). Lena Hrönn Marteinsdóttir ákvað því að rannsaka efnið nánar í lokaritgerð í MA-námi til starfsréttinda í félagsráðgjöf undir leiðsögn Guðnýjar Bjarkar Eydal. Markmið rannsóknarinnar var m.a. að kanna hvort sveitarfélög hefðu sett ákvæði í reglur um fjárhagsaðstoð um að skilyrða mætti aðstoð við virkni viðtakenda og hvernig tillögum um að lögleiða skilyrðingar hefði reitt af á Alþingi. Með virkni er hér vísað til þess að sveitarfélög geti gert kröfur um að viðtakendur séu í virkri atvinnuleit eða taki þátt í einhvers konar vinnu- markaðs- eða endurhæfingarárræðum. Í rannsókn-

inni voru notaðar eigindlegar rannsóknaraðferðir og einkum byggt á skriflegum gögnum.

Ritgerðina má lesa í heild á vef Háskóla Íslands, *Skemmunni* (Lena Hrönn Marteinsdóttir, 2010).

Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga og tillögur um breytingar á þeim

Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 tóku gildi 17. apríl 1991 og samkvæmt þeim er eitt af hlutverkum sveitarfélaga að tryggja öllum íbúum framfærslu ef ákveðin skilyrði eru uppfyllt. Samkvæmt 19. gr. laganna kemur fram að öllum er skylt að framfæra sig sjálfa og fjölskyldu sína, þ.e. maka og börn yngri en 18 ára. Samkvæmt skýrslu Árna Páls Árnasonar (2010), þáverandi félags- og tryggingamálaráðherra, hækkuðu útgjöld sveitarfélaga til fjárhagsaðstoðar töluvert á milli 2008 og 2009 eða um 65% hjá stærstu sveitarfélögum. Viðtakendum fjölgaði á sama tíma um 35%. Árið 2009 þáðu 5994 íslensk heimili fjárhagsaðstoð sem nam 2.287.854.000 kr. (Landshagur, 2010).

Þar sem um rammalöggjöf er að ræða er hverju sveitarfélagi í sjálfsvald sett hvernig það svo hagar þjónustunni, þar með talið að ákveða upphæð fjárhagsaðstoðar, en samkvæmt lögnum er öllum sveitarfélögum skylt að setja sér reglur um framkvæmd fjárhagsaðstoðar (Lára Björnsdóttir, 2006). Í frumvarpi til laga um félagslega þjónustu nr. 40/1991 er bent á að ekki sé mögulegt að skilgreina rétt fólks til félagsþjónustu með nákvæmum hætti en að frumvarpinu sé engu að síður ætlað að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi fólks (Þingskjal 574, 1990–1991).

Á öllum Norðurlöndum hefur löggjöf um fjárhagsaðstoð verið breytt í þá veru að áhersla er lögð á virkni viðtakenda og að þeir skuli eiga kost á þátttöku í einhvers konar endurhæfingu eða úrræðum sem stuðla að virkni (Lena Hrönn Marteinsdóttir, 2010). Slíkar tillögur hafa einnig komið fram hér á landi, en frumvörp um þetta efni hafa ekki náð fram að ganga á Alþingi.

Árið 1997 skipaði félagsmálaráðherra nefnd til að semja frumvarp um endurskoðun laga um félags-

þjónustu. Fulltrúar sveitarfélaga í nefndinni skiluðu séráliti og lögðu til að í 21. gr. segði m.a.:

Fjárhagsaðstoð á vegum sveitarfélags skal vera svo mikil sem nauðsyn krefur að mati sveitarstjórnar [...] Heimilt er sveitarstjórn í reglum um framkvæmd fjárhagsaðstoðar að setja almenna skilmála fyrir fjárhagsaðstoð, enda tryggt að umsækjendur séu með þeim ekki útilokaðir frá réttindum sínum skv. 12. gr. þessara laga (Þingskjal 670, 1996–1997).

Í greinargerð með sérálitinu sagði að nokkurrar óvissu hefði gætt hjá sveitarstjórnarmönnum um það hve mikla heimild löggin gæfu varðandi reglur um framkvæmd fjárhagsaðstoðar. Þar sagði enn fremur:

Viss skilyrðing fjárhagsaðstoðar er iðkuð og hefur verið svo lengi athugasemdalaust. Sem dæmi má nefna að styrkumsækjandi skal taka launavinnu sem honum býðst en segi sig ella frá styrk, eins og hann skuli gera fulla og rétta grein fyrir fjárhagsstöðu sinni. Skilyrði þau sem hér er lagt til að sveitarstjórnnum yrði heimilað að setja í reglur sínar eru til varnar að fjárhagsaðstoð misfarist eða sé misnotuð; að styrkumsækjandi misnoti ekki fjárhagsaðstoð sjálfum sér til óheilla, til varnar því að umsækjandi geti brotið 19. gr. laganna og brugðist framfærsluskyldu sinni, til að beita styrkumsækjanda þrýstingi til að sækja nauðsynlega lækni- meðferð, svo dæmi séu nefnd. Tillagan felur í sér að skilyrðin komi fram á almennan hátt í reglum sveitarfélags en að þeim verði síðan beitt í einstökum tilvikum þegar viðhlítandi málsatvik væru sannanlega fyrir hendi. Þannig skilmálar hlytu að vera sanngjarnir og aðgengilegir þannig að umsækjandi ætti raunverulegt val um það hvort hann hlíti þeim eða verði af umbedinni fjárhagsaðstoð (Þingskjal 670, 1996–1997).

Kristín Ástgeirsdóttir (1996–1997) gerði grein fyrir nefndaráliti félagsmálanefndar Alþingis sem tók ekki undir ofangreint sérálit. Kristín benti á að við gerð sérálitsins hefðu tekist á tvö sjónarmið, annars vegar þar sem horft væri til réttar fólks til fjárhagsaðstoðar og hins vegar þess hvort rétt væri að sveitarfélögin ættu að hafa rétt til að „setja einhvers konar reglur eða fyrirvara“. Kristín segir einnig í ræðu sinni að hún hafi sjálf verið veik fyrir sjónarmiði sveitarfélaganna og „að það geti verið til gagns að setja

fólki ákveðin skilyrði, reyna að leiða það inn á réttar brautir“. Hún bendir einnig á að tíminn og reynslan verði að leiða í ljós hvort slíkra ákvæða verði þörf í framtíðinni. Engar frekari umræður urðu og þingið samþykkti tillöguna óbreytta og hafnaði þar með tillögum fulltrúa sveitarfélaganna (Þingskjal 1129, 1996–1997).

Síðla árs 2009 var lagt fram stjórnarfrumvarp til laga um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og fleiri lögum. Þar var lagt til að við 21. gr. bættist svohljóðandi málsliður: „Sveitarstjórn er heimilt að setja reglur sem binda fjárhagsaðstoð viðkomandi sveitarfélags skilyrðum, svo sem um virkni, virka atvinnuleit eða þátttöku þeirra sem fá fjárhagsaðstoð í vinnumarkaðsaðgerðum, sbr. lög nr. 55/2006, um vinnumarkaðsaðgerðir, með síðari breytingum“ (Þingskjal 314, 2009–2010).

Þáverandi félags- og tryggingamálaráðherra Árni Páll Árnason (2009a) mælti fyrir frumvarpinu og sagði mikilvægt að sveitarstjórnir hefðu svigrúm til að skilyrða fjárhagsaðstoð við virkni. Árni rökstuddi tillöguna í flutningsræðu og sagði:

Samfélagið má ekki láta fólk afskiptalaust, heldur verðum við að beita öllum ráðum til að halda því virku. Við leggjum síaukna áherslu á virkni í öllum framfærsluferfum hins opinbera og horfum til þess að auka mjög virkniúrræði í örorkukerfinu svo dæmi sé tekið. Það eru mannréttindi fólks að fá að taka þátt í virkniaðgerðum, það eru mannréttindi að fá að vera hluti af samfélaginu (Árni Páll Árnason, 2009a).

Frumvarpinu var vísað til félags- og tryggingamálanefndar sem fékk ýmsa hagsmunaaðila á sinn fund til að ræða frumvarpið, m.a. fulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og fulltrúa frá Samtökum atvinnulífsins. Meirihluti nefndarinnar lagði til að þetta ákvæði yrði fellt út úr frumvarpinu. Meirihluti nefndarinnar taldi ákvæðið ekki nægilega rökstutt og að það kallaði á nánari skoðun og umfjöllun. Þá sagði í nefndarálitinu: „Meiri hlutinn áréttar að í lögnum sé nú þegar heimild fyrir sveitarfélög að setja reglur um fjárhagsaðstoð en bendir á að sveitarfélög hafa framfærsluskyldu gagnvart íbúum sínum“ (Þingskjal 443, 2009–2010).

Í umræðum benti Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (2009) á að skoða þyrfti vel hvort slík skilyrði gætu samræmst framfærsluskyldu sveitarfélaga. Ólafur Þór Gunnarsson (2009) ræddi einnig um framfærslu-

skyldu sveitarfélaga og rétt einstaklinga til framfærslu og sagði m.a.:

Ég geri athugasemdir við eða hef öllu heldur áhyggjur af 28. gr. sem snýr að framfærsluskyldu sveitarfélaganna. Í mínum huga er sú skylda afar rík og vandséð í raun hvernig sveitarfélög geta vikist undan þeirri ábyrgð þótt með einhvers konar lagaákvæðum væri. Mér finnst að fara þurfi mjög vel yfir þetta. Við skulum hafa í huga að þetta er sennilega með elstu ákvæðum í íslenskri lagasetningu, þ.e. hugtakið framfærsluskylda og að allir eigi rétt á framfærslu.

Árni Páll Árnason, félags- og tryggingamálaráðherra (2009b) svaraði að ekki væri verið að skylda sveitarfélögin til að skilyrða framfærslustyrki né yrði þeim heimilt að neita fólki sem ekki gæti tekið þátt í virkniaðgerðum um framfærslu heldur væri verið að skapa því svigrúm til að taka slíkar ákvarðanir.

Meirihluti félagsmálanefndar féllst ekki á að setja ætti slíkt ákvæði í lög. Minnihluti félagsmálanefndar var því fylgjandi, en tók undir að ákvæðið væri ekki nægjanlega skýrt (Þingskjal 451, 2009–2010). Í nefndaráliti minnihlutans sagði m.a. að það væri ótækt „að þeir sem hafna vinnu, eru ekki í virkri atvinnuleit eða neita þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum eigi óhindrað rétt á framfærslu hjá sveitarfélögum. Tryggja þarf að atvinnuleysistryggingakerfið vinni með sveitarfélögum.“ Að lokum benti minnihluti nefndarinnar á að mikilvægt væri að frumvarp um þetta efni yrði unnið í samvinnu við hagsmunaðila og lagt fram á fyrstu mánuðum ársins 2010 (sama heimild). Þingið samþykkti tillögur meirihluta félags- og tryggingamálanefndar (Þingskjal 443, 2009–2010) og nýtt frumvarp hefur ekki verið kynnt á Alþingi (febrúar 2011).

Hér greinir þingmenn augljóslega á með svipuðum hætti og lýst var í nefndaráliti félagsmálanefndar frá 1997 og hér takast á sjónarmið um rétt til fjárhagsaðstoðar og rétt sveitarfélaga til að skilyrða hana. Einnig er rætt um mikilvægi þess að sömu kröfur um virkni séu gerðar af hálfu sveitarfélaga og gert er ráð fyrir í löggjöf um atvinnuleysistryggingar. Athyglisvert er einnig að í ræðu ráðherra kemur fram að tilgangur tillögunnar hafi verið að skapa sveitarfélögum svigrúm til þess að geta skilyrt aðstoð með þessum hætti, sem verður að skilja sem svo að það sé álit flutningsmanna að slík lagaheimild sé ekki fyrir hendi í núgildandi lögum.

Þá er einnig athyglisvert, í ljósi þess að ekki hefur reynst stuðningur við ofangreindar tillögur á Alþingi, að í leiðbeiningum um reglur um fjárhagsaðstoð sem félagsmálaráðuneytið setti árið 2003 segir í 3. gr.:

Hafi umsækjandi hafnað atvinnu eða sagt starfi sínu lausu án viðhlítandi skýringa er félagsmálanefnd heimilt að greiða lægri fjárhæð til framfærslu en tilgreind er. Sama á við um atvinnulausan umsækjanda sem ekki framvísar skráningarskrírteini eða dagpeningavottorði frá vinnumálastofnun án viðhlítandi skýringa (Velferðarráðuneyti, e.d., 2009).

Í viðtali við Ingibjörgu Broddadóttur kom fram að þessi ákvæði voru byggð á 19. grein laga um félagsþjónustu þar sem kveðið er á um framfærsluskyldur einstaklinga (Lena Hrönn Marteinsdóttir, 2010). Þá kom einnig í ljós þegar úrskurðir vegna framkvæmdar félagsþjónustu á tímabilinu 2008–2009 voru skoðaðir, að einn úrskurður varðaði ákvæði um skilyrðingar sem lutu að virkni, í honum hafði úrskurðarnefnd úrskurðað sveitarfélagi í vil í samræmi við leiðbeiningar ráðuneytis (sama heimild).

Kveða reglur sveitarfélaga á um skilyrðingar sem lúta að virkni?

Í umræddri rannsókn kom í ljós að af 76 sveitarfélögum höfðu 73 þeirra sett sér reglur um fjárhagsaðstoð, skv. 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, þegar rannsóknin var framkvæmd haustið 2010. Meðan á úrvinnslu stóð voru reglur þriggja sveitarfélaga í endurskoðun og rannsóknin náði því til 70 sveitarfélaga. Mörg minni sveitarfélög hafa skipulagt félagsþjónustu með öðrum sveitarfélögum og í þeim 70 sveitarfélögum sem um ræddi var því alls um að ræða reglur í 35 tilvikum.

Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að öll sveitarfélög sem hafa sett sér reglur um framkvæmd fjárhagsaðstoðar, nema tvö Álftanes og Vesturbýggð, höfðu innleitt skilyrðingar sem lúta að virkni. Skipta má sveitarfélögum sem höfðu innleitt slíkar skilyrðingar í tvo flokka:

1. Sveitarfélög sem fylgja ofangreindri 3. gr. leiðbeininga um reglur um fjárhagsaðstoð frá félags- og tryggingamálaráðuneytinu,
2. Sveitarfélög sem bæta ákvæðum við 3. gr. leiðbeiningar um reglur um fjárhagsaðstoð.

23 sveitarfélög eða 66% fylgja alveg eða í meginatriðum 3. gr. leiðbeininga félagsmálaráðuneytis um

reglur um fjárhagsaðstoð. Tíu sveitarfélög eða 28% nota einnig greinina en bæta við hana. Sveitarfélögin sem bæta við gera það með þrenns konar móti (viðbót sveitarfélaga er skáletruð):

1. Sama á við um atvinnulausan umsækjanda sem ekki framvísar skráningarskrirteini eða dagpeningavottorði frá vinnuálastofnun án viðhlítandi skýringa og umsækjanda sem hefur þátttöku í átaksverkefni, nema veigamiklar ástæður sem fram koma við mat á aðstæðum umsækjanda mæli gegn því (Reykjavík, Kópavogur og Fjallabyggð).
2. Sama á við um atvinnulausan umsækjanda ... Einnig skerðist réttur umsækjanda með sama hætti sem hætt hefur þátttöku í átaksverkefni, endurhæfingu og/eða einstaklingsmiðaðri áætlun hjá ráðgjafa nema veigamiklar ástæður sem fram koma við mat á aðstæðum umsækjanda mæli gegn því (Reykjanesbær, Árborg, Akranes og Sandgerði).
3. Sama á við um atvinnulausan umsækjanda ... Sama á við um umsækjanda sem á við vímuefnavanda að stríða og neitar að fara í viðeigandi meðferð, svo og umsækjanda sem hafnar félagslegri ráðgjöf eða þátttöku í stuðningsáætlun (Skagafjörður, Akureyri, Félagsþjónusta Austur-Húnavatnssýslu og Sandgerði hafa einnig ákvæði um að lækka megi fjárhagsaðstoð umsækjanda sem eiga við áfengis- eða vímuefnavanda að stríða sem nemi hálfri grunnupphæð).

Í tveimur fyrri tilvikunum er um að ræða nánari lýsingu á úrræðum sem greining á við og síðan fyrirvarar um að slíkum skilyrðingum sé ekki beitt ef veigamiklar ástæður mæla gegn þeim. Í þriðja tilvikinu kveða reglur á um að umsækjendur geti átt að hætta að framfærsluaðstoð verði skert ef þeir neita viðeigandi meðferð, félagslegri ráðgjöf eða hætta þátttöku í stuðningsáætlun.

Niðurstöður

Rannsóknin leiddi í ljós að Alþingi hefur tvívegis hafnað því að lögfasta tillögur um að sveitarfélögum verði heimilað að skilyrða fjárhagsaðstoð við virkni viðtakenda, en leiðbeiningar félags- og tryggingamálaráðuneytis heimila það (sbr. 3. gr. leiðbeininga). Rannsóknin leiddi enn fremur í ljós að í reglum allra sveitarfélaga nema tveggja eru ákvæði, sem eru lítið sem ekkert breytt frá 3. grein í leiðbeinandi reglum félagsmálaráðuneytis um það hvernig megi

lækka upphæð aðstoðar ef tiltekin virkni er ekki fyrir hendi. Þessi niðurstaða er í talsverðu ósamræmi við þá umræðu sem fór fram á Alþingi haustið 2010 þegar tillögu ríkisstjórnarinnar um að veita sveitarfélögunum slíkt svigrúm var hafnað. Þingið hafnaði ekki tillögunni með vísun í sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga, heldur komu fram efasemdir um að slíkar skilyrðingar væru viðeigandi og vísað til þess að tillagan væri ekki nógu vel undirbúin. Í ljósi þess að framfærsluaðstoð sveitarfélaganna er mikilvægt öryggisnet sem ætlað er að tryggja þeim framfærslu sem ekki eiga annarra kosta vól, er mikilvægt að ekki leiki vafi á hvort sveitarfélög hafa rétt til að skilyrða aðstoð við virkni.

Að lokum viljum við benda á hve mikilvægt er að rannsaka frekar framkvæmd félagsþjónustu og hversu algengt sé að fjárhagsaðstoð sé skert vegna skilyrða um virkni umsækjanda. Við teljum einnig mikilvægt að rannsaka nánar hvort og þá hvernig skilyrðingar sem lúta að virkni samræmast sjálfsákvörðunarrétti skjólstæðinga og siðareglum félagsráðgjafa.

Höfundar þakka Ingibjörgu Broddadóttur og Unni V. Ingólfssdóttur fyrir yfirlestur og ábendingar.

Heimildir

- Árni Páll Árnason. (2009a). Flutningsræða: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, lögum nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, og lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum. *Alþingistíðindi B-deild*, 138. Sótt 30. október 2010 á <http://www.althingi.is/altext/raeda/138/rad20091207T150259.html>.
- Árni Páll Árnason. (2009b). Ræða við umræður um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, lögum nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, og lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum. *Alþingistíðindi B-deild*, 138. Sótt 30. október 2010 á <http://www.althingi.is/altext/raeda/138/rad20091207T160846.html>.
- Árni Páll Árnason. (2010). Skýrsla Árna Páls Árnasonar félags- og tryggingamálaráðherra um velferðarvaktina. *Alþingistíðindi A-deild*, 138. Sótt 24. september 2010 á <http://www.althingi.is/altext/138/s/pdf/0714.pdf>.
- Greenberg, D., Meyer, R., Michalopoulos, C. og Wiseman, M. (2007). Explaining variation in the effects of welfare-to-work programs [rafræn útgáfa]. *Review of Economic Studies*, 74, 283–318. Sótt 18. janúar 2010 á <http://onlinelibrary.wiley.com/doi/10.1111/j.1467-937X.2007.00422.x/pdf>
- Guðný Björk Eydal. (2009). Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga Norðurlanda á krepputímum: Hjálp til sjálfshjálpar? Í Halldór S. Guðmundsson og Silja Bára Ómarsdóttir (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum X* (bls. 53–65). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

- Hagstofa Íslands. (2010). *Landshagir 2010*. Sótt 20. janúar 2011 á <http://www.hagstofa.is/pages/2530>.
- Johansson, H. og Hvinden, B. (2007). Re-activating the Nordic welfare states: do we find a distinct universalistic model? *International Journal of Social Policy*, 23, 334–346.
- Kristín Ástgeirsdóttir. (1996–1997). Mælir fyrir nefndaráli frá félagsmálanefnd við umræður um frumvarp til laga um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. *Alþingistíðindi B-deild*, 121. Sótt 1. september 2010 á <http://althingi.is/altext/121/05/r06175029.shtml>
- Lára Björnsdóttir. (2006). Heildrænt skipulag í heilbrigðis- og félagsþjónustu. Í Halldór S. Guðmundsson og Sigrún Júlíusdóttir (ritstj.), *Heilbrigði og heildarsýn* (bls. 49–61). Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Lena Hrönn Marteinsdóttir. (2010). Fjárhagsaðstoð, virkni og velferð. Óbirt MA-ritgerð í félagsráðgjöf til starfsrétinda við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. Sótt 25. janúar 2011 á <http://skemman.is/item/view/1946/7161;jsessionid=2892DB39ECA7E5F08674C1E3D849761E>
- Lødemel, I. og Trickey, H. (2001). Preface. Í I. Lødemel og H. Trickey (ritstj.), *An offer you can't refuse – workfare in international perspective* (bls. xi–xxi). Bristol: Policy Press.
- Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.*
- Ólafur Þór Gunnarson. (2009). Ræða við umræður um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, lögum nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, og lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum. *Alþingistíðindi B-deild*, 138. Sótt 30. október á <http://www.althingi.is/altext/raeda/138/rad20091207T160846.html>
- Sigríður Ingibjörg Ingadóttir. (2009). Ræða við umræður um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, lögum nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, og lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum. *Alþingistíðindi B-deild*, 138. Sótt 30. október á <http://www.althingi.is/altext/raeda/138/rad20091207T155337.html>
- Smedslund, G., Hagen, K.B., Steiro, A., Johme, T., Dalsbø, T.K. og Rud, M.G. (2006). *Work programmes for welfare recipients. Campbell systematic review No 20-2006*. Oslo: Norwegian Knowledge Centre for the Health Services. Sótt 14. júní 2010 á <http://www.kunnskapssenteret.no/binary?download=true&id=1131>.
- Ulmestig, R. (2007). *På gränsen till fattigvård? En studie om arbetsmarknadspolitik och socialbidrag*. Lund: Lunds Universitet.
- Þingskjal 188. (1996–1997). Frumvarp til laga um atvinnuleysistryggingar. *Alþingistíðindi A-deild*, 121. Sótt 7. maí 2010 á <http://www.althingi.is/altext/121/s/0188.html>
- Þingskjal 189. (1996–1997). Frumvarp til laga um vinnu- markaðsaðgerðir. *Alþingistíðindi A-deild*, 121. Sótt 7. maí 2010 á <http://www.althingi.is/altext/121/s/0189.html>
- Þingskjal 314. (2009–2010). Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, lögum nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, og lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum. *Alþingistíðindi A-deild*, 138. Sótt 30. júní 2010 á <http://www.althingi.is/altext/138/s/0314.html>
- Þingskjal 443. (2009–2010). Nefndarálit um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, lögum nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, og lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum. *Alþingistíðindi A-deild*, 138. Sótt 30. júní 2010 á <http://www.althingi.is/altext/138/s/0443.html>
- Þingskjal 451. (2009–2010). Nefndarálit minnihluta félags- og tryggingamálanefndar um um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, lögum nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, og lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum. Sótt 3. nóvember á <http://www.althingi.is/altext/138/s/0451.html>
- Þingskjal 574. (1990–1991). Frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. *Alþingistíðindi A-deild*, 113. Sótt 16. júlí 2010 á <http://www.althingi.is/altext/113/s/0574.html>
- Þingskjal 670. (1996–1997). Frumvarp til laga um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, sbr. lög nr. 31/1994 og 130/1995. *Alþingistíðindi A-deild*, 121. Sótt 7. maí 2010 á <http://www.althingi.is/altext/121/s/0670.html>
- Þingskjal 1129. (1996–1997). Frumvarp til laga um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, sbr. lög nr. 31/1994 og 130/1995. *Alþingistíðindi A-deild*, 121. Sótt 12. janúar 2011 á <http://www.althingi.is/altext/121/s/1129.html>
- Velferðarráðuneyti (e.d.). Greinargerð með leiðbeiningum um reglur um fjárhagsaðstoð. Sótt 11. janúar 2011 á <http://www.velferdarraduneyti.is/media/acrobat-skjol/greinarger.pdf>

MA-RITGERÐ

Ofbeldi gegn öldruðum: Viðhorf, þekking og reynsla starfsfólks í heimaþjónustu

Höfundur: Sigrún Ingvarsdóttir.
Leiðbeinandi: Sigurveig H. Sigurðardóttir

Markmið rannsóknarinnar var að kanna hvort starfsfólk í heimaþjónustu verði vart við ofbeldi gagnvart öldruðum í störfum sínum. Jafnframt var kannað hver þekking starfsfólksins og viðhorf væru í þessu tilliti. Niðurstöður meginlegrar rannsóknar benda til þess að þessir starfsmenn séu í lykilstöðu til að greina ofbeldi gagnvart öldruðum og koma þolendum til hjálpar. Mikilvægt er að efla færni starfsmanna til að greina og bregðast við grunsemdum um ofbeldi og marka

Skólafélagsráðgjöf

Guðrún Elva Arinbjarnardóttir



Guðrún Elva Arinbjarnardóttir, félagsráðgjafi við Vatnsendaskóla

Félagsráðgjöf á fræðslu- og skólasviði er eitt af sérsviðum félagsráðgjafar. Á Íslandi starfa um 15 félagsráðgjafar í skólum, bæði á grunn- og framhaldsskólastigi og stundum á háskólastigi.

Víða erlendis tíðkast að starfandi sé félagsráðgjafi innan skóla ásamt náms- og starfsráðgjafa, og sinna þeir þá hvor sínu starfssviði en vinna sameiginlega að velferð nemenda. Hér á Íslandi hefur tíðkast

að þessum tveim starfssviðum sé blandað saman þannig að náms- og starfsráðgjafar í skólum sinna oft félagslegri ráðgjöf ásamt sínu starfi, og félagsráðgjafar sinna náms- og starfsráðgjöf auk félagsráðgjafarinnar. Fagdeild félagsráðgjafa á fræðslu- og skólasviði hefur bent á að í reglugerð um sérfaðilþjónustu skóla eru félagsráðgjafar ekki nefndir sem fagaðilar innan skólanna. Þó er markmið reglugerðarinnar mjög í anda félagsráðgjafarhugsjónar. Í Setbergsskóla í Hafnarfirði starfa báðar fagstéttir innan skólans og hefur það gefið góða raun. Í nokkrum framhaldsskólum er þessi háttur einnig hafður á. Fagdeild félagsráðgjafa á fræðslu- og skólasviði heldur áfram að vinna þessu máli fylgi í menntakerfinu og í ráðuneytinu.

Það sem aðgreinir félagsráðgjafa sem starfar innan skóla frá öðrum starfsmönnum hans er að félagsráðgjafi vinnur ávallt út frá heildarsýn og er tengiliður skólans við fjölskyldu og samfélag, aðrar þjónustustofnanir og stefnumótunaraðila. Það felur í sér að litið er til félagslegra, persónulegra og tilfinningalegra þátta svo og umhverfis- og námsþátta þegar mál eru skoðuð og um þau fjallað. Félagsráðgjafi hefur sérþekkingu umfram aðrar starfsstéttir á barnaverndarlögum og úrræðum samfélagsins.

Helstu verkefni innan skólanna eru:

- **Félagsleg og persónuleg ráðgjöf og stuðningur.** Í því felst að veita nemendum stuðning og aðstoð vegna félagslegra, persónulegra og tilfinningalegra þátta sem koma í veg fyrir að nemandi njóti

sín í námi og félagslegum samskiptum. Einnig veitir félagsráðgjafi ráðgjöf varðandi ýmis réttindamál sem varða nemendur og gætir þess að ekki sé brotið á hagsmunum þeirra og réttindum.

- **Forvarnir gegn ofbeldi og andfélagslegri hegðun.** Félagsráðgjafi vinnur að forvörnum gegn ofbeldi. Þar má nefna einelti sem er yfirleitt fyrirferðarmesti vandinn, en einnig líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi. Það gerir hann með fræðslu, könnunum, greiningu og úrvinnslu á ofbeldismálum. Hann veitir jafnframt þeim nemendum stuðning og fræðslu sem hafa orðið þolendur ofbeldis eða áfalla ásamt því að greina andfélagslega hegðun nemenda og nemendahópa. Hann leitast við að koma í veg fyrir slíka hegðun í samvinnu við aðra starfsmenn skólans.
- **Samvinna, ráðgjöf og stuðningur við kennara og starfsfólk.** Kennarar leita gjarnan til félagsráðgjafa varðandi málefni nemenda og aðstæður á vinnustað. Slík mál eru yfirleitt til komin vegna þess að kennari hefur áhyggjur af líðan, hegðun eða heimilisáðstæðum nemenda. Einnig geta kennarar orðið fyrir ýmsum áföllum innan skólanna, t.d. ofbeldi af hálfu nemenda, foreldra eða samstarfsfélaga. Stundum er um skipulagða handleiðslu að ræða, en hún er nær eingöngu veitt af félagsráðgjöfum með réttindi eða þjálfun í handleiðslufræðum.
- **Samvinna, ráðgjöf og stuðningur við foreldra og forráðamenn.** Foreldrar nemenda leita iðulega til félagsráðgjafa með áhyggjur af börnum sínum og tilfinningalegri líðan þeirra, m.a. vegna eineltis. Það er oft vegna þess að þeim finnst börn þeirra fá ekki þjónustu við hæfi og óska eftir leiðbeiningum og aðstoð í því efni.
- **Þróun úrræða og verkefna.** Félagsráðgjafi þarf að vera sveigjanlegur í starfi sínu. Starf hans breytist gjarnan eftir því hvernig aðstæður nemenda breytast í skólanum, en einnig geta aðstæður í samfélaginu kallað á úrræði eða ný verkefni. Sem dæmi má nefna náttúruhamfarir, erfiðar efnahagsaðstæður eða ofbeldisverk í samfélaginu. Félagsráð-

gjafi er oft með margvíslega hópavinnu í kringum vanda nemenda, svo sem hóp fyrir kvíðafull börn, félagsfærniþjálfun og sjálfsstyrkingarnámskeið.

- **Samstarf við sérfræðinga og stofnanir utan skólans sem koma að málum nemenda.** Félagsráðgjafi í skóla vinnur nánast aldrei í einrúmi. Hann leitast alltaf við að vera í náinni samvinnu við alla þá aðila sem koma að málum nemenda með hagsmunum við nemendurnar og trúnað við þá í huga.
- **Teymisvinna, samstarfsfundir og nemendaverndarráð.** Í grunnskólum sitja félagsráðgjafar í nemendaverndarráði svo og í öðrum stuðnings- og forvarnarteymum. Í framhaldsskólum sitja þeir ýmsa samstarfsfundi og taka þátt stýrihópum svo sem HOFF heilsuefning og forvarnir í framhaldsskólum)).

Nauðsynlegt er að allir skólar á grunn- og framhaldsskólastigi hafi á að skipa bæði félagsráðgjafa og náms- og starfsráðgjafa sem starfa hlið við hlið. Félagsráðgjafinn vinnur veigamikil forvarnarstarf. Hann fæst við vanda nemenda og fjölskyldna þeirra áður en hann nær að magnast upp og verða jafnvel þjóðfélaginu dýrkeyptur. Þannig stuðlar hann að heilbrigði og velgengni nemenda bæði í nútíð og framtíð.

MA-TIL STARFSRÉTTINDA 2010

Starfsmenn barnaverndarefnda:

Athugun á starfsánægju og streitu.

Nemandi: Helga Rut Svanbergsdóttir.
Leiðbeinandi: Steinunn Hrafnadóttir.

Til að athuga starfsánægju og streitu starfsmanna barnaverndarnefnda var spurningalisti sendur til 117 einstaklinga og var svarhlutfall 52%. Um 69% starfsmanna voru frekar og mjög ánægðir í starfi og 66% upplifðu mjög mikla streitu og álag. Um 40% starfsmanna mátu aðstæður í lífi sínu streituvaldandi og 24% þeirra fundu fyrir einhverjum líkamlegum einkennum eins og þreytu, svefnleysi og höfuðverk. Þrátt fyrir streitu og álag upplifa starfsmenn einnig mikla starfsánægju. Niðurstöður eru sambærilegar rannsóknum meðal starfsmanna félagsþjónustu hér á landi og erlendis.

MA-TIL STARFSRÉTTINDA 2010

Upplýsingaþörf, upplýsingamiðlun og mikilvægi fjölskyldutengsla í fangelsisvist.

Viðhorf aðstandenda fanga og íslenskra afplánunarfanga

Nemandi: Berglind Ósk Filippudóttir.
Leiðbeinandi: Steinunn Hrafnadóttir og Íris Eik Ólafsdóttir.

Í rannsókninni var notuð blönduð aðferð við gagnatöflun og úrvinnslu 66 spurningalista frá fangum og viðtölum við fimm aðstandendur. Niðurstöður sýna að upplýsingaþörf aðstandenda snýr aðallega að samskiptaleiðum sem í boði eru og hvernig halda megi tengslum við fanga og að fangarnir sjálfir eru helsta upplýsingaleiðin um það sama efni. Báðir hópar telja mjög mikilvægt að viðhalda fjölskyldutengslum á meðan fangelsisvist varir og leggja til að þjónusta Fangelsismálastofnunar yrði sýnilegri.

MA-TIL STARFSRÉTTINDA 2010

Tíðni hegðunarfrávika barna á leikskólaaldri:

Notkun ASEBA, skimunar- og matslista fyrir börn á aldrinum 1½-5 ára.

Nemandi: Sigríður Stephensen Pálsdóttir.
Leiðbeinandi: Halldór Sig. Guðmundsson.

Unnið var úr gögnum um mat foreldra og leikskólakennara á einbeitingarvanda og reiði 263 leikskólubarna. Um 2,3% barna mældust með einbeitingarvanda yfir viðmiðunarmörkum og um 3% varðandi reiði. Börn í yngri aldurshópi reyndust eiga við meiri erfiðleika en eldri börnin. Leikskólakennarar met erfiðleika barnanna meiri en foreldrar. Samanburður sýndir að foreldrar og leikskólakennarar meta hegðunarfrávik yngri barna meiri en hjá bandarískum viðmiðunarhópi

Hægt er að skoða verkefnið á www.skemman.is og einnig eru slóðir á verkefnið á heimasíðu félagsráðgjafardeildar, http://www.hi.is/frettir/timamot_i_menntun_felagsradgjafa.

Þjónusta og fræðsla fyrir þroskahamlaða

María Jónsdóttir



María Jónsdóttir,
félagsráðgjafi,
MA, forstöðukona Þekkingarseturs um félagstengsl og kynmynd

Þekkingarsetur um félagstengsl og kynmynd hefur verið starfrækt hjá Ási styrktarfélagi frá því í febrúar 2007. Markmið setursins er að skapa aðgengilegan og virkan upplýsingabrunn fyrir einstaklinga með þroskahömlun, aðstandendur og starfsfólk um þætti er varða sjálfsefningu og kynverund.

Helstu verkefni setursins eru að safna saman gagnlegu fræðslu- og kennsluefni á einn stað og miðla upplýsingum ásamt því að stuðla að útgáfu á auðlesnu og myndrænu efni á þessu sviði. Þá

veitir setrið einstaklingum, aðstandendum og fagfólki ráðgjöf og býður upp á námskeið fyrir ofangreinda hópa. Frekari upplýsingar um starfsemina og næstu námskeið má lesa á www.styrktarfelag.is undir liðnum þekkingarsetur.

Goðsagnir um kynhvöt fólks með þroskahömlun eru margar og hafa varpað skugga á viðhorf almennings til kynmyndar þess. Þetta hefur leitt til þess að tilhneiging hefur verið til að líta á það sem eilíf börn, eða kynlausa og/eða hömlulausa einstaklinga sem hafi ekki stjórn á kynhegðun sinni. Oft vill gleymast að rekja óæskilega kynhegðun, sem samræmist ekki gildum og viðmiðum samfélagsins, til ónægjar fræðslu og tilhneiging verið til að horfa á þessa hegðun sem vandamál fremur en eðlilega mannlega hegðun.

Kynfræðsla og ráðgjöf um kynhegðun fyrir einstaklinga með þroskahömlun, aðstandendur og starfsfólk hefur fram til þessa verið mjög takmörkuð bæði innan sem utan menntakerfisins. Forvarnir og þjálfun verður að hefja snemma og endurtaka með reglulegu millibili til að kenna fólki að takast á við þau viðmið sem ríkja í samfélaginu um þætti er varða félagslega og kynferðislega hegðun. Fólk með þroskahömlun er sérstaklega berskjaldað fyrir kynferðislegri misnotkun og er allt að 4 sinnum hættara en öðrum að verða fyrir

slíku. Þess vegna þarf einnig að leggja sérstaka áherslu á þessa fræðslu til þess að gera þessum hópi fólks betur kleift að greina og skilja hvað felst í misnotkun, hvernig megi varast hana og öðlast breiðan skilning á í hverju réttindi þeirra felast almennt.

Eins og fram hefur komið er eitt af verkefnum setursins að stuðla að útgáfu, en í desember komu út tvær nýjar bækur hjá þekkingarsetrinu, annarsvegar bókina *Gott hjá þér!* og hinsvegar bókina *Verum örugg* sem gefin var út í samstarfi við Landssamtökin Þroskahjálp og Fjölmennit simeenntunarmiðstöð fyrir fatlað fólk.

PEKKINGARMOLI – KYNNING

Um öldrunarmál

Fréttabréfið Positive Aging (Jákvæða öldrun) er gefið út á Netinu af Taos Institute í Ohio, Bandaríkjunum. Ritstjórar þess eru Kenneth and Mary Gergen. Fréttabréfið má lesa á slóðinni <http://www.taosinstitute.net/2010-november-december>

Fréttabréfinu er ætlað til að skapa umræðu milli rannsakenda og vettvangs um jákvæða öldrun. Í því er að finna stutta umfjöllun um niðurstöður rannsókna á sviðinu. Sem dæmi má nefna að í síðasta fréttabréfi var fjallað um rannsóknir sem tengjast farsælli öldrun svo og um öldrun og parasambönd og viðhorf folks til maka á þessu æviskeiði. Í fréttabréfinu er að finna bókarýni, stuttar fréttir og auglýsingar um ráðstefnur á sviðinu. Þá eru einnig birtar þar stuttar lesendagreinar. Wall Street Journal hefur látið eftirfarandi ummæli falla um tímaritið: „The best in ... insights in aging.“ Gott framlag til umræðunnar um farsæla öldrun.

Elísabet Karlsdóttir, verkefnisstjóri,
Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd.

Er virkni forsenda velferðar en skortur á henni mannréttindabrot?

Á að setja það skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð sveitarfélaga að þiggjendur hennar séu virkir á vinnumarkaði og í samfélaginu?

eftir Pröstor Haraldsson blaðamaður



**Pröstor
Haraldsson,
blaðamaður**

Samkvæmt tölum Vinnuálastofnunar töldust 14.688 manns vera atvinnulausir í nýliðnum janúar. Það segir okkur að 8,5% eða tæplega tólfth hver vinnufær maður var án atvinnu í mánuðinum. Ástandið er verra á höfuðborgarsvæðinu en landsbyggðinni og verst er það á Suðurnesjum þar sem sjöundi hver maður er atvinnulaus. Ungt fólk

á erfðara uppdráttar á vinnumarkaði en þeir eldri, 2.670 einstaklingar á aldrinum 15–24 ára voru skráðir atvinnulausir í janúarmánuði. Þeim sem verið hafa lengi án vinnu fer ört fjölgandi.

Þetta er ekkert sérlega fögur mynd og segir ekki alla söguna. Sums staðar á landsbyggðinni er því haldið fram að menn skrái sig ekki á atvinnuleysis-skrá fyrir en í fulla hnefana. Við þessar tölur bætist líka hópur ungmenna sem ekki uppfylla þær kröfur um virkni á vinnumarkaði sem Vinnuálastofnun gerir til þess að fá atvinnuleysisbætur.

Þetta er mynd sem hefur blasað við síðan bankakerfið hrundi haustið 2008 og ekki sér fyrir endann á atvinnuleysinu. Kannski eru þeir dagar endanlega liðnir sem Íslendingar hafa vanist að hér sé nóg atvinna fyrir allar vinnufúsar hendur. Verði það raunin blasir við að öryggisnet velferðarsamfélagsins þarf að styrkja.

Reynt hefur á öryggisnetið við þetta skyndilega álag. Bótakerfið – sem ætlað er að mæta svona áföllum – er þrískipt og ekki laust við að innan þess eigi sér stað dálítið landamærastríð. Sá hluti sem hvað mest hefur mætt á að undanfögnu eru atvinnuleysisbæturnar. Þeim sem þiggja örorkubætur hafði líka fjölgað ört áður en kreppan skall á. Þriðja og síðasta öryggisnetið er svo fjárhagsaðstoð sveitarfélaga sem hér er til umræðu.

Skilyrðing er málið eða hvað?

Atvinnuleysisbæturnar hafa það sérkenni í þessari mynd að til þess að njóta þeirra er gerð skilyrðislaus krafa um að fólk sé virkt í atvinnuleit. Menn þurfa að skrá sig reglulega hjá atvinnumiðluninni. Þjóðist þeim vinna sem þeir hafna eiga þeir á hættu að missa bæturnar um hríð. Öðru máli gegnir um örorkubæturnar sem hafa í raun samsvarað því að þiggjendur skrá sig út af vinnumarkaði þó svo allnokkur hópur sé jafnframt í hlutastarfi. Um báða þessa bótaflokka gildir þó að farið hefur verið töluvert inn á þá braut að gera kröfu um að bótaþegar taki tilboðum um starfsendurhæfingu og starfsþjálfun, sæki námskeið og taki þátt í átaksverkefnum af ýmsu tagi.

Lengi vel hefur samskonar krafa um virkni ekki verið gerð til þeirra sem þiggja fjárhagsaðstoð frá sveitarfélögunum. Segja má að sú aðstoð hafi verið og sé síðasta úrræði fólks sem af einhverjum ástæðum á ekki rétt á annarri aðstoð. Þar að baki er sú aldagamla regla að sveitarfélögunum beri að annast framfærslu þeirra sem ekki geta það sjálfir. Þess vegna hefur ekki verið talið fært að gera kröfu til þiggjendanna um að þeir séu virkir í námi, á vinnumarkaði eða annars staðar í samfélaginu.

Nú virðist þetta vera að breytast. Í meistaraþróf-sritgerð Lenu Hrannar Marteinsdóttur frá því í desember sl. og kynnt er hér í tímaritinu, kemur fram að öll sveitarfélög landsins, að tveimur undanskildum, hafi sett sér reglur sem á ýmsan hátt setja fjárhagsaðstoðinni skilyrði. Þau geta verið mismunandi, svo sem um að menn losi sig undan vímuefnafíkn eða séu virkir í atvinnuleit. Víða er hafður sá háttur á að gerður er samningur við viðkomandi, byggður á mati ráðgjafa og starfsmanna félagsþjónustunnar, og ef ekki er staðið við hann má viðkomandi eiga von á því að fjárhagsaðstoð við hann verði skert.

Reyndar kom í ljós þegar blaðamaður ræddi við starfsmenn þessara tveggja sveitarfélaga að í öðru

þeirra, Álftanesi, voru settar nýjar reglur á síðasta ári sem gefa möguleika á slíkri samningsgerð og í hinu, Vesturbyggð, er nú verið að endurskoða gamlar reglur um félagsþjónustu eftir sameiningu við félagsþjónustu Tálknafjarðar. Óvíst er þó hvort ákvæði um skilyrðingu verði sett inn í nýju reglurnar.

Átök löggjafar- og framkvæmdarvalds

Það er athyglisvert við þessa þróun í sveitarfélögum að hún gerist á fremur gráu svæði, séð af sjónarhóli löggjafans. Á undanförunum árum hefur tvívegis verið lagt fram frumvarp á Alþingi um að heimila sveitarfélögum landsins að skilyrða fjárhagsaðstoð sína, en í báðum tilvikum höfnuðu þingmenn því við afgreiðslu málsins. Síðast var það gert í fyrri, árið 2010.

Í ljósi þess er athyglisvert að félags- og tryggingamálaráðuneytið hefur tvívegis gefið út leiðbeiningar til sveitarfélaga um fjárhagsaðstoð, síðast árið 2009, þar sem segir að félagsmálanefndum sé heimilt að skerða fjárhæð til framfærslu þeirra sem hafa hafnað atvinnu eða sagt starfi sínu lausu án viðhlítandi skýringa.

Í áður nefndri ritgerð er viðtal við Ingibjörgu Broddadóttur hjá velferðarráðuneytinu, en hún sat í nefndinni sem samdi leiðbeiningarnar. Hún vísar í 19. grein laga um félagsþjónustu sveitarfélaga þar sem segir að hverjum manni sé skylt að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn undir 18 ára aldri. Segir hún að sá sem ekki geti sýnt fram á að hann reyni þetta uppfylli þar með ekki 19. greinina, hann geti ekki tekið meðvitaða ákvörðun um að vinna ekki og þiggja fjárhagsaðstoð. Ingibjörg viðurkennir hins vegar að hugsanlega sé ekki nægjanleg lagastoð fyrir þessari skilyrðingu fjárhagsaðstoðarinnar.

Þessi mynd sem hér er dregin upp er að mörgu leyti athyglisverð. Alþingi neitar í tvígang að heimila sveitarfélögum að skilyrða fjárhagsaðstoð til framfærslu. Samt gefur ráðuneytið út leiðbeiningar þar sem slíkt er ráðlagt og flest sveitarfélög landsins fara að ráðum þess.

Er vinna velferð?

Kannski er það þessi lagalega óvissa sem ræður því hversu breytilegt fyrirkomulag sveitarfélaga á skilyrðingum er og hve lítil samstaða og umræða virðist eiga sér stað um þær meðal fagfólks. Í samtali við Björk Vilhelmsdóttur kemur fram áhersla á virkni og þátttöku ásamt mikilvægi samvinnu og samstöðu. María Kristjánsdóttir (sjá viðtal) vill frekar tala um umbun til þeirra sem standa sig vel en refsingu þeirra sem ekki standa sig. Það er nokkuð í anda þeirrar umræðu

sem átti sér stað í Noregi fyrir tveimur áratugum þar sem rætt var um hvort betra væri að beita keyrinu eða gulróttinni til að auka virkni skjólstaðinga félagsþjónustunnar, segir Halldór S. Guðmundsson lektor við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. Athugun frá 1991 á virkniúrræðum innan félagsþjónustunnar í Noregi leiddi í ljós að til þess að þau virki þurfi starfsmenn félagsþjónustunnar að hafa skýrar heimildir og góðar leiðbeiningar um það hvernig eigi að beita úrræðunum. Tryggja þarf að ekki skorti fjármagn og þekkingu til að framfylgja stefnunni, og að úrræðin – ekki síst starfsþjálfunin – verði að ná til alls vinnumarkaðarins og einskorðast ekki við opinber störf. Loks þurfi að gera úttekt á árangri og hvernig úrræðin virka fyrir þátttakendur.

Í Evrópu, ekki síst á Norðurlöndum, hefur lengi verið rætt um nauðsyn þess að virkja bótaþega til starfa og þátttöku í samfélaginu, segir Halldór. Þar hefur verið mótuð stefna í þessum málaflokki sem kennd er við hugtökin „work to welfare“ eða „workfare“. Umræðan hér á landi er mun skemmra á veg komin og lítil reynsla komin á það hversu vel virkniúrræðin sem beitt er virka í raun. Reynslan frá Norðurlöndum sýni þó að svo virðist vera sem þau virki ágætlega fyrir marga.

„Þá sýna bæði íslenskar og erlendar rannsóknir að starfsendurhæfing sem m.a. skjólstaðingar félagsþjónustunnar sækja, bætir líðan og heilsu þátttakenda. Hún eykur virkni þeirra í vinnu, námi eða sjálfbodastörfum og samskipti þeirra við annað fólk batna,“ segir Halldór.

Evrópsk þróun

Þessi þróun í Evrópu tók á sig ákveðna mynd í samþykkt Evrópusambandsins frá árinu 2007 sem kennd er við Lissabon. Þar er lýst ýmsum aðgerðum sem aðildarríkin eru hvött til að grípa til og styrkja með því sem kallað er „Social Cohesion“ og mætti þýða sem félagsleg samloðun. Þar er ekki síst átt við aðgerðir á sviði félagsmála og vinnumarkaðar í því skyni að vinna gegn einangrun þeirra sem lent hafa utangarðs á vinnumarkaði og í samfélaginu.

Í kjölfar þessarar samþykktar hafa mörg Evrópuríki sett inn í félagsmálalöggjöf sína reglur um skilyrðingu félagslegra bóta, hvort sem um er að ræða atvinnuleysisbætur, örorkubætur eða fjárhagslega aðstoð ríkis og sveitarfélaga. Alls staðar á Norðurlöndum utan Íslands er fyrir nokkru búið að setja í lög ákvæði sem heimila einhvers konar skilyrðingu fjárhagsaðstoðar með samningagerð við móttakendur

hennar um þátttöku í virkniúrræðum, starfsendurhæfingu eða átaksverkefnum af ýmsu tagi.

Vitaskuld kallar þessi þróun á að samfélagið horfi líka í augu við það hver þörf fólks er fyrir fjárhagsaðstoð. María vísar í því sambandi til nýrrar skýrslu velferðarráðuneytisins um neysluviðmið.

Unga fólkið er áhyggjuefnið

Það ríkir alls ekki einhugur um skilyrðingu fjárhagsaðstoðar í röðum félagsráðgjafa og starfsmanna félagsþjónustunnar. Í raun má segja að ágreiningurinn kristallist í annars vegar því sem Ingibjörg Broddadóttir nefndi, þ.e. skyldu einstaklingsins til þess að framfleyta sér og sínum, og hins vegar skyldu sveitarfélagsins og samfélagsins til að sjá til þess að allir hafi nóg sér til lágmarksframfærslu.

Það sem eykur mikilvægi þessarar umræðu núna er þróun sem starfsmenn félagsþjónustunnar kannast allir við og hefur ágerst svo um munar eftir hrúnið 2008. Ungt fólk sem býr í foreldrahúsum og hefur flosnað upp úr skólanámi tekur í æ ríkari mæli þann kost að leita til sveitarfélaga eftir fjárhagsaðstoð. Þetta fólk skortir í flestum tilvikum starfsreynslu, nýtur ekki réttar til atvinnuleysisbóta og vinnumarkaðurinn er því lokaður. Þarna er að myndast vísir að þjóðfélagsþróun sem dæmir sig eða er dæmt úr leik og tekur ekki þátt í samfélaginu.

Inn í þetta blandast svo hagsmunir sveitarfélaga, stóraukin útgjöld til fjárhagsaðstoðar og þverrandi tekjur af völdum kreppunnar. Svigrúm þeirra er því minna en skyldi og þess vegna eru þau í óða önn að fara í saumana á því hvort ekki sé með einhverjum ráðum hægt að draga úr útgjöldum til þessa mála-flokks þegar til lengri tíma er lítið.

En þegar öllu er á botninn hvolft er þetta spurning um siðfræði. Á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, botninn á öryggisnetinu, að vera laus við skilyrði um virkni? Eða ber sveitarfélögum að vernda þau mannréttindi einstaklingsins að vera virkir þátttakendur í samfélaginu?

Eiga að gilda skýrar reglur um skilyrðingar eða á að setja það í hendur félagsþjónustu hvers sveitarfélags og starfsfólks? Snýst málið um sjálfstæði og sjálfstjórn skjólstæðinga, starfsmanna eða sveitarfélags? Og hver á að hafa eftirlit með því hvernig að því er staðið og hvort skilyrðingin eykur í raun og veru virkni þeirra sem þiggja fjárhagsaðstoð og þar með þátttöku þeirra í samfélaginu?

Þarna er efinn, eins og Shakespeare karlinn hefði orðað það.

Viðtal

Björk Vilhelmsdóttir, félagsráðgjafi og borgarfulltrúi

Verðum að skapa sátt um fjárhagsaðstoðina



Björk Vilhelmsdóttir félagsráðgjafi og borgarfulltrúi er formaður Velferðarráðs Reykjavíkurborgar. Hún er sannfærð um nauðsyn þess að hægt sé að setja einhvers konar skilyrði fyrir veitingu fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga. Hún rökstyður það á eftirfarandi hátt:

„Það mikilvægasta er að skapa sátt í samfélaginu um bótakerfið og ekki síst fjárhagsaðstoðina. Í fyrsta lagi þarf fólk að geta lifað af fjárhagsaðstoð og í öðru lagi þarf samfélagið að geta greitt hana. Á sama tíma og við erum að skera niður í öllum kerfum borgarinnar, og gróflega á sumum stöðum, þá erum við að auka framlög til fjárhagsaðstoðar og hækka bæturnar. Þess vegna þurfum við að tryggja að fólk sé ekki að nýta sér aðstoðina án þess að reyna að takast á við líf sitt.

Mér finnst skipta miklu máli að það sé skýr réttur til fjárhagsaðstoðar, en mér finnst líka að það eigi að vera skýr ákvæði um að hægt sé að skilyrða fjárhagsaðstoðina við virkni, sérstaklega gagnvart tilteknum hópum, vegna þess að við vitum að óvirkni í samfélaginu leiðir af sér félagslega einangrun svo og líkamlega og andlega vanheilsu fólks.

Þegar ungt fólk er án atvinnu í langan tíma og hefur ekki getað fótad sig í skóla eða vinnu þrátt fyrir ýmiss konar stuðning og námsráðgjöf, þá er næsta skref að skilyrða það til virkni. Ef það neitar atvinnutillboðum eða þátttöku í endurhæfingarúrræðum verður að vera hægt að skerða bætur þess með einhverjum hætti. Ef við gerum það ekki og almenningur fær það á tilfinninguna að ungt fólk geti hangið heima hjá foreldrum sínum á fjárhagsaðstoð og haft það huggulegt án þess að einhver sé að hreyfa við því, þá verður engin sátt um fjárhagsaðstoðina.“

Reykjavíkurborg breytti reglum um fjárhagsaðstoð um síðustu áramót og samkvæmt þeim fá þeir sem búa í foreldrahúsum einungis hálfu fjárhagsaðstoð, þ.e. 74.500 kr. á mánuði. Þeir sem búa með eða inni á öðrum fá 125.000 kr. og þeir einir fá fulla aðstoð, 149.000 kr., sem reka eigið heimili.

„Þetta er svipað og bætur Tryggingastofnunar enda erum við að laga fjárhagsaðstoðina að aðstæðum hvers og eins. Ég vona að samstaða náist um að næsta skref verði að miða fjárhagsaðstoðina við það hvort fólk er að takast á við tilveru sína eða ekki. Ef svo er ekki gæti aðstoðin orðið svipuð þeirri sem fólk fær sem býr í foreldrahúsum. Ég veit þó ekki hvort fólk getur lifað af því, það er að minnsta kosti erfitt.“

– En á að láta eitt yfir alla ganga í þessum efnunum?

„Nei, við getum ekki krafist virkni af öllum sem þiggja fjárhagsaðstoð. Sumir hafa verið á þeim bótum árum eða áratugum saman og við getum ekki krafist þess að fólk gerbreyti lífi sínu. Það er langtíma- verkefni sem við þurfum að takast á við. Meginmálið núna er hins vegar að koma í veg fyrir að nýir hópar festist inni í kerfinu. Mér finnst það vera nánast mannréttindabrot að setja ungt fólk á fjárhagsaðstoð eða örorkubætur og láta það í friði með það. Skila- boðin eru þá þau að fólk þurfi ekki að vera virkir þátt- takendur í samfélaginu, að við samþykkjum félags- lega einangrun. Við erum að segja: – Við erum til í að afskrifa þig. Það finnst mér vera mannréttindabrot gagnvart ungu fólki. Þess vegna eigum við að gera allt til að bjóða því vinnu eða önnur virkniúrræði.“

Björk segir að fólkið sem starfi í félagsþjónustunni kalli eftir þessum breytingum, en nú sé málið að skapa um þær pólitíska samstöðu í velferðarráði.

Viðtal

María Kristjánsdóttir, félagsráðgjafi og félagsmála- stjóri í Hveragerði

Vil frekar umbuna en refsa



Samtök félagsmálastjóra héldu málþing í nóvember 2010 um fátækt, fjárhagsaðstoð og hlut- verk félagsþjónustunnar. Fjallað var um skilgreiningu á fátækt og ræddar ýmsar spurningar sem varða siðferði og fátækt. Á mál- þinginu ræddu síðan vinnuhópar um hlutverk félagsþjónustunnar í glímunni við fátækt. Ákveðið var að skipa starfshóp sem ynni úr til- lögum vinnuhópanna og kynnti þær síðan á vofundi félagsmálastjóra í maí 2011. María Kristjánsdóttir félagsmálastjóri í Hveragerði stýrir vinnu starfshóps- ins og hún á einnig sæti í nefnd á vegum Sambands

islenskra sveitarfélaga sem hefur það verkefni að fjalla um fjárhagsaðstoð, neysluviðmið og virkni.



María segir að mörg sveitarfélög reyni að bjóða ungu fólki á fjárhagsaðstoð og með litla starfsreynslu upp á starfsþjálfun. „Því lengur sem fólk er utan vinnumarkaðar þeim mun erfiðara er að gera það að virkum þátttakendum á ný. Mörg sveitarfélög gera kröfu um að einstaklingur sem þiggi fjárhagsaðstoð sé virkur í samfélaginu. Allir þurfa þó lágmarks- framfærslu, hana er ekki hægt að skerða. Ég er frekar andvíg því að skerða lágmarksframfærslu fólks heldur finnst mér athugandi hvort ekki sé hægt að setja inn ákvæði í reglurnar um að allir fái grunnstuðning en svo geti menn fengið umbun eða bónus fyrir virkni.“

María bætir því við að eftir efnahagshrunið 2008 hafi þeim fjölgað mikið sem þiggja framfæri sitt af hinu opinbera og að ýmislegt sé reynt til að virkja þá á ný. Sveitarfélögin skorti hins vegar úrræði. Hún nefnir að sveitarfélögin hafi ekki aðgang að vinnumarkaðsað- gerðum sem VMS býður skjólstaðingum sínum. Þau þurfi því að útbúa slík úrræði sjálf og það kostar sitt.

Þess má þó geta að Reykjavíkurborg gerði í lok síðasta árs samning við Vinnumálastofnun um að skjólstaðingar borgarinnar fái aðgang að vinnu- tengdum úrræðum stofnunarinnar.

„Hópurinn sem allir hafa mestar áhyggjur af er ungt fólk sem hverfur úr skólanámi og hefur enga reynslu úr atvinnulífinu. Við 18 ára aldur öðlast það rétt á fjárhagsaðstoð og situr bara heima. Þessi hópur hefur farið stækkandi upp á síðkastið og for- eldrar standa uppi úrræðalausir. Vinnumarkaðurinn er þessu fólki lokaður vegna skorts á starfsreynslu og það getur reynst erfitt að koma því í starfsendur- hæfingu. Þetta er vandinn í hnotskurn.

En fjárhagsaðstoðina þarf að endurskoða af fleiri ástæðum, svo sem í ljósi nýútkominnar skýrslu um neysluviðmið. Um þetta verður fjallað í nefndunum tveimur nú á vormánuðum,“ segir María að lokum.

Illi kall

Gro Dahle og Svein Nyhus (2010)


Sinna mann

Sigrún Árnadóttir þýddi

Mál og menning, Reykjavík

ISBN 978-9979-3-3153-7

Bókarumfjöllun



Sagan *Illi kall* er gefin út af Máli og menningu í samstarfi við Barnaverndarstofu. Henni er ætlað að opna umræðu um áhrif heimilisofbeldis á börn og hjálpa fullorðnum í nærumhverfi barna til að ræða viðfangsefni hennar við börnin. *Illi kall* er íslensk útgáfa norsku verðlaunabókarinnar

Sinna mann eftir Gro Dahle og Svein Nyhus í þýðingu Sigrúnar Árnadóttur. Bókin á erindi við alla, fullorðna, unglinga og börn sem hafa öðlast þroska til að meðtaka viðfangsefni hennar. Boðskapur sögunnar er tvíþættur: Það er hægt að leysa jafnvel illviðráðanlegustu vandamál og lykillinn að lausn slíkra vandamála er ævinlega að segja frá. Fyrir börn sem búa við heimilisofbeldi getur þessi vitneskja skipt sköpum.

Bókin *Illi kall* er skrifuð fyrir börn, en nauðsynlegt er að fullorðnir lesi og ræði efnið við þau. Sagan segir frá Boga, sem býr með mömmu sinni og pabba, og fjallar um það hvernig Bogi og mamma hans eru stöðugt á varðbergi vegna þess að innra með pabba berjast vondir og góðir karlar.

Myndirnar veita sögunni góðan stuðning. Þar sjást aðalpersónurnar, pabbi stór og þrekinn með rauðar krumflur, mamma tágrönn í sparikjólum og Bogi litli með flugvélina sína. Boga finnst hann vera lokaður á bak við þúsund læstar dyr en langar til að segja frá. Að lokum finnur hann samt leiðina út, hann segir vini sínum frá og pabbi fær hjálp.

Sagan er sögð frá sjónarhorni barnsins þar sem tekið er á algengum einkennum ofbeldis á heimilum. Fjölmargar rannsóknir vitna um það hvílík áhrif slíkt ofbeldi hefur á börn, hvort sem barnið verður sjálft fyrir því eða ekki. Bókin varpar ljósi á það hvernig börnum líður í þessum aðstæðum og er til þess fallin að auka skilning fullorðinna á alvarlegu vandamáli. Það er gagnlegt fyrir starfsmenn sem vinna með börnum að tengja lestur bókarinnar umræðu um

heimilisofbeldi. Rannsóknir sýna að umtalsverður fjöldi barna þekkir börn sem verða fyrir ofbeldi á heimili og þau vilja fræðast og ræða þetta efni (Sjá t.d. Guðrún Kristinsdóttir (ritstj.). (2007). *Það er ljótt að meiða. Þekking og skilningur barna á ofbeldi á heimilum. Helstu niðurstöður könnunar*. Reykjavík: Kennaraháskóli Íslands). Því er ástæðulaust að vantreysta færni barna og unglinga til að meðtaka og ræða þetta viðkvæma efni.

Steinunn Bergmann, félagsráðgjafi, MPA

Sorgir og áföll


Barbro Lennéer-Axelsson, 2010

Förluster. Om sorg och livsomställning.

Stockholm: Natur & kultur. 336 bls.

ISBN 978-91-727-11889-8

Bókarumfjöllun




Bókin *Förluster. Om sorg och livsomställning* er eftir Barbro Lennéer-Axelsson dósent við félagsráðgjafardeild Háskólans í Gautaborg. Hún er mörgum íslenskum félagsráðgjöfum að góðu kunn síðan hún hélt nokkur námskeið hér á landi á vegum Kynfræðifélags Íslands og Tengsla á 9. áratugnum um nán tengsl, sorgarvinnu og skilnaðarmál, en líka þeim sem stundað hafa nám í félagsráðgjöf við Háskólann í Gautaborg.

Bókin er rituð fyrir nemendur og fagfólk í meðferðarvinnu og í fagþjónustu á sviði félags- og heilbrigðismála. Eins og heitið gefur til kynna fjallar hún um erfitt efni – sorgir og áföll, en hún er svo einstaklega lipurlega skrifuð að hana má nánast lesa eins og skáldsögu. Jafnframt er bókin ekki aðeins fræðilega unnin og vel studd nýjustu fræðilegum heimildum, heldur meitluð af mannskilningi, samhygð með öðru fagfólki og faglegru reynslu höfundar sjálfs. Kaflarnir átján spanna margvíslega efnisþætti, allt frá skilgreiningum á hugtökum og fræðikennningum til meðferðartækni og hlutverks fagfólks.

*Sigrún Júlíusdóttir, prófessor
Félagsráðgjafardeild, Háskóla Íslands*

Kennslufni

Verum örugg



Kennslufni er í námskeiðsformi og ætlað fólki með þroskahömlun 18 ára og eldra. Fjallað er um sjálfstyrkingu, það að læra að greina kynferðislega misnotkun og hvað sé hægt að gera til þess að tryggja öryggi sitt sem best. Kennslufnið er unnið í samstarfi við Landssamtökin

Þroskahjálp og Fjölmenn- símenntunarmiðstöð fyrir fatlað fólk. María Jónsdóttir er höfundur bókarinnar.

Kennslufnið samanstendur af:

- Handbók með nákvæmum kennsluleiðbeiningum að 38 verkefnum og geisladisk með myndum. Handbókin er ætluð stofnunum og þeim einstaklingum sem vilja bjóða upp á námskeiðið samtals tvær klukkustundir er innifalið í verðinu.
- Vinnubók ætluð þeim sem sækja námskeiðið.
- Bæklingurinn: Að vera öruggur. Hann má fá ókeypis hjá Landssamtökunum Þroskahjálp.

Gott hjá þér!



Gott hjá þér! (ThumbsUp!) í þýðingu Ólafs Arnar Bragasonar sálfræðings hefur hlotið mjög góðan orðstýr og verið marg endur útgefið í Bretlandi. Gott hjá þér! er kennslufni í ákveðniþjálfun sem eflir sjálfsstraust og er ætlað fagfólki sem vinnur með fólki með þroskahömlun.

Fræðslufnið nýtist jafnt unglíngum sem fullorðnum. Efnistökin í bókinni byggjast á að þátttakendur taka þátt í fjölmörgum og skemmtilegum verkefnum, æfingum og hlutverkaleikjum, sem styrkja sjálfsstraust og auka hæfileika til að verða ákveðnari og takast á við þær áskoranir sem fólk stendur oft frammi fyrir við ýmsar athafnir daglegs lífs. Þættir sem meðal annars er farið yfir eru:

Sjálfstyrking, tilfinningar, líkamstjáning, framkoma og hegðun. Þá er einnig fjallað um hvernig megi taka gagnrýni og hvernig við gagnrýnum aðra. Auðvelt er að kenna þetta efni þar sem nákvæmar

leiðbeiningar eru með hverju verkefni um hvernig eigi að nálgast hvert viðfangsefni fyrir sig. Í bókinni eru ýmis verkefnablöð sem hægt er að ljósrita, ásamt geisladiski með myndum af verkefnum.

MA-TIL STARFSRÉTTINDA 2010

Barnaverndarnefndir á Íslandi:

Rannsókn á bakgrunni og viðhorfi nefndarmanna ásamt sjónarhorni starfsmanna.

Nemandi: Arndís Tómasdóttir.

Leiðbeinandi: Anni G. Haugen.

Skoðaður var bakgrunnur nefndarmanna barnaverndarnefnda og viðhorf til mála er varða nefndirnar og verkefni. Jafnframt var leitað áhlits starfsmanna nefndanna á skipulagi, vinnu og samstarfi nefndanna. Meirihluti nefndarmanna reyndust almennt vel menntaðir en sitja oftast í barnaverndarnefnd fyrir stjórn mála flokk. Enginn nefndarmaður né starfsmaður taldi að menntun ætti að vera ráðandi þáttur við val á fulltrúum og meirihluti þeirra taldi sig hafa frekar litla þekkingu á barnaverndarlögum. Nefndarmenn eru almennt ánægðir með setu í barnavernd, störf starfsmanna og hóparnir tveir telja samstarfið almennt gott. Tæpur helmingur starfsmanna telur vinnubrögð nefndanna vera í lakari kantinum og ákvarðanatöku frekar ómál-efnalega.

MA-TIL STARFSRÉTTINDA 2010

„Þar fékk ég töfrakraftinn – sjálfsöryggið.“

Upplifun notenda af þjónustu unglíngasmiðjanna í Reykjavík.

Nemandi: Sigurlaug H. Traustadóttir.

Leiðbeinandi: Steinunn Hrafnadóttir.

Rætt var við fjóra karla og fjórar konur á aldrinum 18-22 ára um reynslu af þjónustu unglíngasmiðjanna. Notendur smiðjanna eru oft félagslega einangraðir sem hefur neikvæð áhrif á þroska, líðan og hegðun. Upplifun notenda var að smiðjurnar ættu stóran þátt í að bæta líðan, sjálfsmynd og auka félagsþroska þeirra.

Fag- og landshlutadeildir Félagsráðgjafafélags Íslands

Valgerður Halldórsdóttir



**Valgerður
Halldórsdóttir**
framkvæmda-
stjóri FÍ, félags-
ráðgjafi, MA

Mikil gróska hefur verið í starfsemi Félagsráðgjafafélagsins undanfarin ár og má þakka það m.a. öflugu starfi fag- og landshlutadeilda þess. Landshlutadeildir hafa átt þátt í að þetta tengslanet félagsráðgjafa á hverju svæði með reglulegum fræðslufundum og umræðum sem taka mið af sérstöðu þess. Þær hafa einnig virkað sem eins konar „velferðarvakt“ nú á krepputímum og átt sinn þátt í að vekja athygli á málum sem varða skjólstæðinga og þá sjálfa með almennum ályktunum. Jafnframt hafa þær verið mikilvægur tengiliður milli félagsráðgjafa á landsbyggðinni og stjórnar félagsins.

Fagdeildir félagsins hafa staðið fyrir morgunverðarfundum og ráðstefnum sem hafa verið vel heppnaðar og fjölsóttar. Sumar deildir halda jafnframt reglulega fundi um sérsvið sitt og eru þeir yfirleitt opnir öllum. Í raun er það litlum takmörkunum háð hvernig félagsráðgjafar geta hópað sig saman innan félagsins og stofnað fagdeild. Aðeins þarf samþykki stjórnar FÍ. Umræða er innan félagsins um að stofna fagdeildir félagsráðgjafa á heilbrigðissviði, félagsráðgjafa sem vinna við fjárhagsaðstoð og að málefnum fatlaðra svo nokkuð sé nefnt. Framkvæmdastjóri og formaður funda reglulega með formönnum fag- og landshlutadeilda, og þar skapast frekari tækifæri til að þetta hópinn og vinna þvert á sérsvið og svæði.

Dagskrá fag- og landshlutadeilda er að finna á vefsíðunni www.felagsradgjof.is.

Fagdeildir

- Fagdeild fræðslu- og skólafélagsráðgjafa var stofnuð 2. júní 2004. Formaður hennar er Guðrún Elva Arinbjarnardóttir, félagsráðgjafi í Vatnsendaskóla Kópavogi.
- Fagdeild félagsráðgjafa í öldrunarmálum var stofnuð 11. nóvember 2006. Formaður hennar er Soffía Egilsdóttir, framkvæmdastjóri félags- og þjónustusviðs Hrafnistu.
- Fagdeild félagsráðgjafa í barnavernd var stofnuð 5. desember 2008. Formaður hennar er María Gunnarsdóttir, félagsráðgjafi í Barnavernd Reykjanesbæjar.
- Fagdeild félagsráðgjafa í áfengis- og vímuefnamálum var stofnuð 14. janúar 2009. Formaður hennar er Jóna Margrét Ólafsdóttir hjá Lifandi ráðgjöf.
- Fagdeild sjálfstætt starfandi félagsráðgjafa var stofnuð 15. september 2009. Formaður hennar er Hanna Lára Steinsson, félagsráðgjafi hjá Bjarmalundi.
- Fagdeild fjölmenningsfélagsráðgjafa var stofnuð 17. febrúar 2011. Formaður hennar er Hilma Hólmfríður

Sigurðardóttir, félagsráðgjafi í þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða.

- Fagdeild félagsráðgjafa í starfsendurhæfingu var stofnuð 22. febrúar 2011. Formaður hennar er Erla Sigurðardóttir verkefnastjóri hjá Reykjavíkurborg.
- Fagdeild félagsráðgjafa sem vinna að málefnum fatlaðs fólks var stofnuð 5. apríl 2011.

Landshlutadeildir

- Norðandeild var stofnuð haustið 2007. Formaður er Dalrós Halldórsdóttir, félagsráðgjafi á Fjölskyldudeild Akureyrarbæjar.
- Suðurnesjadeild var stofnuð 26. nóvember 2009. Formaður er Rannveig Einarsdóttir, yfirfélagsráðgjafi Reykjanesbæ.
- Suðurland var stofnuð 4. mars 2011. Formaður er Katrín Bjarnadóttir, forstöðumaður í búsetuþjónustu fatlaðra.
- Austurland var stofnuð stofnuð 4. apríl 2011. Formaður er Sigrún Þórarinsdóttir félagsmálastjóri Fjarðabyggðar.

Soffía Egilsdóttir formaður

Fagdeild félagsráðgjafa í öldrunarþjónustu



Fagdeildin heldur 2-4 fræðslufundi fyrir félagsmenn tvisvar á ári. Á síðasta starfsári var boðið upp á fyrirlestra um ofbeldi gegn öldruðum, sameiningu heima- hjúkrunar og heimaþjónustu, líðan og lífsgæði aldraðra á altæk-

um stofnunum og upplýsingagjöf til eftirlifenda. Vettvangsferðir félagsmanna eru hluti af starfseminni. Heimsótt voru tvö ný hjúkrunarheimili og þjónustu- íbúðir fyrir aldraða. Fram undan er heimsókn á Tryggingastofnun þar sem fjallað verður m.a. um kostnaðarþátttöku íbúa á hjúkrunarheimilum og réttindi þeirra sem búa heima. Á aðalfundi í mars fór fram kynning á námi í öldrunarfræðum við Háskóla Íslands.

Markmið fagdeildar félagsráðgjafa í öldrunarþjónustu eru að:

- stuðla að framhaldsmenntun, símenntun og rannsóknnum í félagsráðgjöf fyrir aldraða,
- efla samskipti milli félagsráðgjafa í öldrunarþjónustu,
- fylgjast með nýjungum í félagsráðgjöf aldr- aðra, stuðla að aukinni fræðslu og forvarnarstarfi í þágu aldraðra,
- vera FÍ til ráðgjafar í málefnum sem lúta að félagsráðgjöf aldraðra.

Hönnu Lára Steinsson formaður

Fagdeildar sjálfstætt starfandi félagsráðgjafa



Fagdeildin hefur staðið fyrir opnum fundum og fræðslu fyrir félagsmenn. Á síðasta starfsári var flutt erindi um tengslanet kvenna og konur í eigin rekstri, námskeið var haldið um markaðssetningu á Netinu, á morgunverðarfundi

kynntu sex sjálfstætt starfandi félagsráðgjafar starfsemi sína og fulltrúar frá Landlæknisembættinu og Sjúkratryggingum Íslands sögðu frá kröfum um stof- urekstur og endurgreiðslur. Landlæknisembættið

gerir faglegar lágmarkskröfur til stofurekstrar samkvæmt lögum um landlækni nr. 41/2007 og hafa formaður FSSF og framkvæmdastjóri FÍ verið í samvinnu við embættið um mótun viðmiða fyrir hópinn. Markmið fagdeildar sjálfstætt starfandi félagsráðgjafa eru að:

- efla velferð einstaklinga og fjölskyldna,
- auka aðgengi almennings að félagsráðgjöf,
- stuðla að gæðum og fjölbreytileika í þjónustu,
- efla samskipti sjálfstætt starfandi félagsráð- gjafa og vera vettvangur til að deila og miðla þekkingu,
- vera stjórn FÍ og stjórnvöldum til ráðgjafar í samræmi við sérsvið félagsmanna fagdeildarinnar.

Jóna Margrét Ólafsdóttur formaður

Fagdeildar félagsráðgjafa á áfengis- og vímuefnamálum



Fagdeildin hefur staðið fyrir fræðslufundum um vímuefnamál og hafa þeir verið opnir öllum félagsráðgjöfum sem hafa áhuga á málaflokkinum. Fundir fagdeildarinnar hafa þétt þann hóp sem vinnur að málum vímuefnasjúkra

og er það ekki síður mikilvægt í starfinu að læra hver af öðrum og miðla. Óhætt er að segja að starf fagdeilda FÍ skarist á einn eða annan hátt og því gefast mörg tækifæri til samvinnu við aðrar deildir félagsins. Sem dæmi má nefna fagdeildir félagsráðgjafa í barnavernd, skólafélagsráðgjöf og málefnum aldraðra. Ávinningur getur verið mikill af öflugu samstarfi félagsráðgjafa sjálfra og skjólstaðinga þeirra. Því er mikill áhugi innan deildarinnar á að eiga gott og gefandi samstarf við aðrar fagdeildir á næsta starfsári.

Markmið fagdeildar félagsráðgjafa í áfengis- og vímuefnamálum eru að:

- stuðla að framhaldsmenntun, símenntun og rannsóknnum í félagsráðgjöf á sviði áfengis- og vímuefnamála,
- efla samskipti milli félagsráðgjafa í áfengis- og vímuefnafræðingum,
- fylgjast með nýjungum á sviði áfengis- og vímuefnamála,
- stuðla að aukinni fræðslu og forvarnarstarfi,

- auka þekkingu almennings, fagstétta og stjórnvalda á áfengis- og vímuefnamálum,
- standa að fræðslu um það hvernig neysla vímuefna kemur niður á einstaklingi, aðstandendum hans og samfélagi, vera Félagsráðgjafafélagi Íslands til ráðgjafar í málefnum sem lúta að áfengis- og vímuefnamálum.

María Gunnarsdóttir formaður

Fagdeild félagsráðgjafa í barnavernd



Starf fagdeildarinnar hefur verið öflugt frá stofnun hennar og mikil áhersla lögð á samstarf við aðila sem koma að málefnum barna. Fagdeildin hefur staðið fyrir starfsdögum barnaverndarstarfsmanna í samstarfi við Barnavernd

Reykjavíkur um líkamlegt ofbeldi á börnum og Barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar um seinfæra foreldra og barnavernd. Eftir fyrri starfsdaginn skipaði Barnaverndarstofa starfshóp til að vinna að verklagsreglum er varða líkamlegt ofbeldi gegn börnum. Starfsdagarnir skapa vettvang til að ræða, fylgjast með og deila nýjungum á sviði barnaverndar. Fagdeildin á fulltrúa í nefnd sem kemur að skipulagi mánaðarlegra málstofa um barnavernd á Barnaverndarstofu ásamt fulltrúa þeirra, Barnaverndar Reykjavíkur og Háskóla Íslands. Jafnframt á hún fulltrúa í starfshópi sem vinnur að því að bæta verklag lögreglu og barnaverndarnefnda þegar um er að ræða heimilisofbeldi og börn á heimili. Í maí 2010 tók fagdeildin að sér að semja umsögn um frumvarp til laga um breytingar á barnaverndarlögum nr. 80/2002 að beiðni FÍ.

Markmið fagdeildar félagsráðgjafa í barnavernd eru að:

- stuðla að framhaldsmenntun, símenntun og rannsóknum í félagsráðgjöf á sviði barnaverndar,
- efla samskipti milli félagsráðgjafa í barnavernd,
- fylgjast með nýjungum í félagsráðgjöf á sviði barnaverndar,
- stuðla að aukinni fræðslu og forvarnarstarfi í þágu barnaverndar,
- auka þekkingu almennings á barnavernd með því að gera starfið sýnilegra,

- vera Félagsráðgjafafélagi Íslands til ráðgjafar í málefnum sem snúa að barnavernd,
- vera stjórnvöldum til ráðgjafar við endurskoðun og setningu laga um barnavernd.

Dalrós Halldórsdóttir formaður

Landshlutadeildar félagsráðgjafa á Norðurlandi



Deildin heldur stjórnarfundu einu sinni í mánuði, m.a. til að fylgjast með þróun mála, breytingum og niðurskurði á starfssviðinu norðan heiða. Starfið er skipulagt í samráði við félagsmenn. Lögð er áhersla á að efla faglega hlið

starfsins og að þetta hópinn. Jólafundir deildarinnar eru alltaf vel sóttir. Árið 2010 var farin vettfangsferð í sérskóla fyrir börn með hegðunarvanda og í undirbúningi er námskeið í greinarskrifum því að mikilvægt er að félagsráðgjafar sinni hlutverki sínu sem talsmenn og komi áleiðis upplýsingum til almennings og stjórnvalda um hvað betur megi fara í samfélaginu og hvað vel sé gert. Meðal verkefna félagsráðgjafa á svæðinu má nefna nýtt tilraunaverkefni PMT-O-meðferðar fyrir foreldra unglunga í vanda sem unnið er í samvinnu við Barnaverndarstofu, og nú er verið að árangursmæla verkefnið. Deildin hefur sent fulltrúa á aðalfund Félagsráðgjafafélagsins og eru félagsráðgjafar af Norðurlandi í kjaranefnd, siðanefnd og í ritnefnd félagsins. Stofnun landshlutadeildarinnar hefur styrkt hópinn og auðveldara er að halda úti faglegu starfi þegar hver deild hefur eigin fjármuni til ráðstöfunar.

Rannveig Einarsdóttir formaður

Landshlutadeild félagsráðgjafa á Suðurnesjum



Í starfi deildarinnar er lögð áhersla á að efla faglegt starf félagsráðgjafa á Suðurnesjum og skapa vettvang til að koma saman og styrkja gagnkvæm tengsl þeirra. Á síðasta ári voru haldin fræðsluerindi um yfirfærslu mál-

efna fatlaðra til sveitarfélaga og mansal. Glærur frá fræðslufundunum er að finna á vefsíðu félagsins, www.felagsradgjof.is/sudurnesjadeild. Auk þess kynnti deildin sér starf í þágu einstaklinga á atvinnuleysisbótum eða á fjárhagsaðstoð, en á starfssvæði deildarinnar er atvinnuleysi mest á landinu. Landshlutadeildin heldur úti síðu á Facebook og stefnt er að því að nota þann miðil meira til að styrkja starf deildarinnar. Ályktun var send fjölmiðlum og Heilbrigðisstofnun Suðurnesja (HSS) þegar til stóð að leggja niður stöðu félagsráðgjafa á HSS í sparnaðarskyni, og lýktir mála urðu þær að hætt var við fyrir-

hugaðan niðurskurð. Stefnt er að fjölbreyttri dagskrá deildarinnar á árinu og fræðast má nánar um hana á vefsíðu félagsins.

Markmið landshlutadeildar félagsráðgjafa á Suðurnesjum eru að :

- efla samskipti milli félagsráðgjafa á Suðurnesjum,
- stuðla að framhaldsmenntun, símenntun, nýjungum og rannsóknum í félagsráðgjöf á svæðinu,
- stuðla að aukinni fræðslu og forvarnarstarfi,
- vera stjórn FÍ og stjórnvöldum til ráðgjafar.

Fræðasetur þriðja geirans við Háskóla Íslands



Hinn 26. nóvember sl. var haldinn stofnfundur *Fræðaseturs þriðja geirans*. Að setrinu standa Félagsráðgjafardeild og Stjórn málafræðideild á Félagsvísindasviði Háskóla Íslands í samvinnu við Al-

mannahéill – Samtök þriðja geirans.

Meginhlutverk fræðasetursins er að efla rannsóknir, þróunarverkefni og fræðslu á sviði þriðja geirans og almennra félaga sem starfa án hagnaðarvonar. Markmið setursins eru:

- Að bæta grunn- og þjónusturannsóknir á þriðja geiranum á Íslandi í samstarfi við erlenda háskóla.
- Að vinna að þróunarverkefnum.
- Að miðla vísindalegri og hagnýtri þekkingu.
- Að taka þátt í opinberri stefnumörkun.
- Að veita nemendum í rannsóknatengdu framhaldsnámi tækifæri og aðstoð við rannsóknir.

Setrið er staðsett í Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Dr. Steinunn Hrafnadóttir, dósent, og dr. Ómar H. Kristmundsson, prófessor, veita því forstöðu, og verkefnisstjóri þess er Gestur Páll Reynisson. Í stjórn setursins eru auk forvarsmanna, þau Jónína Einaradóttir, prófessor

í mannfræði, og Þórólfur Þórlindsson, prófessor í félagsfræði. Vefsíða setursins er <http://stofnanir.hi.is/thridjigeirinn/>

Dr. Lars Svedberg, prófessor í félagsráðgjöf og rannsóknarstjóri *Institute for Civil Society Studies* við Ersta Sköndal Háskólann í Stokkhólmi, var boðið til landsins til að halda erindi í tilefni af stofnfundinum. Hann er einn af brautryðjendum í rannsókum á þriðja geiranum á Norðurlöndum, en fyrirlestur hans fjallaði um stöðu þriðja geirans í núverandi efnahagsástandi. Hlusta má á erindi Svedbergs o.fl. og sjá myndir frá opnuninni á vefsíðu setursins (Fréttir).

Á vegum setursins er nú unnið að viðamikilli rannsókn á áhrifum efnahagskreppunnar á frjáls félagasamtök. Einnig eru í undirbúningi málstofur og ráðstefna á vormisseri í tilefni Evrópuárs sjálfbodaliða.

Setrið hefur m.a. samstarf við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands og haldin hafa verið námskeið um stjórnun og rekstur félagasamtaka, markaðsmál og skjalastjórn. Í marsmánuði verður haldið námskeið um lagaumhverfi félagasamtaka.

Það er von okkar að fræðasetrið verði skapandi og frjór vettvangur fyrir alla þá sem hafa áhuga á starfsemi frjálsra félagasamtaka og sjálfbodaliða.

Steinunn Hrafnadóttir, dósent
Félagsráðgjafardeild, Háskóla Íslands.



„Hlutverk talsmannsins er mikilvægt“

*Rætt við Vilborgu Oddsdóttur, Félagsráðgjafa ársins 2011
eftir Valgerði Halldórsdóttur*



Umræða Vilborgar Oddsdóttur, félagsráðgjafa hjá Hjálparstofnun kirkjunnar, um fátækt og þá biðradamenningu sem skapast hefur við matargjafir, hefur vakið sterk viðbrögð í samfélaginu. Ýmist er hún lofuð eða löstuð fyrir framgöngu sína. Lastið beinist einkum

að persónu hennar, meðal annars er hún sögð hafa fæðst með silfurskeið í munni og sökuð um að skorta skilning á stöðu fátækra. Lofið snýr að faglegum vinnubrögðum hennar og því að vekja athygli á stöðu þeirra sem til hennar leita. Félagsráðgjafafélag Íslands tekur undir lofið og hefur ákveðið að útnefna Vilborgu Félagsráðgjafa ársins 2011.

Vilborg ólst upp í verkamannafjölskyldu, sextán ára fór hún á sjóinn og stundaði sjómennsku um hríð, lærði svo þroskaþjálfun og síðar félagsráðgjöf í Danmörku. Í viðtali við tímaritið segist Vilborg þekkja mætavel þá stöðu að vera einstæð móðir í námi og þurfa að velta hverri krónu fyrir sér. Hún er gift, á þrjú börn, stjúpdóttur og stjúpbarnabarn.

Samfélag fyrir alla

„Við þurfum samfélag þar sem rými er fyrir alla og unnið út frá styrkleika hvers og eins,“ segir Vilborg þegar hún er spurð hvers konar samfélag hún vilji sjá á næstu árum. „Þeir sem lifa við fátækt eru ekki einsleitur hópur. Þess vegna er mikilvægt að bæði stjórnáamenn og aðrir varist þá gryfju að ætla einstaklingum einhverja fyrirframgefna eiginleika og getu og reyna að fella þá að úreltum kerfum og úrræðum. Sýna þarf aukinn sveigjanleika og samvinnu á milli kerfa til að koma á móts við ólíkar þarfir hvers og eins.“

Með því að mæta fólki þar sem það er statt hverju sinni og gefa sér tíma til að setja sig inn í mál hvers og eins, aukast líkur á að fólk fái aðstoð við hæfi. En það er áberandi eftir að kreppan skall á að viðtöl eru lengri og fólk hefur mikla þörf fyrir að á það sé hlustað. Með því að gefa fólki tíma til að ræða málin

aukast líkurnar á að það fái viðunandi aðstoð og þá tilfinningu að það skipti máli, en sú tilfinning er öllum manneskjum mikilvæg. Sem menntaðir félagsráðgjafar þurfum við jafnframt að vera reiðubúin til að endurskoða vinnulag okkar ef ekki gengur að vinna með fólki í stað þess að benda á það sem sökudólga og væna það um skort á samstarfsvilja. Maður gengur ekki í gegnum lokaðar dyr, heldur þurfum við að hafa fyrir því að opna þær,“ segir Vilborg til að leggja áherslu á orð sín.

Pólitíkin skiptir máli

„Í félagsráðgjafanámi mínu í Danmörku var lögð áhersla á pólitíska virkni og gagnrýna hugsun – bæði

Félagslegar skyldur

Félagsráðgjafi kynnir menntun sína og störf með tilhlýðilegum hætti. Félagsráðgjafi skýrir frá því þegar hann kemur fram opinberlega hvort hann kemur fram fyrir eigin hönd sem einstaklingur, sem fagmanneskja, fyrir hönd fagfélags síns eða þá stofnun sem hann starfar við.

Félagsráðgjafi er sér ávallt meðvitaður um markmið þeirrar starfsemi sem hann tekur þátt í og vinnur á grundvelli gildandi laga, reglna og fyrirmæla, stríði það ekki gegn siðfræði félagsráðgjafar.

Félagsráðgjafi miðlar þekkingu sinni sem víðast, til annarra félagsráðgjafa, félagsráðgjafanema, annarra fagmanna og alls almennings.

Félagsráðgjafi vinnur að því að skapa traust almennings á félagsráðgjöf og faglegri hæfni félagsráðgjafa

(Úr siðareglum félagsráðgjafa)

á sjálfan sig og umhverfið. Það er eitt af mörgum mikilvægum hlutverkum okkar félagráðgjafa að vera talsmenn þeirra sem til okkar leita og okkur er ætlað að aðstoða. Sá tími sem fer í að vekja athygli á þeim málaflokki sem við störfum við og að berjast fyrir mannréttinum er vel varið. Það er mikilvægur þáttur í að finna ný og viðeigandi úrræði. Mikilvægt er að við séum trúverðug og með réttar upplýsingar, og því er skráning nauðsynleg um leið og við verðum að gæta þess að týna okkur ekki í pappírsvinnu.

Ég hef verið svo lánsöm að starfa undir stjórn góðra yfirmanna og fengið tækifæri til að sækja þekkingu og upplýsingar til útlanda, og það hef ég getað nýtt mér í starfi mínu. Mikilvægt er að fagfólk fái tíma og leyfi til að læra og fara nýjar leiðir í leit að úrræðum. Við þurfum nýjar lausnir sem gefa fólki svigrúm í stað þess að halda í gömul kerfi sem halda fólki föstu þegar breytingar eru nauðsynlegar til að það öðlist betra líf. Klæðskerasníða þarf lausnir í auknum mæli, lausnir sem taka mið af þörfum hvers og eins.“

Hlutverk félagráðgjafans sem talsmanns er mikilvægt og því spyrjum við Vilborgu að lokum hvort hún hafi hugsað sér að fara út í pólitík, jafnvel framboð? „Já, því ekki það, ég hef verið að velta fyrir mér nafninu „Reynslubandalagið“ á nýju framboði,“ segir Vilborg.

MA-TIL STARFSRÉTTINDA 2010

Fjölskyldur ungmenna sem leiðast út í neyslu áfengis og fíkniefna - eru sameiginleg einkenni?

Upplýsingagjöf til eftirlifandi.

Nemandi: Erla Guðrún Sigurðardóttir.
Leiðbeinandi: Anni G. Haugen.

Lagður var spurningalisti fyrir 36 einstaklinga á aldrinum 18-25 ára sem voru í endurhæfingu eftir vímuefnaneyslu. Saga um vímuefnavanda í fjölskyldu var til staðar í yfir 80% tilvika og meirihluti þess foreldrahóps hafði sótt áfengis- og vímuefnaferð. Um helmingur hafði fleiri en 10 áhættuþætti í fjölskyldu. Lagt er til að efla getu til úrlausnar vanda, samskipta, tilfinningalegrar tjáningar og viðbragða og stjórnun á hegðun.

MA-TIL STARFSRÉTTINDA 2010

„Mig langar bara að lifa eðlilegu lífi.“

Upplifun og aðstæður hælisleitenda á Íslandi

Nemandi: Helena N. Wolimbwa.
Leiðbeinandi: Guðný Björk Eydal.

Rannsóknin fjallar um upplifun hælisleitenda og starfsmanna af málsmeðferð hælisleitenda hérlendis. Niðurstöður leiða í ljós mismunandi skoðanir og tilögur um bættu þjónustu. Hælisleitendur upplifa aðgerðarleysi og félagslega einangrun og töldu erfitt að hefja aðlögun að íslensku samfélagi meðan þeir bíða úrlausnar mála og óvissa ríkir um framtíð þeirra.

MA-TIL STARFSRÉTTINDA 2010

Fæðingarþunglyndi og tengslamyndun.

Nemandi: Sara Dögg Gylfadóttir.
Leiðbeinandi: Sigrún Júlíusdóttir.

Tekin voru viðtöl við sex mæður um upplifun þeirra af fæðingarþunglyndi og áhrifum á tengslamyndun við nýja barnið og við fjóra starfsmenn um sýn þeirra vandann. Allar mæðurnar upplifðu góða tengslamyndun við barnið, flestar þeirra eiga í erfiðleikum með tengsl við eigin móður og fáar upplifa stuðning frá fjölskyldu. Flestar konurnar áttu börn sem voru óvær eða með magakveisu.

MA-TIL STARFSRÉTTINDA 2010

Hvað svo?

Upplýsingagjöf til eftirlifandi.

Nemandi: Margrét Arngrímsdóttir.
Leiðbeinandi: Steinunn Hrafnadóttir.

Verkefnið fólst í viðtölum við þrjú einstaklinga og sex starfsmenn um missi, upplýsingagjöf og stuðning til eftirlifandi. Fram kom að misjafnlega gekk að nálgast upplýsingar sem þurfti þó töluvert sé til af bæklingum og vefsíðum. Meðal úrbóta var nefnt að senda bréf eða afhenda bækling þar sem það helsta væri kynnt.

RITSTJÓRNARSTEFNA

Tímarit félagsráðgjafa er vettvangur fyrir kynningu á faglegu efni, niðurstöðum rannsókna, þróunarverkefnum og öðrum fræðilegum efnivið á sviði félagsráðgjafa. Ritstjórn metur gæði alls innsends efnis og fær nafnlausu aðila til að meta greinar sem höfundar óska eftir að fá ritrýndar.

Tímaritið er gefið út í nánu samstarfi við stjórn *Félagsráðgjafafélags Íslands* og kemur að jafnaði út einu sinni á ári. Sérhefti í umsjón utanaðkomandi ritstjóra um þemu, aðferðir eða málaflokk eru gefin út ef tilefni er til.

Meginmarkmið *Tímarits félagsráðgjafa* er að miðla nýþekkingu í félagsráðgjöf, efla fræðilega og faglega stöðu greinarinnar og stuðla þannig að traustari grunni hennar til að auka gæði félagsráðgjafarþjónustu.

Bakhjarl tímaritsins er *fagráð* skipað fjölmönnum hópi félagsráðgjafa af ólíkum sérsviðum. Með því er fulltrúum sviða ætlað að fylgjast með rannsóknum, verkefnum og þjónustuþróun á sínu sviði og hvetja til kynningar á því með greinaskrifum og viðtölum ásamt samantektum af ráðstefnum og öðrum faglegum viðburðum.

Tímarit félagsráðgjafa birtir umfjöllun um nýútkomnar erlendar og íslenskar fag- og fræðibækur ásamt kynningu á nýjum meistara- og doktorsritgerðum. Þá eru bálkar um starfsemi m.a. *Félagsráðgjafafélags Íslands*, *Félagsráðgjafardeildar Háskóla Íslands* og *Rannsóknastofnunar í barna – og fjölskylduvernd*.

Vinnuferli við ritrýni

Ritrýndar greinar þurfa samþykki ritstjórnar áður en þær eru sendar ónafngreindar til ritrýna. Þeir koma oftast úr röðum félagsráðgjafa, en einnig er leitað út fyrir greinina ef við á. Ritrýnar fylgja þar til gerðu matsblaði og rita umsögn um styrkleika og veikleika greinar hvað varðar gæði fræðilegs efnis og framsetningu þess, ásamt með tilmælum um hvort greinin verði samþykkt til birtingar óbreytt, hvað þurfi að endurbæta eða hvort henni skuli hafnað. Greinum sem ekki standast kröfur að mati ritrýna er hafnað af ritstjórn. Ritstjórn áskilur sér rétt til að gera minniháttar breytingar á framsetningu á texta við lokafrágang alls birts efnis.

Námskeið um ritrýni

Á vormisseri býður ritstjórn TF í samvinnu við FÍ, upp á ör-námskeið (4 klst.) um ritrýni, markmið og tækni. Áhugasömum er bent á að skrá sig hjá Félagsráðgjafafélagi Íslands (felagsradgjof@felagsradgjof.is).

Sameiginleg norræn ráðstefna um velferðarmál og fagmennsku á umbrotatímum.
Hvernig er staðan og hvert stefnum við?



Verið velkomin á fyrstu sameiginlegu norrænu ráðstefnuna í Reykjavík 11. – 13. ágúst 2011

Félagsráðgjafafélag Íslands, Þroskaþjálfafélag Íslands, ÍS-Forsa (Samtök um rannsóknir í félagsráðgjöf), Námsbraut í þroskaþjálfun við Háskóla Íslands og Félagsráðgjafadeild félagsvísindasviðs Háskóla Íslands standa saman að skipulagningu ráðstefnu í samstarfi við Norrænt samband þroskaþjálfara, Norrænt félag félagsráðgjafa, Forsa á Norðurlöndum og Norrænt félag skóla um menntun félagsráðgjafa.

Ráðstefnan er kjörinn vettvangur til að ræða hugmyndir, stefnumótun, vinnulag og rannsóknir í Norrænu ljósi. Undirbúningsaðilar óska eftir fjölbreyttum framlögum frá fræðimönnum, stjórnmálafólki og sérfræðingum sem hafa áhuga á velferðarríkinu, efnahagskreppunni og fagmennsku.

Mikilvægar dagsetningar 2011

- 1. febrúar Lokadagur til að skila inn útdrætti
- 1. apríl Upplýsingar sendar út um hvort útdrættir eru samþykktir eða hafnað
- 15. júní Lokadagur til að skrá sig á lægra þáttökugjaldi



Ráðstefnustaður:
Grand hótél Reykjavík
Sigtúni 38, 105 Reykjavík.

Vefsíða ráðstefnunnar: www.yourhost.is/welfare2011

Ráðstefnuskrifstofa: **GESTAMÖTTAKAN**  **YOUR HOST IN ICELAND** | gestamottakan@gestamottakan.is



Félagsráðgjafafélag Íslands